



FRÍTT

FRÉTTA BLAÐIÐ

9. desember 2007 – 335. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Englar á hvíta tjaldið

True North og Vesturport vilja kvikmynda trylli Þrains Bertelssonar.

FÓLK 50



Brautarholtskirkja er 150 ára

Minnsta og yngsta sóknin með elstu timburkirkjuna.

TÍMAMÓT 12



Á niðurleið

Herra Ísland lækkar með hverju árinu.

FÓLK 38




Skellur hjá Liverpool

Liverpool er sjö stigum á eftir Arsenal eftir 3-1 tap í Reading.

ÍÞRÓTTIR 44



VEÐRIÐ Í DAG



Frost um allt land Hæg breytileg átt, frost um allt land og bjart, en él við suðvesturströndina síðdegis.

VEÐUR 4

Fólki haldið föngnu heima

Húsbrot- og hótanamálum hefur fjölgað síðastliðinn áratug. Málin eru oft persónulegur ágreiningur en mjög alvarleg tilfelli hafa komið upp. Yfirlögregluþjónn segir dæmi um að fólki sé haldið föngnu á eigin heimili.

LÖGREGLA „Húsbrot birtist okkur sem mikil ógnun við fólk. Þetta eru mjög alvarleg brot í mörgum tilvikum þar sem fólk er hótad eða ógnað með einhverjum hætti. Öfbeldi er beitt í sumum tilfellum þegar gerandinn vill ná fram vilja sínum,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu. Frá árinu 1999 hafa 1.880 húsbrot verið kærð til lögreglu. Húsbrotamálum tengjast einnig hótanamál sem voru á fjórða þúsund á sama tímabili.

Húsbrotum og málum vegna alvarlegra hótana hefur fjölgað mikið á undanförunum tíu árum samkvæmt afbrotatölfræði árs-skýrslu ríkislögreglustjóra árið 2006. Húsbrot voru þannig 187 árið 1999 en 291 árið 2005.

Aðspurður hverju þetta sæti segir Geir Jón að húsbrot séu málaflokkur þar sem hvert og eitt mál sé mjög ólíkt. Hann vísar til þess að í mörgum tilfellum sé um að ræða fólk sem tengist nánum böndum, eins og til dæmis fyrrverandi sambýlisfólk eða hjón. „Svo eru það mál þar sem ruðst er inn á fólk með mjög öfga-fullum hætti og fólki jafnvel haldið föngnu á eigin heimili.“

Geir Jón hefur trú á því að aukin harka í samskiptum fólks í mikilli neyslu tengist jafnvel fjölgun húsbrot. Þar hafa komið upp mál vegna handrúkkana þar sem hópur fólks ryðst inn í þeim tilgangi að fá greidda skuld.

Dómar sem hafa gengið í málum sem tengjast húsbroti

KÆRD MÁL VEGNA HÚSBROTA OG HÓTANA

	Húsbrot	Hótanir
1999	187	337
2000	166	379
2001	182	383
2002	185	419
2003	201	473
2004	221	371
2005	291	427
2006	263	408
2007*	184	310
Alls:	1880	3507

*Bráðabirgðatölur fyrir 1. jan.-30. nóv. 2007

sýna mikla öfgar. Í maí síðastliðnum var til dæmis mál tekið fyrir í Hæstarétti þar sem þrír menn höfðu ráðist inn í íbúð fyrr-

verandi samstarfsmanns eins þeirra vopnaðir öxi. Húsbrotið kom í kjölfar alvarlegra hótana í gegnum síma, þar sem meðal annars var hótad barsmiðum og að viðkomandi yrði skotinn með byssu, færi hann ekki að vilja hinna ákærðu.

Geir Jón staðfestir að mál vegna húsbrot og hótana fari oft saman. „Það er mjög mikið um símahótanir og hótanir í gegnum tölvupóst. Alvarlegustu tilföllin eru þegar fólk er hótad beint.“ Geir Jón segir ástæður þessara mála vera persónulegs eðlis, vegna viðskipta og oft séu hótanir ein aðferð handrúkkana til innheimtu. „Þetta eru oft mjög erfið mál og reynir mikið á þá sem í þessu lenda,“ segir Geir Jón. - há



KYNDLAGANGA Í VIÐEY Um hundrað manns fylgdust með í gær er kveikt var á friðarsúlunni í síðasta sinn á árinu og var hinn ungi Ísak Þórisson meðal þeirra. Honum fannst kyndlagangan skemmtileg og friðarsúlan vera flott enda hefur hann heimsótt Yoko Ono í New York.

FRÉTTA BLAÐIÐ/VILHELM

27 ár liðin frá því að bitillinn John Lennon var myrtur í New York:

Slökkt á friðarsúlunni í Viðey

FÓLK Slökkt var á friðarsúlunni í Viðey í gær við hátfölega athöfn. Lauk þar með fyrsta tveggja mánaða tímabilinu sem kveikt var á verkinu.

Dagsetningin var táknræn þar sem í gær voru liðin 27 ár frá því að bitillinn John Lennon var skotin til bana fyrir utan heimili sitt og eiginkonu sinnar, Yoko Ono, í New York. Atburðarins var minnst víða um heim og í Viðey var slökkt

á friðarsúlu Yoko Ono sem nefnist „Imagine Peace Tower“ en kveikt var á súlunni í fyrsta sinn á fæðingardegi Lençons 9. október síðastliðinn.

Ætlunin er að láta framvegis loga á friðarsúlunni milli fæðingar- og dánardægurs Lençons en auk þess verður hún tendruð við sérstök tilefni.

Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá í Viðey sem bar yfirskriftina

„Minn friður – þinn friður“. Friðarstund var haldin í Viðeyjar-kirkju síðdegis og í kjölfarið var kyndlaganga að listaverkinu þar sem um hundrað manns fylgdust með er kveikt var á súlunni í síðasta sinn á þessu ári. Sigt var að verkinu um kvöldið og það skoðað frá sjó og lék Einar Ágúst Víðisson bítlalög undir á meðan. Því næst var aftur haldið í kyndlagöngu að súlunni og slökkt á henni. - hs

Næturklúbbur í London: Kokteill á 4,4 milljónir króna

ENGLAND Þrátt fyrir viðvaranir enskra hagfræðinga um erfiða tíma framundan og áhyggjur af fasteignamarkaðnum er munaðarvara enn í boði á Englandi.

Næturklúbbur í London kynnti í gær heimsins dýrasta jólakokteill en glasið af honum kostar 35.000 pund eða um 4,4 milljónir króna. Movida-klúbburinn er vinsæll meðal fræga fólksins og hinna ofurríku og hafa klúbbnum nú þegar borist nokkrar pantanir að drykknum sem ber heitið „Gallalaus“ eða „Flawless“, eins og það útleggst á frummálinu.

Í kokteilnum er Loðvíks XII koníak, hálf flaska af Cristal Rose kampavíni, púðursykur, Angostura bitterbrennivín og nokkrar flögur af 24 karata ætum gulllaufum. Drykknum er lýst sem hlýlegum og ferskum en það er þó ekki ástæðan fyrir svimandi háu verðinu. Á botni kristalsglassins er 11 karata hvítademantshringur. - hs



Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN

Stubbahús.is

Nýtt!

Stubbahúsin vinsælu fyrir utanhúss reykingarnar. Frábær hönnun, fást nú í 3 stærðum.

Pöntunarsími: 564 1783 / 896 1783

NEXUS

AUKA BLAÐ Í DAG

DVD JÓLAMARKAÐUR

BÍÓMYNDIR: 1000+ TITLAR
SJÓNVARPSSERÍUR: 200+ TITLAR
OPNAR MÁNUDAGINN 10. DES KL. 12:00

SPURNING DAGSINS



Kjartan, eruð þið bara fylu-púkar hjá Orkuveitunni?

„Það er einhver lykt af þessu máli.“

Brennisteinslykt frá virkjunum Orkuveitunnar hefur fundist í Reykjavík og Hvergerðingar óttast mikla lyktarmengun frá fyrirhugaðri Bitruvirkjun. Kjartan Magnússon er í stjórn Orkuveitunnar.

Mannréttindabrot gagnrýnd: ESB þrýstir fast á Simbabwe

PORTÚGAL Kanslari Þýskalands, Angela Merkel, talaði opinberlega gegn kúgun og mannréttindabrotum í Simbabwe á fundi evrópskra og afrískra leiðtoga í Portúgal.

Þátttaka Mugabe, forseta Simbabwe, sem sætir ferðabanni til ESB-landanna, hefur sett mikinn svip á aðdraganda fundarins. Merkel fordæmdi stefnu Mugabes og sagði að hann ylli skaða á mynd hinnar nýju Afríku. Sagði hún að ekki væri hægt að líta undan þegar traðkað væri á mannréttindum.



FANGABÚÐIR Bandarísk stjórnvöld segja erlenda ríkisborgara sem hafðir eru í haldi utan Bandaríkjanna hafa engin viðurkennd stjórnarskrárréttindi.

NORDICPHOTOS/AFP

Fangabúðirnar í Guantánamo:

Fjórir fangar látnir lausir

KÚBA Fjórum af fimm föngum í fangabúðunum við Guantánamoflóa sem búsettir eru í Bretlandi verður brátt sleppt. Bresk stjórnvöld fóru í ágúst fram á að öllum mönnum yrði sleppt eftir að hafa áður neitað að skerast í leikinn þar sem mennirnir voru ekki breskir ríkisborgarar.

Flutningurinn hefur ekki enn verið staðfestur og nákvæm dagsetning er óljós. Lögmaður mannanna, Clive Stafford, segir þó að samningurinn sé tryggður og að fangarnir fjórir muni snúa heim. Óvíst sé hvenær það verður þar sem málinu fylgi mikil skriffráttir af hendi Bandaríkjamanna.

Reiknaðar spár fyrir aðfangadag og jóladag sýna lágþrýst svæði og hlýindi:

Búist við rauðum jólum

VEÐUR Margir hafa áhuga á að vita hvernig kemur til með að víðra um jólin og snýst þá aðalspurningin oftast en ekki um hvort jólin verða rauð eða hvít. Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur veitti okkur innsýn í komandi veðurfar.

„Það eru komnar reiknaðar spár fyrir aðfangadag og jóladag og þær gefa tilefni til að ætla að í aðdraganda jóllanna verði talsvert hlýtt, sér í lagi á sunnanverðu landinu, og því eru yfirgnæfandi líkur á rauðum jólum sunnalandi,“ segir Sigurður.

„Á Norðurlandi eru hins vegar töluvert meiri líkur á nettum snjóalögum í innsveitum. Þar eru

því meiri líkur á hvítum jólum.“ Horfur eru á að lágþrýst verði í kringum landið sem þýðir einhvern lægðagang og hlýindi. „Þó að það sé frost og kalt þessa dagana þá er sá kuldagangur ekki sjáanlegur í aðdraganda jóllanna,“ segir Sigurður þótt enn sé möguleiki á snjó fyrir norðan. Veðrið verður væntanlega fremur milt og hiti þrjú til sex stig og jafnvel smá rigning. „Ef þessi spá helst þá verður ekki vandamál að ferðast á milli landshluta en ég legg auðvitað áherslu á að menn fylgist með spám þegar nær dregur,“ segir Sigurður og telur veðrið vera í takt við hlýnandi loftslag.



SIGGI STORMUR Sigurður spáir rauðum jólum um sunnanvert landið en hugsanlegum snjóalögum norðan til í innsveitum. Síðastliðin ár hefur veðurfar um jólin verið svipað og er það í takt við hlýnandi veðurfar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjung fyrir heimilislausu:

Leita að stað fyrir smáhýsi

FÉLAGSMÁL Velferðarráð Reykjavíkur hefur óskað eftir því að borgin finni hentugan stað fyrir færánleg smáhýsi handa utan-garðsfólki.

Velferðarráð segir smáhýsin auka fjölbreytileika í þjónustu við heimilislausu. „Með því er hægt að koma til móts við þarfir ákveðins hóps innan heimilisláusra sem hingað til hefur gengið erfiðlega að koma til móts við,“ segir í greinargerð. Velferðarráð vill að smáhýsin verði nálægt hvert öðru til að auðvelda þjónustu við fóbia þeirra. Til stendur að kaupa fjögur eða fimm hús til viðbótar.

- gar

Látin í viku áður en hún fannst í Hátúni

Fara á yfir öryggi og þjónustu í íbúðum Öryrkjabandalagsins í Hátúni eftir að kona hafði fundist látin í íbúð sinni rúmri viku eftir að hún dó. Dánarorsökin er ókunn. Íbúar eru slegnir og formaður Öryrkjabandalagsins harmar atburðinn.

LÖGREGLUMÁL Kona um fimmtugt fannst látin í íbúð sinni í Hátúni 10 á miðvikudag. Talið er að hún hafi verið látin í rúma viku áður en líkið fannst.

Lögreglan rannsakar nú andlát konunnar sem búið hafði í íbúðinni frá því í júní í sumar. Opnað var inn í íbúð hennar eftir að farið var að óttast um hana.

Íbúðirnar í fjölbýlishúsinu í Hátúni 10 eru reknar af hússjóði Öryrkjabandalagsins. „Ég harma mjög þennan atburð,“ segir Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins. Hann segir það sem gerst hafi sérstaklega mikil vonbrigði í ljósi þess að fyrir tveimur árum hafi önnur kona í húsinu fundist látin eftir að hafa legið látin í íbúð sinni í um tvær vikur.

„Þá kallaði ég saman stjórnenda hússjóðs Öryrkjabandalagsins og þá aðila sem bera ábyrgð á þjónustunni og krafðist þess að gripid yrði til viðeigandi ráðstafana þannig að það væri lágmarkuð áhætta á því að slíkt gæti gerst aftur,“ segir Sigursteinn sem líkt og fyrir tveimur árum hefur rætt við þá sem komu að málum í Hátúni. „Ég mun fara yfir það með þessum aðilum í næstu viku með hvaða hætti var brugðist við í fyrra skiptið og hvaða öryggisráðstafanir voru gerðar í framhaldi af þeim atburði.“

Sigursteinn, sem frétti fyrst af málinu síðdegis á föstudag, segir að svara þurfi hvaða þjónustu konan hafi átt rétt á og hvaða þjónustu hún hafi notið. Fyrir liggja að hún hafi hvorki haft heimabjónustu né nýtt sér heilbrigðisþjónustu sem sé í boði í Hátúni.



HÁTÚN 10 Fyrir tveimur árum fannst kona látin í þessu húsi í Hátúni eftir að hafa verið látin í rúma viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



INNSIGLI LÖGREGLU Andlát konunnar er til rannsóknar hjá lögreglunni sem hefur innsiglað íbúð hennar.



SIGURSTEINN MÁSSON

um og því ætla ég að fylgja eftir,“ segir Sigursteinn.

Nágrannar konunnar í Hátúni segjast slegnir yfir því sem gerst hafi. Maður sem býr á sama gangi og konan sem lést lýsir kringumstæðum við andlát hennar sem skelfilegum.

Hjá lögreglu fengust þær upplýsingar að dánarorsök konunnar væri enn til rannsóknar. Engin grunur væri um afbrot. Konan lætur eftir sig börn, systkini og foreldra.

- gar



S-KÓREA Suður-kóreskir sjálfbóðaliðar hreinsa upp strandlengjuna í Mallipo.

Umhverfisslys vegna olíuleka:

Olíubrák ógnar Suður-Kóreu

S-KÓREA Olía úr skemmdu tankskipi hefur náð vesturströnd Suður-Kóreu og er olíubrákin stutt frá verndarsvæði.

Neyðarsveitir í Taean-héraði berjast við að koma í veg fyrir að brákin, sem er nú um 20 km löng, skaði dýralíf og verðmætan sjávarbúskap. Meira en 10.000 smálestrir af olíu láku úr sjóinn eftir að 146.000 tonna olíuflutningaskip, Hebei Spirit, lenti í árekstri við pramma.

Samkvæmt sjávarútvegsráðuneyti Suður-Kóreu var skipið við festar þegar það lenti í árekstri við iðnaðarpramma.

- hs

Hornfirðingar ósáttir:

Lögreglan á Höfn veikari

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur skorað á Björn Bjarnason dómismálaráðherra að endurskoða breytingar á lögregluáætlun.

„Það er skoðun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar að markmið breytinganna um hagræðingu og eflingu starfseminnar hafi ekki náðst á Swuðauurlandi. Þvert á móti hafi breytingarnar veikt starfsemi lögreglunnar á Hornafirði og bæjarstjórn minnir á að Höfn er fjölmennasti þéttbýliskjarninn innan lögregluáætlunarsýslumannsins á Eskifirði,“ segir í áskorun Hornfirðinga.

- gar

Handþrykkt grafíkverk eftir Erró voru gefin með bók:

Fyrstu 50 fengu verk eftir Erró

FÓLK Röð myndaðist fyrir utan verslun Máls og Menningar á Laugaveginum í morgun þegar gefin voru fimmtíu listaverk eftir Erró.

Verkin fylgdu með fyrstu fimmtíu bókunum „Erró í tímaröð: Líf hans og list“ sem er ítarlegt yfirlitsrit yfir verk hans og ævi eftir Danielle Kvaran. Þetta voru handþrykkt grafíkverk og átti Erró sjálfur hugmyndina að gjöfunum.

Inga Rún Sigrúnardóttir aðstoðarverslunarstjóri sagði að fyrir klukkan átta hefði verið komin myndarleg röð og fengu fyrstu fimmtíu miða með númeri upp á listaverk og voru að vonum ánægðir. Um sjötíu manns stóðu í röðinni snemma í gærmorgun og voru því ekki allir svo heppnir að fá listaverk en nóg var til af bókinni.

- hs



ÖRTRÖÐ Í MÁL OG MENNINGU Fimmtíu heppnir listunendur fengu listaverk eftir Erró að gjöf með bókinni um hann. Biðröð myndaðist fyrir utan Mál og Menningu áður en verslunin opnaði í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


SJÓRÆNINGJAFRÆÐI

Lubber skipstjóri er á hælunum á sjóræningjanum **Arabellu Drummond** og einkennilegum félögum hennar.

Sjóræningjafraeði er af sama meidi og hin geysivinsæla **Drekafræði**, sem seldist upp í fyrra haust en er loks fáanleg á ný.



BJARTUR



ENEMM / SIA / INSEIG

SkjárBíó – vídeóleiga í Sjónvarpi Símans

Í SkjárBíói geturðu valið úr yfir 1100 titlum til leigu auk þess sem þú hefur aðgang að fjölbreyttu úrvali af barnaefni, sjónvarpsþáttum og bíómyndum á 0 kr.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn 



Sími



Netið



Sjónvarp

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	61,50 61,80
Sterlingspund	125,00 125,60
Evra	89,98 90,48
Dönsk króna	12,063 12,133
Norsk króna	11,215 11,281
Sænsk króna	9,569 9,625
Japanskt jen	0,5514 0,5546

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,0918
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Úttekt leiðir í ljós framfarir á sambýli fyrir heimilislausa þótt aðstaðan sé slæm:

Betri matur á Miklubraut 18

FÉLAGSMÁL Íbúar í sambýlinu á Miklubraut 18 segja matinn sem þar er boðið upp á vera betri en hann var í fyrra. Þetta kemur fram í úttekt Velferðarsviðs Reykjavíkur.

Stuðningsbýli fyrir heimilislausa hefur verið rekið á Miklubraut 18 í rúm fjögur ár. Kristilegu samtökin Samhjálp annast reksturinn samkvæmt samningi við félagsþjónustuna. Pláss er fyrir átta manns á heimilinu.

Ný úttekt á starfsemi byggir á samtölum við starfsmann á Miklubraut 18 og við heimilismenn sjálfa og félagsráðgjafa þeirra. Sambærileg úttekt í fyrra leiddi í



MIKLUBRAUT 18 Átta heimilislausir búa á sambýlinu sem opnað var á Miklubraut 18 í ágúst 2003.

Ljós að heimilismenn töldu að stundum væri borinn skemmdur matur á borð fyrir þá.

Að sögn íbúanna hefur þetta

breyst þótt heiti maturinn sem boðið sé upp á sé misgóður. Þeir lögðu þó áherslu á að gagnrýni á matinn beindist alls ekki að matráðskonunni hússins. Hún væru lífið, hjartað og sálin í húsinu.

Ráðgjafar sögðu aðstöðuna á Miklubraut vera slæma og viðhaldi hússins ábótavant. Flestir þeirra voru sammála um að starfsemi mótaðist af því að vera rekin af kristilegum samtökum. Það sögðu íbúarnir líka en tóku fram að þeir teldu það ekki há starfsemi. Flestir eru þeir í vinnu eða endurhæfingu og gengur vel að vinna að markmiðum sem þeir hafa sett sér.

Landamæraborg í Mexíkó:

Grafið upp úr fjöldagröfum

MEXÍKÓ, AP Stjórnvöld í mexíkósku landamæraborginni Ciudad Juárez hafa ákveðið að láta grafa upp meira en fjögur þúsund lík úr fjöldagröfum og greina erfðaefti þeirra svo hægt verði að bera kennsl á líkin.

Tilgangurinn er meðal annars sá að upplýsa um slæg vinnubrögð lögreglunnar, sem er sökuð um að hafa ekki rannsakað nægilega fjölda morðmála og mannhvarfa.

Líkin voru grafin á árabílinu 1991 til 2005. Upplýsingarnar verða geymdar í gagnagrunni en líkamslifarnar síðan grafnar á ný, og fær þá hvert lík sína gróf.



MANNFALL Í ÍRAK Uppreisnarmenn réðust í gær á bækið norður af Bagdad og drápu í það minnsta sjö manns.

NORDICPHOTOS/AFP

Uppreisnarmenn í N-Írak:

Sjö láta lífið í sjálfsmorðsárás

ÍRAK Að minnsta kosti sjö létust í bílasprengingu sjálfsmorðsárásarmanns í bænum Baiji í norðurhluta Íraks.

Árásin átti sér stað snemma í gærmorgun og í það minnsta ellefu særðust að auki. Árásinni var beint að byggingu öryggis-sveita Bandaríkjamanna og íraskra hersveita. Fjórir þeirra sem létust voru meðlimir öryggis-sveitanna en þrír voru borgarar.

Á föstudaginn voru tvær sjálfsmorðsárásir í nærliggjandi héraði, Diyala, en þar létust 26 manns. Árásir uppreisnarmanna í Norður-Írak hafa aukist eftir að öryggissveitir neyddu þá frá mið- og vesturhéruðum Íraks.

RÚSSLAND

Fjölga ekki hermönnum

Aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands segir að Rússar muni ekki fjölga hermönnum við vesturlandamæri sín ef NATO lætur hernaðaruppbyggingu eiga sig. Vladímír Pútín hefur sagt upp samningi um takmörkun hefðbundins herbúnaðar í Evrópu.

NÁTTÚRA

Skeiðarárhlaup í rénum

Svo virðist sem hlaupið í Skeiðará hafi náð hámarki síðdegis á föstudaginn. Gunnar Sigurðsson sérfræðingur hjá Orkustofnun segir að hlaupið hafi verið lítið.

Kvef og hiti gefur grænt ljós á fjarvist

Norðurlandabúar telja í lagi að vera heima frá vinnu vegna kvefs og hita og eineltis á vinnustað. Atvinnurekendur í Danmörku og Noregi telja fjarvist í rúmar tvær vikur í lagi en á Íslandi og í Finnlandi er aðeins í lagi að vera heima í viku.

VINNUMARKAÐUR Skoðanir á veikindafjarvistum á vinnumarkaði eru skiptar milli Norðurlandabjóðanna. Danir eru frjálslýndastir hvað varðar fjarvist frá vinnu vegna veikinda en Finnar og Íslendingar eru íhaldsamastir. Þetta kom fram í könnun sem gerð hefur verið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnulíf og þróun veikindafjarvista á Norðurlöndunum.

Flestir Norðurlandabúar eru þeirrar skoðunar að það sé í lagi að vera heima þegar maður er með kvef og hita, eða fimmtungur aðspurðra. Einnig þykir í lagi að vera heima þegar nánir fjölskyldumeðlimir þurfa á umsjón að halda og sömuleiðis ef um einelti er að ræða á vinnustað. Í þeim tilfellum þykir líka í lagi að vera lengst frá vinnu eða í 21 dag. Tólf prósent svarenda telja ekki í lagi að vera heima með kvef og hita.

Afgerandi verst þykir að vera heima frá vinnu vegna timburmanna og mikillar drykkju daginn áður. Mikill meirihluti Norðmanna, eða 81 prósent, telur að fólk eigi ekki að melda sig veikt vegna timburmanna og þrír af hverjum fjórum Finnum eru á þessari skoðun. Ekki þykir gott að vera heima vegna svefnleysis nóttina áður eða vegna óánægju með aðstæður á vinnustað.

Þegar ástæður veikindafjarfalla eru skoðaðar er lítil munur á milli Norðmanna, Svía, Íslendinga og Finna. Í Danmörku eru langjávæðust viðhorf til veikindafjarfalla af þjóðunum fimm.

Viðhorf til fjarvista eru mis-



FRÁ VINNU Í VIKU Á ÍSLANDI Fimmti hver Norðurlandabúi telur í lagi að vera heima frá vinnu ef maður er með kvef eða hita en tíundi hver telur það ekki í lagi. Atvinnurekendur í Danmörku eða Noregi telja í lagi að vera frá vinnu í sextán til sautján daga en atvinnurekendur í Finnlandi og á Íslandi samþykkja bara fjarvist frá vinnu í upp undir viku. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint.

jöfn milli kynja og eins milli aldrurshópa. Þannig hafa konur frekar skilning á fjarvistum en karlar og þeir yngri frekar en þeir eldri. Menntun hefur einnig áhrif á viðhorfin og sömuleiðis hvort svarendur vinna hjá hinu opinbera eða á almennum markaði. Þeir sem vinna í stórum fyrirtækjum samþykkja til dæmis frekar fjarvistir frá vinnu en þeir sem vinna í litlum fyrirtækjum.

Atvinnurekendur í Danmörku og Noregi taka fjarvistartilkyningum betur en atvinnurekendur í hinum löndunum óháð ástæðum. Þeir hafa skilning á fjarvistum í minnst sextán daga en atvinnurekendur í Finnlandi og á Íslandi hafa minnstan skilning á fjarvistum og samþykkja bara fjarvistir í allt að viku.

ghs@frettabladid.is



HARMAR ATLÖGU Sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju harmar „atlögu gegn kristni og kirkjunni í landinu“ að undanfögnu.

Seltjarnarneskirkja:

Kristni orðin feimnismál?

KIRKJUMÁL Sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju harmar þá atlögu sem hún telur að gerð hafi verið gegn kristni og kirkjunni í landinu að undanfögnu.

Í yfirlýsingu frá nefndinni segir að svo sé að sjá sem hreinsa eigi skólana af kristinni fræðslu og fara með orðið „kristinn“ sem feimnismál. „Það hefur verið dapurlegt að verða vitni að þessu í aðdraganda aðventunnar,“ segir í yfirlýsingu. „Sá er illa læs á íslenska sögu sem ekki er læs á kristið mál. Menningaráhrif kristindómsins eru mikil og margvísleg hér á landi,“ segir í yfirlýsingu.

ghs

Fjárhagsáætlun Garðabæjar:

Hvetja til íþróttaiðkunar

GARÐABÆR Afsláttur af fasteignasköttum eldri borgara og öryrkja hækkað ásamt hvatapingum til íþrótt- og tómstundastarfs barna í Garðabæ á næsta ári. Framkvæmdir munu einnig hefjast við nýjan miðbæ í Garðabæ, samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins árið 2008 sem lögð var fram í bæjarstjórn fyrir heli.

Hvatapingarnir hækka úr tuttugu þúsund krónum á barn í 25 þúsund, og er einnig lagt til að þeir verði greiddir til átján ára aldurs í stað sextán ára.

sp

VÖNDUÐ HÚSGÖGN

SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA



BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL AF TUNGUSÓFUM Á HAGSTÆÐU VERÐI

Fakta tungusvefnisófi (Stærð: 237 x 160 sm)
Hægt að velja hvoru megin tungan er. Fæst einnig sem hornsófi
Verð kr. 109.900,-

OPNUNARTÍMI:
MÁN. - FÖS 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 - 16:00
SUNNUGAGA 13:00 - 16:00

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • Sími: 534 1400 • WWW.SETT.IS


VEÐURSPÁ

BJART FRAMAN AF DEGI Það má búast við áframhaldandi frosti um allt land í dag með smá eljagangi við suðvestur- og suðausturströndina. Á morgun hlýnar ört, fyrst á Suðvesturlandi. Vindáttir eru aust- eða norðaustlægar í dag en á morgun snyst í suðaustanátt, 8-13 m/s, jafnvel hvassari á meðan hlýja loftið ryður sér til rúms. Urkoma seinni partinn og um mest allt land um kvöldið.

REYKJAVÍK Í DAG
Bjartviðri og hægt, fyrri partinn, en eljagangur í kvöld. Frost 1-4 stígr.

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


um hádegi »



um hádegi »


Kaupmannahöfn	10°C rigning	London	11°C rigning	Eindhoven	9°C skýjað
Billund	6°C hálfskýjað	Paris	10°C skúrir	Basel	8°C skúrir
Osló	3°C skýjað	Frankfurt	7°C skúrir	Alicante	19° hálfskýjað
Stokkhólmur	8°C skýjað	Friedrichshafen	7°C skúrir	Róm	16°C léttskýjað
Gautaborg	6°C skýjað	Berlín	12°C rigning	Las Palmas	23°C léttskýjað

» á morgun



Suðaustlægg átt, 8-13 m/s SV-lands.

» þriðjudagur



S-átt, 13-15 A-lands, annars 8-13.

PIRO/SIA F103916

Færð þú ekki örugglega
endurgreiðslu í desember?

Til hamingju e-korthafar með 200 milljónirnar!

Um þessar mundir berast ávísanir með endurgreiðslu inn um lúgur e-korthafa og e-Vildarkorthafa og nemur heildarávinningur korthafa um 200 milljónum króna.

Það borgar sig að nota e-kortin!

- Endurgreiðsla af allri innlendri veltu
- Viðbótarendurgreiðsla hjá yfir 200 samstarfsfyrirtækjum
- Sértilboð og afsláttur hjá samstarfsfyrirtækjum

 KAUPPING 

 KORTIN
ekortin.is



Ertu fylgjandi aðgerðum ríkisins í þágu öryrkja og aldraðra?

Já	81%
Nei	19%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að mansal viðgangist á Íslandi?

Segðu þína skoðun á visir.is



Hlutfall eldra fólks mun tvöfaldast á 40 árum samkvæmt spá Hagstofu Íslands: Verðum 438 þúsund árið 2050

FÓLK Mannfjöldi á Íslandi verður kominn nálægt 438 þúsundum árið 2050 samkvæmt nýrri mannfjöldaspá Hagstofu Íslands. Spáð er 0,8 prósent árligri fjölgun, heldur minni en á 20. öld.

Við lok tímabilsins, árið 2050, munu íslenskir karlmenn geta vænst þess að ná 84,6 ára aldri að meðaltali, en íslenskar konur munu að jafnaði verða nokkrum árum eldri, 87,1 árs að meðaltali.

Í spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að barnsfæðingum fækki nokkuð, en fæðingartíðnin verði áfram há í evrópsku samhengi. Íslenskar konur eignast rétt tvö

börn hver í dag, en meðaltalið fer niður í 1,85 prósent árið 2050.

Talsverð breyting mun verða á aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu árum og áratugum. Í dag eru elstu þjóðfélagsþegnarnir úr fámennum árgöngum kreppuáranna. Eftir 2030, þegar fjölmennir árgangar eftirstriðs-áranna komast á eftirlaunaaldur, mun hlutfall aldraðra hækka.

Árið 2050 verða 7,5 prósent íbúa 80 ára eða eldri, í samanburði við 3,1 prósent í byrjun árs 2007. Fimmtungur íbúa verður 65 ára eða eldri, samanborið við 11,5 prósent í byrjun árs. - bj



MANNFJÖLDI Í spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að barnsfæðingum fækki, en fæðingartíðnin verði áfram há miðað við Evrópulönd. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Decode í uppsveiflu: Gengið hækkar um 39 prósent

VÍÐSKIPTI Gengi hlutabréfa í Decode hefur hækkað hressilega að undanförnu eftir að hafa náð metlægdum fyrir tæpum mánuði.

Gengi bréfanna í Decode var 4,12 dollarar á hlut þegar Nasdaq-kauphöllinni í New York var lokað á föstudag. Hinn 13. nóvember var lokagengið hins vegar aðeins 2,96 dollarar sem var það lægsta í fjögur ár. Hækkunin sem nú er orðin síðan þá er 39 prósent. Gengi hlutabréfanna tók að hækka eftir að Íslensk erfða-greining kynnti sölu á erfðafræðisupplýsingum fyrir einstaklinga um miðjan nóvember. - gar

Stofnfjárútboð SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 1.586.813.319. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskrifta í samræmi við hlufallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 10.-17. desember 2007 og fellur áskrift í eindaga 31. desember 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 2,17419 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 3.450.033.650. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkinguna er kr. 2.800.000.000 og verður eftir hækkinguna kr. 4.386.813.319, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spkef.is, og í afgreiðslum hans frá og með 10. desember 2007.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík



Sparisjóðurinn í Keflavík | Tjarnargötu 12 | 230 Reykjanesbæ | Sími 421 6600 | spkef.is



FELUSTAÐUR DARWINS Húsið á milli gámsins og sendiferðabílsins er talið hafa verið í eigu þeirra Darwin-hjóna en þar faldi John Darwin sig í fimm ár. Nordichphotos/AFP

Faldi sig í leyniklefa

Týndi ræðarinn bjó með eiginkonu sinni á Englandi í þrjú ár eftir hvarfið. Hann faldi sig á bak við fataskáp inni í svefnherbergi á heimili sínu. Hann var stórskuldugur og hafði lengi talað um að sviðsetja eigin dauða.

ENGLAND BBC greinir frá því að eiginkona Johns Darwin sem álitinn var látinn eftir að hafa druknað í smábátaslysi árið 2002 hafi viðurkennt að hann hafi búið á heimili fjölskyldunnar í þrjú ár eftir að hafa verið úrskurdaður látinn.

Anne Darwin segir John hafa dvalið í fylgsni á bak við fataskáp í svefnherbergi þeirra hjóna og þegar gesti bar að garði vatt hann sér inn í sérútbúna felustaðinn. Hjónin áttu samliggjandi hús og var fylgsnið útbúið í minna húsinu sem ekki var búið í.

„Hann bjó með mér í húsinu í þrjú ár og lifðum við sem hjón,“ segir frú Darwin en bætir við að í fyrstu hafi hún ekki vitað að eiginmaður sinn væri á lífi. „Hann hafði lengi talað um að



JOHN DARWIN

sviðsetja dauða sinn til að sleppa frá skuldum en ég vissi ekki að um sviðsetningu væri að ræða fyrr en ellefu mánuðum eftir að hann hvarf,“ útskýrir Anne Darwin og segir að eiginmaðurinn hafi hóttað að segja hana meðseka ef hún gerði yfirvöldum kunnugt um að hann væri á lífi.

Synir þeirra hjóna, Anthony og Mark, höfðu ekki hugmynd um svikin og vilja nú sem minnst af foreldrum sínum vita. „Þeir kvöldust vegna þessa og það var vissulega erfitt að halda blekk-

ingunni áfram. Mig dauðlangaði að segja þeim hið sanna en ég var of djúpt sokkin,“ segir Anne Darwin. Frú Darwin hefur áður sagt að hún hafi leyst út líftrygginguna í góðri trú en nú hefur hún freytt frásögn sinni og sagt fréttamönnum að hún hefði vitað að eiginmaður sinn væri á lífi áður en tryggingargreiðslan var innt af hendi.

Lögreglan hefur John Darwin nú í haldi til yfirheyrslu og bíður þess að frú Darwin snúi aftur til Englands svo hægt sé að yfirheyra hana. Anne Darwin seldi hús fjölskyldunnar í Seaton Carew og flutti til Panama fyrir sex vikum síðar. Talið er að hún dveljist nú á Miami í Flórída en búist er við að hún snúi aftur til Englands um helgina. - hs

Móðir kvartaði til lögreglu undan myndum á heimasíðu Lífsverndar:

Leitaði að Jesú og fann limlest fóstur

LÖGREGLUMÁL Móðir kvartaði til lögreglu eftir að dóttir hennar fann myndir á netinu sem hún lýsir sem viðbjóðslegum. Móðirin, sem er kennari, hafði beðið dóttur sína um að leita að jólamyndum á netinu. Þegar slegin voru inn orðin Jesú og myndir á leitarvélinni Google birtust myndir af heimasíðu Lífsverndar, félags gegn fóstureyðingum.

Myndirnar eru af limlestum fósturum eftir fóstureyðingu. Fætur og hendur er bornar saman við stærð penings, myndir eru af afhöfðuðum barnslíkum eftir fóstureyðingu á seinni stigum meðgöngu og einnig eru þar myndrænar lýsingar á framkvæmd fóstureyðinga.

Móðirin segist ganga út frá því að lögreglan geri eitthvað. Mál-



FÓSTUR Á heimasíðu Lífsverndar segir að það er ekki einkamál kvenna að taka líf fósturs, heldur sé það mál alls samfélagsins.

staður Lífsverndar eigi rétt á sér, en að börn og unglingar geti farið inn á svona síður sé ekki í lagi.

Magnús Ingi Sigmundsson, rafvirki, er ábyrgðarmaður síðunnar. Hann segist ekki hafa heyrt af kvörtunum vegna myndanna.

„Við erum með myndir af fósturum sem hefur verið eytt til þess að vekja fólk til umhugsunar um fóstureyðingar. Það sést á myndunum þau hafa fulla mannsmynd. Þær breyta hugmyndum fólks um fóstureyðingar,“ segir Magnús.

Á heimasíðunni hefur helstu rökum þeirra sem tala með fóstureyðingum verið svarað og einnig innihaldi bæklinga um fóstureyðingar sem gefinn var út af kvennasviði Landspítalans. Óskar Þór Sigurðsson, lögreglufulltrúi sérreksilagabrotadeildar, segir að kvörtunin hafi verið send lögræðideild embættisins, en hann efast um að um lögbrot sé að ræða. - eb

© Ikea, IKEA Systems B.V. 2007

ISIG gjafapoppir 3x0,7 m ýmsir litir 6 röllur í pk. **495,-**

Opið til 22:00 fram að jólum

30% afsláttur

AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG SERÍUM



Inniseriur	Tilboðsverð	Fullt verð
20 ljósa	181	259
35 ljósa	251	359
50 ljósa	349	499
100 ljósa	559	799
200 ljósa	1399	1999

30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

*Nýtt
kortatímabil!*



Útiseriur	Tilboðsverð	Fullt verð
40 ljósa	699	999
80 ljósa	1049	1499
160 ljósa	2099	2999
240 ljósa	2799	3999
480 ljósa	4899	6999

30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

Greinar með ljósum



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

Blómagreinar
með ljósum

TILBOÐ
2.099 kr
Verð áður 2.999.-



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

Ljósaseriur inni



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

Jólarós í potti



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

TILBOÐ
Verð frá **69 kr**
Verð áður 99.-

Jóladiskur og
könnur



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

TILBOÐ
Verð frá **139 kr**
Verð áður 199.-

Handklæði í 3 litum



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

Úrval að jólasveinum



30% afsláttur
af öllu jólas krauti
og seríum

TILBOÐ
Verð frá **139 kr**
Verð áður 199.-

Jólabox

Gildir 9 des. eða meðan birgðir endast.
Ekki afsláttur af DUNI kertum og serívettum

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARID?

1. Hvar fundust nýlega leifar af forsögulegu sæskrímsli?
2. Hvaða skip strandaði rétt utan við Grindavíkurhöfn á föstudagsmorgun?
3. Hvar fengu 10 ára drengir Breezer að drekka á miðvikudaginn?

SVÖRIN ERU Á Síðu 50

Utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins:

Ályktað gegn asa í Kosovo

BRUSSEL, AP Utanríkisráðherrar NATO-ríkja ákváðu á fundi sínum í Brussel á föstudag að bandalagið héldi áfram úti sterku friðargæsluliði í Kosovo.

Meirihluti Kosovobúa virðist staðráðinn í því að stíga frekari skref í átt að fullu sjálfstæði frá Serbíu eftir að alþjóðlegar samningaviðræður um þjóðaréttarlega stöðu Kosovo fóru út um þúfur.

„NATO mun bregðast af festu við hvers kyns tilraunum til að ógna öryggi íbúa Kosovo,“ segir í ályktun NATO-ráðherranna sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra stendur líka að.

Með ályktuninni senda NATO-

ráðherrarnir kosovo-albanska meirihlutanum lítt dulda viðvörnum um að grípa ekki til þess að lýsa yfir sjálfstæði eftir að samningamenn frá Rússlandi, Evrópusambandinu og Bandaríkjunum hafa viðurkennt að tilraunir til samningalausnar hafi strandað.

Ráðherrarnir ályktuðu einnig um þörfina á skipun sérlegs erindreka til að samræma betur stjórn friðargæsluverkefnis bandalagsins í Afganistan.

- aa

RÁÐHERRAR Í BRUSSEL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á tali við kollega sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Ók próflaus og undir áhrifum:

Reyndi að stinga af

LÖGREGLUMÁL Ökumaður, sem grunaður er um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna, var stöðvaður af lögreglunni á Akureyri fyrir helgi. Við nánari eftirgrennslan kom einnig í ljós að ökumaðurinn hefur verið án ökuleyfis um nokkurt skeið.

Maðurinn brást illa við afskiptum lögreglu með því að reyna að stinga af, fyrst á bílnum og svo á tveimur jafnfljótum en komst ekki langt. Sérstakt átak gegn ölvunar- og fíkniefnaakstri stendur nú yfir á Norðurlandi. Áð sögn lögreglunnar á Akureyri hefur fjöldi ökumanna verið stöðvaður síðustu daga.

- þo

SIEMENS**Fyrir jólin**

Espressó-kaffivélar, bjóðum upp á mikið úrval. Tilvalin jólagjöf handa heimilisfólkinu.

Heimilistæki, stór og smá, ljós, simar, pottar og pönnur.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



SÓLEY TÓMASDÓTTIR Ráðhúsið er skreytt myndum af 2.887 konum sem tákna þær konur dvalið hafa í Kvænnaathvarfinu síðan það var stofnað fyrir 25 árum.

Hættulegast að vera heima

Fagfólk sem starfar með konum sem beittar hafa verið ofbeldi segir nauðsynlegt að efla jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Níutíu konur hafa leitað til bráðamóttöku vegna heimilisofbeldis á árinu.

FÉLAGSMÁL Konur eru oftast beittar ofbeldi inni á heimili sínu en körlum stafar mest hættu af ókunnugum. Þetta kom fram á málþingi mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar um hvernig borgaryfirvöld gætu spornað við ofbeldi gegn konum.

Á málþinginu töluðu fulltrúar frá Reykjavíkurborg og helstu grasrótarsamtökum, sem fjalla um eða starfa með konum sem beittar hafa verið ofbeldi.

Áð sögn Eyrúnar B. Jónsdóttur, umsjónarhjúkrunarfræðings Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, eru starfsmenn bráðamóttöku Landspítalans mjög á móti löngum opnunartíma skemmtistaða. Þar séu flest brotin framin, þar sem bæði gerandi og þolandi séu ölváðir.

Eyrún segir meirihluta þeirra sem leiti til neyðarmóttökunnar vera á aldrinum tólf til átján ára.

Því megi þó ekki gleyma að flest brot verði innan veggja heimilanna, en árið 2007 hafa níutíu konur leitað til bráðamóttökunnar vegna ofbeldis núverandi eða fyrrverandi maka.

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir hélt erindi fyrir hönd ReykjavíkurAkademiunnar. Hún sagði aðeins líkamlegt ofbeldi vera sýnilegt öllum. Nauðsynlegt væri

að vinna einnig gegn kerfisbundnum og menningarlegum þáttum, þaðan sem líkamlegt ofbeldi væri sprottið, með forvarnastarfi í skólum og víðar.

Sigbrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvænnaathvarfsins, segir ástæður sem karlar gefi upp þegar þeir beiti konur sínar ofbeldi iðulega vera byggðar á staðalmyndum um kynin á borð við að konur þeirra hafi matinn ekki tilbúinn á réttum tíma eða neiti þeim um kynlíf. Áður fyrr hafi stúlkum verið kennt að verða við kröfum eiginmanna sinna og reita þá ekki til reiði, en nú þurfi að beita öðrum aðferðum og efla jafnréttisfræðslu barna.

Sóley Tómasdóttir, formaður mannréttindanefndarinnar, segir frumkvæðið að vinnu gegn ofbeldi gegn konum aldrei hafa komið frá yfirvöldum.

„Áður stofnuðu kvennapólitísk samtök á borð við Stígamót og Kvænnaathvarfið úrræði fyrir þessar konur, sem yfirvöld hafa síðan stutt fjárhagslega,“ segir Sóley, en hugmyndir sem komu fram á málþinginu verða notaðar til þess að gera heildstæða aðgerðaáætlun um hvernig megi sporna við ofbeldi gegn konum.

eva@frettabladid.is

POLAR

LISTEN TO YOUR BODY

PÚLSMÆLAR

Verð frá 4.900,-

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



HVERNIG MAÐURINN HUGSAR

um hamingjuna, framtíðina og hlutskipti
sitt í lífinu

**Stórskemmtileg ný bók sem rannsakar hinar
ruglingslegu tilraunir okkar til að finna hamingjuna.**

—TIME Magazine



Verðlauna
BÓK

Gilbert er frábærlega skemmtilegur leiðsögumaður um einhverjar athyglisverðustu rannsóknir á mannsálinni sem farið hafa fram. Heldurðu að þú vitir hvað gerir þig hamingjusaman? Þú getur ekki verið viss fyrr en þú hefur lesið þessa bók.

—STEVEN D. LEVITT, HÖFUNDUR FREAKONOMICS

Þetta er sálfræðileg leynilögreglusaga um einhvern mesta leyndardóm lífsins. Ef þú hefur einhvern tíma hugleitt hlutskipti mannsins, þá ættirðu að lesa þessa bók. Treystu mér!

—MALCOLM GLADWELL, HÖFUNDUR BLINK

**HNOTIÐ
UM HAMINGJUNA
DANIEL GILBERT**

Daniel Gilbert er prófessor í sálfræði við Harvard. Hnotið um hamingjuna fékk í ár æðstu verðlaun heims sem veitt eru fræðibókum fyrir almenning. Þau veitir Royal Society á Bretlandi.



SKUGGI
FORLAG

WWW.SKUGGI.IS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Porskur, verðbréf og menntun:

Þriðja áfallið

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Verið byrjaði með falli stofnstærðarvísitölu þorskins. Veturinn hófst svo með falli verðbréfavísitölunnar. Loks gekk aðventan í garð með sigi Íslands í alþjóðlegu menntavísitöluinni. Það var þriðja og versta vísitölu-áfall ársins.

Aðferðafræði vísitölureikninga er oftast umdeild. Það á við um þessar vísitölur rétt eins og verðlagsvísitöluna. En allar eru þær nægilega sterkar til að segja sína sögu. Þær verða ekki virtar að veltugi.

Íslenskt skólakerfi er um margt öflugt og gott. Því hefur í ríkum mæli verið stýrt í gegnum kjarasamninga. Áhrif lýðræðislega kjörinna fulltrúa á Alþingi og í sveitarstjórnnum á stefnumótun hafa að sama skapi verið rýrari en ætla mátti. Þetta endurspeglar í viðbrögðum við nýju vísitöluniðurstöðinni. Af þeim má ráða að skólastjórnendur og kennarar séu fremur í vörn en stjórn mála-

mennt. Ábyrgðin verður þó á endanum alltaf pólitísk. PISA-vísitalan sýnir að Ísland er í hópi þeirra ríkja sem verja mestum fjárfunum til grunnskóla. Hún varpar einnig ljósi á þá staðreynd að efnalegur, félagslegur og menningarlegur bakgrunnur nemenda er betri hér en meðal annarra þjóða. Íslenskir nemendur hafa aukheldur sjálfstraust umfram flesta aðra. Samt er árangurinn fyrir neðan meðaltal.

Engum blöðum er um það að fletta að huga þarf að kennsluháttum, aga, kröfum, árangursmati og gæðamati í ríkari mæli en gert hefur verið. Heimilin hafa einnig hlutverk. Menntun kennara og laun skipta þar að auki sköpum þegar að því kemur að menntamálayfirvöld og sveitarstjórnir kynni aðgerðaáætlanir til þess að færa okkur upp vísitölustigann.

Ýmislegt stendur þegar til bóta. Þar má nefna lengingu kennaranámsins og auknar menntunarkröfur í nýjum skólafrumvörpum. Aukheldur hefur menntamálaráðherra gefið fyrirheit um ríflega hækkun kennaralauna. Ástæða er hins vegar til að spyrja hvort ekki sé nauðsynlegt að nýta það svigrúm til þess að árangurstengja kennslukaupið og styrkja með því samkeppnishæfni kennarastarfsins.

Menntaverðlaun forseta Íslands bera vott um markvert frumkvæði. Forsetinn sýndi sannarlega nokkurt áræði með því að koma á legg slíkum samkeppnishvata í skólastarfi fyrir þá sök að samkeppni á þessu sviði hefur víða sætt gagnrýni. Með vissum hætti má því draga þá ályktun að frumkvæði forsetans hafi aukið pólitískt svigrúm til þess að láta samkeppnisviðhorf ráða meir í skólastarfi en verið hefur.

Nýju skólafrumvörpin eru ótvírætt mikilvægt skref fram á við. Eigi að síður væri æskilegt að tengja þau við viðtæka metnaðarfulla aðgerðaáætlun sem hefði að markmiði að ná betri árangri á tilteknum tíma. Sveitarfélögin þurfa líka að sýna aðgerðaáætlanir á þessu sviði.

Fyrsti boðskapur nýs forsætisráðherra Breta á fundi með fjármálamönnum í sumar sem leið lýsti ígrunduðum markmiðum í menntamálum og áformum um að tengja skóla og atvinnufyrirtæki. Það er í samræmi við að þar á bæ hefur um nokkurn tíma verið litið á skólamálin sem höfuðviðfangsefni í pólitík.


Hér hefur skipulag stjórnarráðsins um of takmarkað forystuhlutverk forsætisráðherra við efnahagsmál. Það var eðlilegt. Nú eru menntamálin hins vegar mikilvægasta hlutverk hverrar ríkisstjórnar. Gild rök standa því til að taka á þeim málum í því ljósi. Það gæti veitt nýja viðspyrnu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTASTJÓRNAR: Arnalds Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Hóskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRNAR: Páll Baldvin Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3971.

LAMBERT er lífstíll



Árnúla 10
108 Reykjavík
Sí: 508 9950

Verslun Fagurkerans
GEGNUM GLERID

FRÁ DEGI TIL DAGS

Á verðlagi fyrir alla

Samkeppnisfirlitið ákvað fyrir helgi að aðhafast ekki, þó að FoodCo hefði keypt rekstur Kaffi Sólons og Sjávarkjallarans. Fyrir á FoodCo sjó aðra veitingastaði. Stefnan hjá FoodCo er greinilega ekki að einblína á eina tegund veitingastaða, eða veitingastaði í einhverjum verðflokki, því nú rekur fyrirtekið allt frá Sjávarkjallarannum, sem seint verður talinn meðal ódýrustu veitingastaða, til Pylsvagnsins í Laugardal. Allir ættu því að geta farið út að borða á sínu verðlagi innan keðjunnar, hvort sem fólk vill eina með öllu eða Kobe-nautakjöt.

Fjölhæfur blaðamaður

Róbert Hlynur Baldursson, blaðamaður á dv.is, hlýtur nú

að vera einn fjölhæfasti blaðamaður landsins, en hann skrifar nú allar fréttir á fréttavefnum, hvort sem það eru innlendar, erlendar eða viðskiptafréttir. Ritstjórn DV hefur nú minnkað um helming, úr fjórum í tvo, en Jóhann Hauksdóttir hætti um mánaðamót og Sigríður Dögg Auðunsdóttir er í veikindaleyfi. Þá eru þeir bara tveir eftir, Róbert Hlynur og Guðmundur Magnússon. Róbert sér um fréttirnar og Guðmundur um Skrafað og skrifað.

Gæði eða hamingja

Mikið hefur verið rætt um niðurstöðu Pisa-könnunarinnar og að íslensk ungmenntandi ekki nægjanlega vel, það sé langt í land með að

þau skori jafnhátt og jafnaldrar þeirra í Finnlandi. Margir hafa tekið þessum niðurstöðum á þann veg, líkt og þegar niðurstöður síðustu Pisa-könnunar voru birtar, að réttast væri að taka aftur upp gamaldags kennsluáferðir, líkt og Finnar stunda.

Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Sala-skóla í Kópavogi, benti hins vegar á það á Stöð 2 nú fyrir helgi að finnsku skólabörnunum líði verst allra barna. Það fer því ekki saman gæðin og hamingjar og áður en gagngerðar breytingar eru gerðar á skólakerfinu ætti kannski að taka þennan punkt til athugunar. Skiptir hamingja einhverju máli?

svanborg@frettabladid.is



BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Hvaða ábyrgð bera fjölmiðlar á ójafnri stöðu kynjanna?

ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



Ábyrgð fjölmiðla

Ég er þeirrar skoðunar að fyrsta skylda fjölmiðla sé sú að segja satt og rétt frá. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í þjóðlífinu hvort heldur sem er í pólitík, menningu, íþróttum eða hverju öðru því sem okkur finnst áhugavert og í frásögur færandi. Vald fjölmiðla er gríðarlegt og ábyrgðin því mikil. Spurning dagsins snýr annars vegar að því hvort fréttanflutningur og fréttamat fjölmiðlanna valdi ójafnri stöðu kynjanna og hins vegar að því hvort þeim beri að breyta í þeim tilgangi að jafna stöðu kynjanna.

Mögnunaráhrif

Hvað fyrri spurninguna áhrærir tel ég, án þess að geta fært sönnur á það, að fjölmiðlarnir endurspeglir þokkalega það sem er að gerast í samfélaginu. Staðreyndin er því miður sú að fleiri karlar eru í ábyrgðarstöðum en konur og því þess að vænta að þeir fjölmiðlar sem vilja segja fréttir af ástandi mála flytji fleiri fréttir af köllum og fleiri viðtöl við kalla en við konur. Auðvitað er ekki til neitt algilt fréttamat og sjálfsagt hægt að deila um hvort til dæmis karllæg sjónarmið ráði slíku mati eða ekki. En hjá því verður ekki litið að áhrif kynjanna eru mismikil í þjóðfélaginu og þess sér stað í blöðum og sjónvarpi. Þetta ójafnvægi milli karla og kvenna, sem eðlilega birtist í fjölmiðlum, kann að valda frekara ójafnvægi vegna þess hversu skoðanamyndandi fjölmiðlarnir eru. Fyrirmyndir ungs fólks eru þá frekar karlkyns og það kann að ráða miklu um sjálfsmynd og þau markmið sem fólk setur sér í lífinu. Ég get því fallist á þá skoðun að fjölmiðlar geti magnað upp ójafna stöðu kynjanna, ekki vegna þess að þeir séu á móti konum heldur einfaldlega vegna þess að þeir eru að flytja fréttir af veröld sem enn er að mestu stýrt af karlmönnum.

Skoðanir í leiðurum, ekki í fréttum

Hvað seinni spurninguna varðar, hvort fjölmiðlar eigi að breyta fréttanflutningi sínum til að hafa áhrif á stöðu kynjanna, þá er ýmislegt sem þarf að huga að. Hér á árum áður voru fjölmiðlar meira eða minna í eigu stjórnmalaflokka. Þeir fjölmiðlar börðust fyrir ákveðnu þjóðskipulagi og hugsjónum og við lestur þeirra settu menn upp sérstök gleraugu og mátu allar fréttir í því ljósi. Moggalygi, kommaáróður og önnur slík hugtök lýstu fréttum og fréttamati þess tíma. Með öðrum orðum, lesandinn gat ekki treyst því að það sem birtist í blöðunum væri sönn og heildarleg frásögn. Fæstir, nema kannski þeir sem hafa sérstaklega gaman af karpí, sakna þessara tíma. Ég held að fjölmiðlar eigi ekki að hverfa í átt að því að berjast fyrir samfélagslegum markmiðum í fréttanflutningi sínum, hversu ágæt sem þau kunna að vera. Fjölmiðlar geta vel haft skoðun, einkum prentmiðlar, sem getur komið fram í leiðurum og öðru slíku efni sem lesendur geta aðgreint frá fréttum. En viðmiðið á að vera að greina almenningi satt og rétt frá gangi mála þannig að fólk geti myndað skoðanir sínar á traustum og sem bestum grunni.

Fjölmiðlar eru gerendur

Einfallda svarið við þessari spurningu er að við berum öll ábyrgð á ójafnri stöðu kynjanna, inni á heimilunum og á hinum opinbera vettvangi. Samfélagið í heild er ábyrgt og því þarf gagnrýnninn skilning á samfélaginu til að tryggja jafnrétti í reynd.

Hvert er hlutverk fjölmiðla?

Undanfarið hafa umræður um ábyrgð fjölmiðla verið fyrirferðamiklar. Við þá umræðu vaknar spurningin hvert hlutverk þeirra sé. Sumir halda því fram að hlutverk fjölmiðla sé einungis að endurspeglar það samfélag sem við búum í, samfélag þar sem konur eru færri í valdastöðum og annars staðar þar sem fréttafni er að finna. Mín skoðun er hins vegar sú, og ég hygg að metnaðarfullir fjölmiðlar séu sama sinnis, að fjölmiðlar séu gerendur í að skapa samfélag og beri mikla ábyrgð á því hvernig umræðan þróast með því að velja og hafna og ákveða vægi einstakra þátta í umræðunni.

Fjölmiðlar eiga að endurspeglar samfélagið í heild sinni – ekki bara vera vettvangur fyrir þá sem eru í valdastöðum – og þess vegna skiptir það engu máli í þessu sambandi hvort karlar eru fjölmennari í ráðherrastólum eða á Alþingi. Það sem skiptir máli er að konur eru helmingur þjóðarinnar og rúmlega það. Reyndar má segja að ef konur eru fámennari í valdastöðum er það þeim mun meiri ástæða til að fjölmiðlafólk gæti þess að ræða við konur til jafns við karla.

Áhrif fjölmiðla á jafnrétti kynjanna

Því miður endurspeglar flestir fjölmiðlar hið opinbera vald frekar en alla þjóðina. Reyndar er hlutfall kvenna í fréttum og fréttatengdum þáttum lakara en hlutfall kvenna sem kjörnir fulltrúar og er þá mikið sagt. Þannig ýta fjölmiðlar undir þá hugmynd að hinn opinberri vettvangur sé frekar vettvangur karla en kvenna. Stúlkur og konur fá þau skilaboð að rödd þeirra skuli ekki heyrast til jafns á við raddir karla.

Því miður vantar mikið upp á að flestir fjölmiðlar átti sig á þessu. Margir þeirra fara ekki einu sinni eftir jafnréttisögum eða gerða samninga sem eiga að tryggja jafnrétti kynjanna. Í samningi menntamálaráðuneytisins og RÚV ohf. er til dæmis skýrt tekið fram að gæta skuli jafnra kynjahlutfalla í fréttum, dagskrárgerð og íþróttum.

Valdi fylgir ábyrgð

Vald fjölmiðla er mikið og þar með ábyrgð þeirra. Valdi á umræðunni fylgir ábyrgð á henni. Því ættu fjölmiðlar að taka það hlutverk sitt mjög alvarlega að stuðla að auknu jafnrétti karla og kvenna í anda stjórnarskrár og almennt sanngirnissjónarmiða. Ég kalla eftir þessari ábyrgð.



„Þegar maður á lífsblóm byggir maður hús.“

- Halldór Laxness, Sjálfstætt fólk.

Dæmi um lóðir til sölu, útlit húsa ekki frágengið:

Ásland 11	Bergrúnargata 1	Uglugata 19
 <p>Stærð lóðar: 732,2 m² Stærð byggingarreits: 266 m² Nýtingarhlutfall: 0,45 Hámarks gólfötur: 329,49 m² Verð: 18.500.000</p>	 <p>Stærð lóðar: 755,7 m² Stærð byggingarreits: 256 m² Nýtingarhlutfall: 0,45 Hámarks gólfötur: 340,6 m² Verð: 19.500.000</p>	 <p>Stærð lóðar: 756 m² Stærð byggingarreits: 340,2 m² Nýtingarhlutfall: 0,45 Hámarks gólfötur: 340,2 m² Verð: 20.000.000</p>

*ATH. Gatnagerðagjöld eru innifalinn í lóðaverði.

Stórkostlegt útsýni · Stórar lóðir · Góð fjárfesting Þú getur byrjað að byggja strax!

Ákveðið var að sækja í sjóð Nóbelskáldsins og Mosfellingsins Halldórs Laxness þegar göturnar í Helgafellshverfi voru nefndar og velja þeim einföld og falleg nöfn. Göturnar sem mynda miðju hverfisins eru nefndar eftir tveimur af þekktustu sögum skáldsins og heita Gerplustræti og Vefarastræti. Aðrar götur í hverfinu eru nefndar af litríkustu kvenpersónum verka Laxness og heita Diljargata, Liljugata, Sölkugata og Snæfríðargata, svo einhverjar séu nefndar.


HELGAFELL
 MIKLABÖRG helgafell.is



Hjartans þakkir ferum við öllum þeim sem heiðruðu minningu ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,

Sigurðar Kr. Árnasonar
skipstjóra, Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sigurður Páll Sigurðsson

Pórhallur Sigurðsson

Salka, Selma, Steinar

Árni Þór Sigurðsson

Sigurður Kári, Arnbjörg Soffía

Steinar Sigurðsson

Þorbjörg Anna, Kristjana Björk

Friðrik Sigurðsson

Hrefna, Sindri Már, Brynjar Þór.

Ene Cordt Andersen

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir

Ragnar Auðun

Helga Sigurjónsdóttir

Sigurjón Árni

Margrét Hlíf Eydal

HERMANN GUNNARSSON
FJÖLMÍÐLAMAÐUR ER 61
ÁRS.

„Ljósíð hefur verið ráðandi, sem betur fer, en það væri ekkert gaman ef ég hefði ekki upplifað eitthvað mótlætið.“

Hermann Gunnarsson er mikill íþróttamaður og hefur verið vinsæll fjölmíðlamaður í fjölda ára.



PETTA GERÐIST: 9. DESEMBER ÁRIÐ 1992

Konunglegur skilnaður

Á þessum degi árið 1992 tilkynnti breski forsætisráðherrann John Major um skilnað Diónu prinsessu og Karls krónprins. Sagði ráðherrann að skilnaðurinn væri vinsamlegur. Tilkynningin kom fáum á óvart enda hafði slúðurpressan í Bretlandi velt því fyrir sér í mörg ár hvort hjónabandið stæði á brauðfótum. Diana og Karl höfðu þá eytt frium hvort á sínum staðnum og ekki deilt herbergi í opinberum ferðum.



Brúðkaup Diónu og Karls árið 1981 var í meira lagi ævintýralegt og um milljarður fylgdi með athöfninni í 74 löndum. Brátt fór þó að halla undan fæti og eftir

ellefu ár í hjónabandi skildu þau að borði og sæng en lögskilnaðurinn fór ekki í gegn fyrr en fjórum árum síðar. Þrátt fyrir að Dána missti konunglegan titil við skilnaðinn má segja að hún hafi verið prinsessa í huga og hjarta almennings. Hún dó í bílslysi árið 1997.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Yndislega mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Svava Hjaltadóttir,
Borgarholtsbraut 33, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 12. desember og hefst athöfnin kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Barnauppeildissjóð Thorvaldsensfélagsins.

Elsa Tryggvadóttir

Áslog Tryggvadóttir

Haraldur Tryggvason

Svava Tryggvadóttir

Sigríður Tryggvadóttir

Svava Ástudóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Nebojsa Hadzic

Sigrún Eiríksdóttir

Vilhelm Guðbjartsson

Héðinn Sveinbjörnsson

Kieran Houghton



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigfús Jóhannesson
múrari, Tjarnargötu 36, Keflavík,

lést þriðjudaginn 4. desember. Jarðarferin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 12. desember kl. 13.30.

Erla Árnadóttir

Valgerður Sigfúsadóttir

Sigurbjörg Sigfúsadóttir

Björg Elsa Sigfúsadóttir

Jóhannes Sigfússon

barnabörn og barnabarnabörn.



Guðmundur Karlsson

Birgir Halldór Pálmason

Lára Ágústa Ólafsdóttir



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

María Sigurðardóttir
viðskiptafræðingur,

lést að Vífilsstöðum miðvikudaginn 5. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 14. desember klukkan 15.00.

Rannveig Rist

Jón Heiðar Ríkharðsson

Guðbjörg Rist Jónsdóttir

María Rist Jónsdóttir

Hólmfríður Vigdís Rist Jónsdóttir

Bergljót Rist

Sveinn Atli Gunnarsson

Hekla Rist

Kolka Rist



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólveig Jónasdóttir
frá Húsavík, Gullsmára 7, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Digraneskirkju mánudaginn 10. desember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á orgelsjóð Húsavíkurkirkju í versluninni Esar á Húsavík, s. 464 1313.

Sigurður Haraldsson

Bryndís Torfadóttir

Þórunn Hulda Sigurðardóttir

Ásdís Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Bjarni Bogason

Bjarni Ómar Reynisson



Í BRAUTARHOLTI Séra Gunnar Kristjánsson stendur hér við Brautarholtskirkju sem á 150 ára afmæli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BRAUTARHOLTSKIRKJA: 150 ÁRA AFMÆLI

Minnsta og yngsta sóknin með elstu timburkirkjuna

Brautarholtskirkja á Kjalarnesi á 150 ára afmæli og stendur sóknin fyrir hátíðahöldum í dag klukkan 14.00 í Fólkvangi á Kjalarnesi í tilefni afmælisins.

Séra Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur í Reynivallaprestakalli, segir heilmikla dagskrá verða í Fólkvangi í dag.

„Hátíðin byrjar á helgistund sem ég sé um ásamt héraðsprestunum Kristínu Þórunni Tómasdóttur og Kjartani Jónssyni,“ segir Gunnar. „Svo syngur barnakór Klébergsskóla undir stjórn Ásrúnar Kondrup og formaður sóknarnefndar, Ásgeir Harðarson, flytur ávarp. Þá mun Karlakór Kjalnesinga syngja undir stjórn organistans, Páls Helgasonar, lög við texta eftir Matthías Jochumsson sem var prestur í Brautarholti í sex ár frá 1867-73.“

Ásthildur Skjaldadóttir, húsfreyja og afkomið kirkjusmiðar Brautarholtskirkju, mun flytja erindi um sögu

staðarins sem Jón Þ. Þór sagnfræðingur tók saman og að því loknu verður tónlistarflutningur í umsjá Egils Ólafssonar, Jónasar Þóris og Hjörleifs Valssonar.

„Loks verður kynning á verkefnum áttunda bekkjar í Klébergsskóla sem þau unnu sérstaklega vegna afmælisins,“ segir Gunnar og bætir því við að Ólafur J. Engilbertsson hafi útbúið sögusýningu sem sýnd verði á hátíðinni.

Sjálfur þekkir Gunnar ágætlega til sögu kirkjunnar en hún var byggð árið 1857 af Eyjólfvi Þorvarðarsyni sem bjó á næsta bæ, Bakka á Kjalarnesi. „Þetta er nú frekar lítil kirkja og tekur ekki nema fimmtíu manns í sæti. Á þessum árum smíðaði hann nokkrar aðrar kirkjur eins og í Saurbæ á Kjalarnesi, Þingvallakirkju, Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og Úlfljótsvatnskirkju,“ segir Gunnar en tíu árum eftir að kirkjan var byggð kom Matthías Jochumsson

og þjónaði kirkjunni í sex ár.

„Hann hóf þarna sinn prestskap en sá tími sem hann dvaldi í Brautarholti var mikill sviptingatími í hans lífi. Hann missti þarna fyrri tvær konur sínar og kynntist þeirri þriðju, Guðrúnu Runólfssdóttur frá Saurbæ,“ segir Gunnar og bendir á að á þessum tíma hafi Matthías þó þýtt fjögur leikrit Shakespeares og samið heilmargt annað.

„Um það leyti sem hann fór frá Brautarholti samdi hann þjóðsönginn og við ætlum einmitt að ljúka dagskránni í dag með því að karlakórinn syngur þjóðsönginn og allir taka undir,“ segir hann.

Í Brautarholtssókn eru í dag um sex hundruð manns og eftir að Kjalarnesið sameinaðist Reykjavík varð sóknin jafnt sú nýjasta í Reykjavík sem sú minnsta en kirkjan er jafnframt elsta timburkirkjan í Reykjavík.

sigridurh@frettabladid.is



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



40 ára afmæli

Porgímur Benjaminsson
og
Kristín Kjartansdóttir

eiga 40 ára brúðkaupsafmæli í dag. Þau eru stódd í Garðabænum.

Jólin á Þjóðminjasafninu fyrir börnin



FJÖLBREYTT JÓLADAGSKRÁ
Þjóðminjasafnið iðar af lífi í desember.

Nóg verður um að vera á Þjóðminjasafninu fyrir jólin og í dag fer af stað jólasýning fyrir börnin sem ber heitið Sérkenni sveinanna.

Þar fá krakkarnir tækifæri til að kynna íslensku jólasveinunum og fá útskýringar á því hvað skritin nöfn þeirra þýða en á sýningunni verður sett upp jólahús með gripum sem tengjast sveinunum. Askur fyrir Askasleiki, skyr handa Skyrgámi og bjúgu fyrir Bjúgnakræki.

Hvar er jólakötturinn? er jólaratleikur Þjóðminjasafnsins fyrir alla fjölskylduna og í þeim leik á að leita uppi litla jólaketti sem faldir hafa verið innan um safngripi.

Boðið verður upp á fleiri skemmtiatriði, m.a. koma Gryla og Leppalúði í heimsókn og segja frá sonum sínum, Heiða Eiríksdóttir syngur með krökkunum og Guðni Franzson kemur fram sem Hermes. Dagskráin hefst í dag klukkan 14.

Sýningin Sérkenni sveinanna er þó aðeins brot af því sem boðið verður upp á í Þjóðminjasafni-



inu í desember því allir jólasveinarnir munu koma af fjöllum niður í safnið. Stekkjarstaur kemur fyrstur kl. 11 miðvikudaginn 12. desember og svo koma þeir einn af öðrum á hverjum morgni fram að jölum klukkan 11 og á aðfangadag verður opið í Þjóðminjasafninu milli klukkan 11 og 12 til að taka á móti Kertasnfki, síðasta jólasveininum.



ENDURSKIPULAGNING Hólaskóli nýtur mikillar sérstöðu í námi í ferðamálum, fiskeldi og hestamennsku.

Efling Hólaskóla

Forsætisráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga þar sem meðal annars er kveðið á um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu.

Við þessar breytingar færir Hólaskóli frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

Í byrjun desember var síðan samþykkt á ríkisstjórnarfundum, samkvæmt tillögu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, að skipa starfshóp til að koma með tillögum um framtíð og skipan skólahalds á Hólum í Hjaltadal og málefni Hólastaðar.

Starfshópurinn á að setja fram tillögur er stuðla að frekari uppbyggingu og eflingu Hólaskóla, meðal annars með hliðsjón af þeirri endurskipulagningu háskólastigsins sem fram hefur farið á undanförunum árum og væntanlegu frumvarpi um ríkisháskóla. Málefni Hólaskóla hafa um alda langt skeið verið samofin almennu staðarhaldi á Hólum í Hjaltadal. Í tillögum sínum skal starfshópurinn miða við að tryggilega verði haldið um málefni Hólastaðar og Hólur haldi reisu sinni og stöðu sem miðstöð mennta, menningar og kirkjulegra málefna.

Þorgerður Katrín segist binda miklar vonir við starf hópsins og hún segist enn fremur telja að við Hólaskóla hafi verið unnið ágætt starf á sviðum sem lítt er sinnt af öðrum stofnunum á háskólastigi, svo sem á sviði ferðamála, hestamennsku og fiskeldis. Einnig að það sé mikill áhugi fyrir því að nýta sérstöðu og sérhæfingu skólans hvað varðar greinar sem tengjast íslenska hestinum og hestaþróttinni og einnig felast margvísleg tækifæri í stuðningi og þjónustu við ferðageirann, ekki síst í dreifbýli. Markmiðið sé að efla Hólaskóla til framtíðar.

Starfshópurinn skipa Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður hópsins, og alþingismennirnir Sigurður Kári Kristjánsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðbjartur Hannesson og varaþingmaðurinn Anna Kristín Gunnarsdóttir.



Snemma á miðvikudagsmorgni

Taktu jólaverkin snemma.
Miðvikudagurinn 12. desember er síðasti öruggi skiladagur fyrir jólapakka til Evrópu.

Síðustu öruggu skiladagar í desember:

4. desember	Jólapakkar utan Evrópu
7. desember	Jólakort utan Evrópu
12. desember	Jólapakkar til Evrópu
14. desember	Jólakort til Evrópu
18. desember	TNT-hraðsendingar utan Evrópu
19. desember	TNT-hraðsendingar til Evrópu
19. desember	Jólapakkar innanlands
20. desember	Jólakort innanlands



www.postur.is



Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

**PIONEER hátalarasett,
DVD spilari og magnari**

MÖGNUM STÆÐA
Á MÖGNUM
TILBOÐSVERÐI

Listaverð kr: 148.500,-
Tilboðsverð:
Kr. 109 900,-



Einnig fáanlegt í svörtu



JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar



VERÐTRYGGING!!
Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

Mergjað leikjasafn!



SAMSUNG

HD ready

*Frábær
upplifun*

**42" PLASMA
sjónvarpstæki**
Samsung PS42Q96HDX

- Tilbúið í HD útsendingar
- Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
- Upplausn 1024x768
- 13 bita myndvinnsla
- Kontrast 1:15.000
- Birta 1300 cd/m2
- 3 HDMI tengi

Listaverð kr. 219.900,-
Tilboðsverð kr. 189.900,-

SHARP



HD ready

19" LCD sjónvarp
SHARP Shlc19A1EBK

- HD Ready (1366x768)
- DVB-T stafrænn móttakari
- Skerpa: 800:1
- Skjáform: 16:9
- Sjónsvið: 160°/160°
- Stærð: 46,2 x 36 x 19,6 cm
- Tengi: 1x HDMI, 1x SCART, S-Video, Component

Verð kr. 59.900 kr.

SHARP



**Geislaspilari, útvarp
og kassettutæki**

SHARP XL-MP2H

- Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
- Fyrirferðalítill og smekklega hönnuð stæða
- Magnari: 2x5W RMS
- AM/FM útvarp með RDS
- Vekjaraklukka · Tónjafnari
- Einföld og þægileg fjarstýring

Listaverð kr. 12.900,-
Tilboðsverð kr. 10.900,-

SANGEAN

SANGEAN eru hágæða útvarpstæki.
Frábær hljómgæði, skemmtileg hönnun
og vandaður útvarpsmóttakari.



SANGEAN-WR-1
Verð: 13.900,- kr.

OLYMPUS



OLYMPUS E-510 SLR-Double Zoom Kit

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" rykfriar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000—60 sec, Bulb
- Innbyggt flass. Hægt að bæta við auka Olympus flassi.
- 18 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið
- 3 ára ábyrgð

TVÆR LINSUR:
14-42mm & 40-150mm
Verð: 89.900,- kr.



CELESTRON

Astromaster 70AZ
Stjörnujónauki



Listaverð kr. 12.900,-
Tilboðsverð kr. 9.900,-

Myndavél sem hefur fengið frábæra dóma



Mínútagrill fyrir mikla matgæðinga – 2 stærðir.
Verð kr. 10.900,-
(Minni stærðin)



Nýr og flottur 1200w blandari frá svissnesku snillingunum í SOLIS.
Verð kr. 19.900,-



Hágæða Espresso kaffivél. Fyrir fullorðna.
Verð kr. 29.900,-



KYNNIÐ
YKKUR
ÚRVALIÐ!



AEG

Expresso kaffivél sem bjargar deginum! Frábær vél – enda frá AEG.
Verð kr. 89.900,-



AEG

AEG AT260 Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.
Verð kr. 5.990,-

TEFAL®



KLASSÍSKAR OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR - úr stáli.
Verð frá kr. 5.990,-

TEFAL®

JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI



EDAL POTTAR OG PÖNNUR FRÁ JAMIE OLIVER OG TEFAL
Jólaverð frá kr. 5.600,-



AEG UPPVOTTAVÉLAR JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít



Færustu matreiðslumeistarar um allan heim velja ZWILLING hnífa - og ekki af ástæðulausu.



Úrvals hnífar - vönduð matargerð.



Pú býrð vel með Emile Henry. Komdu og kynntu þér úrvalið í þessari fallegu vöru.



Emile Henry
Flame



FRÁBÆR
FRÖNSK
LEIRVARA

Eftirsótt um alla Evrópu.

Framsýni og metnaður síðan 1922



85 ÁRA
ORMSSON
1922-2007

12 ORMSSON VERSLANIR
UM LAND ALLT

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFVARA

Ætlaði að hætta á toppnum

Ein allra besta knattspyrnukona Íslands fyrr og síðar, **Ásthildur Helgadóttir**, hefur lagt skóna á hilluna eftir sextán ára einstakan feril. Ásthildur settist niður með **Óskari Ó. Jónssyni** og fór yfir árin sín í boltanum heima og erlendis.

Asthildur Helgadóttir er sátt við þá ákvörðun sína að leggja skóna á hilluna. Hún ætlaði alltaf að hætta á toppnum og segir sig hafa verið heppna með meiðsli á ferlinum en það eru á endanum þráðlát hnémeiðsli sem urðu til þess að fyrirliði landsliðsins og leiðtogi íslenskrar kvennaknattspyrnu hefur tekið þá ákvörðun að hætta að spila fótbolta. Ferill hennar hefur verið lygasögu líkastur, hver titillinn rak annan og hún náði öllum þeim einstaklingsafrekum sem knattspyrnukona getur hugsað sér.

Ásthildur varð ný sinnum Íslandsmeistari, fjórum sinnum bikarmeistari, þrisvar sinnum valin besta leikmaður ársins, þrisvar sinnum knattspyrnukona ársins og tvisvar sinnum markadrottning deildarinnar. Hún hefur leikið fleiri landsleiki en nokkur önnur (69), borið fyrirliðabandið oftar en nokkur annar A-landsliðsleikmaður í karla- og kvennaflokki og var að auki fyrsti leikmaðurinn til þess að skora 20 mörk fyrir A-landslið karla eða kvenna. Hún hefur verið andlit og talsmaður kvennaboltans og lítur líka á það sem skyldu sína að miðla af sinni reynslu í framtíðinni og hjálpa Íslandi að eignast landslið í fremstu röð.

Íslandsmeistari fimmtán ára

Ásthildur Helgadóttir var ekki gömul þegar hún var komin með Íslandsmeistaragull um hálsinn. Sumarið 1991 var henni hent í djúpu laugina í meistaraflokki Breiðabliks og varð Íslandsmeistari á sínu fyrsta ári, fimmtán ára gömul.

„Þetta fyrsta ár mitt í meistaraflokki vorum við Magga, fimmtán ára, saman á miðjunni. Það var mjög gaman að fá strax svona mikla ábyrgð í meistaraflokki. Það var mjög óvænt að við skyldum vinna titilinn þetta ár og það réðist bara í lokaleikum á KR-velli,“ rifjar Ásthildur upp en þær léku þar við hlið Vöndu Sigurgeirsdóttur sem hafði árið áður gert þær að Íslandsmeisturum bæði í 2. og 3. flokki. „Vanda byrjaði að þjálfar okkur í 3. flokki sumarið 1990. Þá er hún nýkomin heim frá Svíþjóð og kemur inn með allt aðrar æfingar en við höfðum verið í áður. Við vorum rosalega heppnar að fá hana sem þjálfara,“ segir Ásthildur og samstarf hennar og Vöndu átti eftir að skila af sér mun fleiri titlum. Ásthildur varð einnig Íslandsmeistari en síðan skipti hún yfir í KR fyrir sumarið 1993.

„Þær voru ekki sáttar hjá Blikunum þegar ég fór yfir til KR og mér skilst að engin þeirra hafi kosið mig besta það árið,“ sagði Ásthildur og hlær. „Það var mjög spennandi að fara í KR og svo gekk þetta allt saman mjög vel og við unnum fyrsta titilinn sem KR vinnur í kvennaboltanum. Þessi titill er eiginlega sá eftirminnilegasti og 1993 spilaði ég líka rosalega vel og var í rauninni alveg að

spila jafnvel og ég gerði 1996,“ segir Ásthildur sem var aftur komin í Breiðablik sumarið 1995. „Vanda var þá orðin þjálfari hjá Breiðabliki og ég þekkti hana mjög vel og vissi alveg hvað hún kunni. Það er frábært að vinna með Vöndu og hún hefur ótrúlega þekkingu á fótbolta. Hún kenndi mér mjög margt,“ segir Ásthildur.

Ásthildur hefur átt mörg frábær sumur hér á Íslandi en fá slá þó við tímabilum 1996 (Breiðablik) og 2002 (KR). Bæði árin vannur hún tvöfalt með sínum liðum, verður markadrottning í deildinni og er svo kosin best af leikmönnum deildarinnar. En hvort er hún Bliki eða KR-ingur?

„Ég lít á mig sem bæði Bliki og KR-ing. Ég er alveg óhrædd við það að segjast vera KR-ingur þótt ég sé uppalin í Breiðabliki. Ég er samt Bliki líka,“ segir Ásthildur sem hefur síðasta áratuginn numið land fyrir íslenskar knattspyrnukonur í útlöndum. Hún spilaði þrjá vetur við frábæran orðstír með Vanderbilt-skólanum og spilaði síðan síðustu tímabil sín í boltanum með sænska liðinu Malmö. „Ég vandaði valið á skóla þegar ég fór til Bandaríkjana og ég sé ekki eftir þeim tíma. Það voru margir skólar sem mér stóðu til boða og ég vann heillengi í því að finna besta skólann.“

Árið 2001 var ár vonbrigðanna. Hún var valin af Carolina Cougars í bandarísku atvinnu-deildinni en komst ekki í hópinn og meiddist síðan um sumarið þegar hún var að spila með ÍBV.

„Það voru vonbrigði, sérstaklega í ljósi þess hvernig þetta var þegar ég mætti og æfði með Carolina-liðinu. Ég þurfti alltaf að vera að horfa á æfingarnar og fékk ekki að vera með. Ég fékk það á tilfinninguna að ég hefði aldrei átt möguleika,“ segir Ásthildur en svekkelsið var ekkert minna þegar hún meiddist á æfingu með ÍBV.

„Hefði viljað vinna titil í Svíþjóð. Við spilum bikarúrslitaleik einu sinni og töpuðum honum og náðum einu sinni öðru sæti í deildinni. Það vantaði aðeins upp á að klára þetta og hrifsa titilinn af Umea,“ segir Ásthildur og hún missti líka af eina möguleikanum í Evrópukeppninni eftir að hún sleit krossbönd í landsleik við Skota í Egilshöllinni.

„Við fórum í undanúrslit í Evrópukeppninni þegar ég meiddist og ég missti þá af undanúrslitaleikum. Það var ótrúlega svekkjandi að missa af því. Ég var búin að hlaupa rosalega mikið og var í toppformi þegar ég slít krossböndin á móti Skotum,“ segir Ásthildur en bætir við: „Þessi meiðsli sem ég hef lent í eru bara hluti af þessu og ég lít ekki á þau sem einhverja óheppni. Ég lít þannig á minn feril að ég hafi verið mjög heppin.“

Síðustu landsleikir Ásthildur voru glæsilegir sigrar á Frökkum og Serbum með aðeins fimm daga millibili. „Fyrir mig sem hafði



var nú framherji.

„Það var mjög gaman að breyta um stöðu. Ég þurfti að breyta um hugsunarhátt því þjálfarinn minn í Svíþjóð sagði bara hreint út að ég væri sterkust inni í vítateignum. Ég bætti mig rosalega mikið í því að klára færin og ég bætti mig mikið sem skallamaður,“ segir Ásthildur sem sló í gegn.

Hefði viljað vinna titil í Svíþjóð

„Að ná að vera einn af bestu leikmönnum í sænsku deildinni sem er að mínu mati besta deild í heimi er ótrúlega gaman og frábært að hafa fengið að upplifa það,“ segir Ásthildur en eftir sigursæl ári á Íslandi tókst henni ekki að vinna titil í Svíþjóð.

„Ég hefði viljað vinna titil í Svíþjóð. Við spilum bikarúrslitaleik einu sinni og töpuðum honum og náðum einu sinni öðru sæti í deildinni. Það vantaði aðeins upp á að klára þetta og hrifsa titilinn af Umea,“ segir Ásthildur og hún missti líka af eina möguleikanum í Evrópukeppninni eftir að hún sleit krossbönd í landsleik við Skota í Egilshöllinni.

„Við fórum í undanúrslit í Evrópukeppninni þegar ég meiddist og ég missti þá af undanúrslitaleikum. Það var ótrúlega svekkjandi að missa af því. Ég var búin að hlaupa rosalega mikið og var í toppformi þegar ég slít krossböndin á móti Skotum,“ segir Ásthildur en bætir við: „Þessi meiðsli sem ég hef lent í eru bara hluti af þessu og ég lít ekki á þau sem einhverja óheppni. Ég lít þannig á minn feril að ég hafi verið mjög heppin.“

Síðustu landsleikir Ásthildur voru glæsilegir sigrar á Frökkum og Serbum með aðeins fimm daga millibili. „Fyrir mig sem hafði

verið í þessu svona lengi þá var magnað að upplifa sigurinn á Frökkum og svo leikinn á móti Serbum þar sem voru 6.000 þúsund áhorfendur. Maður hláftár- aðist því ég man þegar ég var að byrja að þá sá maður bara mömmu og pabba og foreldra hinna stelpnanna uppi í stúku.“

„Við höfum verið að reyna að fá fólk til þess að fylgjast með okkur því við erum góðar og erum að ná árangri. Ég hef tekið mjög virkan þátt í því og þarna vorum við að vinna ákveðinn sigur og það er í rauninni frábært að þetta hafi verið minn síðasti landsleikur,“ segir Ásthildur sem hefur gegnt fyrirliðastöðu landsliðsins undanfarin sjó ár.

Ætlaði að enda í Breiðabliki

Ásthildur hóf ferilinn í Breiðabliki fyrir sextán árum og það var alltaf á stefnuskránni að enda þar. „Það var alltaf ætlunin að enda í Breiðabliki en því miður þá heldur hnéð ekki í það. Ef ég hefði farið að spila hérna heima þá hefði ég spilað á allt öðrum forsendum en áður. Þá hefði ég farið að hjálpa hinum leikmönnum, jafnvel dregið mig eitthvað aftur á völlinn og reynt að miðla minni reynslu,“ segir Ásthildur sem vildi hætta áður en hún færi að dala. „Það hefur alltaf verið stefnan hjá mér að hætta nánast á toppnum. Þá hefði ég kannski átt að hætta í fyrra en þegar ég meiddist er ég ennþá á uppleið. Ég er því mjög sátt með þessa ákvörðun,“ segir Ásthildur sem ætlar að prófa þjálfun í framtíðinni.

„Mér finnst það hálfpartinn vera skylda mín að fara út í þjálfun og miðla af minni reynslu. Ég er búin að vera með mjög marga þjálfara og marga ólíka þjálfara, bæði í



STJARNAN Í SVÍÞJÓÐ Ásthildur sést hér ásamt Theresu Lundin en þær voru mikið í sviðsljósinu með LDB sem áður hét Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIMASÍDA LDB

Bandaríkjunum, Svíþjóð og svo hérna heima. Maður er komin með góða þekkingu á leiknum en svo er allt annað mál að ná að miðla því áfram því það er náttúrlega ákveðin kúnt líka. Ég væri alveg til í að prófa það,“ segir Ásthildur sem er þó ekki tilbúin til að fara að þjálfar strax en henni bauðst á dögnum að taka við liði Breiðabliks.

Fótboltinn hefur verið stór hluti af lífi Ásthildur og hann verður það líka áfram. „Ég á örugglega eftir að stelast á æfingu. Ég er samt alveg ákveðin í að ég muni ekki hætta að spila fótbolta og vonandi get ég það. Ein af ástæðunum fyrir því að ég vil ekki taka áhættuna með hnéð á mér er að ég vil geta farið á skíði, spilað golf og farið í fótbolta með gömlu félögum. Það er mér mjög mikilvægt því mér finnst það gaman í fótbolta,“ segir Ásthildur að lokum.

ooj@frettabladid.is



ÞRÍJÁR GÓÐAR Ásthildur sést hér með þeim Hrefnu Huld Jóhannesdóttur og Olgu Færseth eftir að þær urðu þrjú markahæstu leikmenn samarsins þegar KR vann titilinn 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



STYÐUR VIÐ STELPURNAR Ásthildur Helgadóttir fagnar hér með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ísland í undankeppni EM: Þær geta ennþá unnið riðilinn

FÓTBOLTI Ásthildur segir það hafa verið erfitt að horfa upp á íslenska liðið tapa fyrir Slóveníu, neðsta liðinu í riðlinum, í fyrsta leiknum án hennar.

„Þetta er ekkert búið þrátt fyrir þetta tap. Það eru ennþá möguleikar á því að vinna riðilinn og annað sætið gefur umspil. Þetta er því allt opið ennþá. Það væri gaman ef maður gæti hjálpað liðinu á einhvern hátt en ég kem til með að fylgjast vel með þeim og styðja við bakið á þeim á allan mögulegan hátt. Það er engin eftirsjá að hætta núna þó að ég hefði vissulega viljað klára þessa undankeppni.“ - 66j



LEIÐTOGI Ásthildur Helgadóttir var fyrirliði íslenska landsliðsins í 34 leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



135 MÖRK Í ÍSLENSKU DEILDINNÍ Ásthildur skoraði 135 mörk í 152 deildarleikjum á Íslandi með Breiðablik, KR og ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

FERILL ÁSTHILDAR

1991 Breiðablik (ÍM)	13 leikir / 0 mörk
1992 Breiðablik (ÍM)	14 leikir / 7 mörk
1993 KR (ÍM)	12 leikir / 5 mörk
1994 KR	13 leikir / 19 mörk
1995 Breiðablik (ÍM)	14 leik. / 9 mörk
1996 Breiðablik (ÍM)	13 leik. / 17 mörk
1997 Breiðablik	8 leikir / 6 mörk
1998 KR (ÍM)	10 leikir / 10 mörk
1999 KR (ÍM)	10 leikir / 6 mörk
2000 KR	14 leikir / 18 mörk
2001 ÍBV	5 leikir / 2 mörk
2002 KR (ÍM)	14 leikir / 20 mörk
2003 KR (ÍM)	12 leikir / 16 mörk
2003 Malmö	3 leikir / 2 mörk
2004 Malmö	Meidd (Krossbönd)
2005 Malmö	22 leikir / 17 mörk
2006 Malmö	21 leikir / 19 mörk
2007 Malmö (LdB)	11 leikir / 8 mörk

Titlar og viðurkenningar	
Íslandsmeistari	9 sinnum
Bikarmeistari	4 sinnum
Besti leikmaður	3 sinnum
Markahæst	2 sinnum



ÞRISVAR KNATTSPYRNUKONA ÁRSINS Ásthildur með Eidi Smára Guðjohnsen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ásthildur um liðþófameiðslin sem þvinga hana til þess að hætta í fótbolta:

Erfiðara en að slíta krossbönd

FÓTBOLTI Meiðslin sem sjá til þess að Ásthildur Helgadóttir leggur skóna á hilluna hljóma kannski ekki svo illa en það varð líklega dýrkeypt að hún spilaði átta leiki á ónýtum liðþófa.

Sumarið var Ásthildi því erfitt. „Miðað við hvernig sumarið er búið að vera þar sem ég átti í erfiðleikum með að ganga þá verður þessi ákvörðun mikið auðveldari.

Mér var svo illt að ég gat varla hlaupið en var samt að reyna að spila. Gat varla gengið á milli leikja, æfði ekkert og spilaði bara leikina. Þá er þetta ekkert jafngaman,“ segir Ásthildur sem vann sig út úr krossbandaslitum árið 2004.



46 MÖRK Í 57 LEIKJUM Ásthildur skorar hér eitt af mörgum mörkum sínum fyrir sænska liðið Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/URZSULA

„Krossbandaslit eru vissulega mjög alvarleg meiðsl en á vissan hátt hafa þessi meiðsl verið erfiðari fyrir mig. Þegar ég sleit krossband þá fékk ég reyndar blóðtappa og þurfti að bíða í þrjá mánuði

eftir aðgerðinni. Svo fór ég í aðgerðina og þurfti að bíða í sex mánuði. Ég vissi bara að þannig væri líf mitt. Ég tók endurhæfingunni bara eins og hverju öðru verkefni. Þessum meiðslum núna fylgir svo mikil óvissa og ég fékk engin tímamörk. Eftir að ég fór í aðgerðina þá var mér sagt að ég ætti að ná mér á sex til átta vikum.

Ég var þá dugleg í endurhæfingunni en þegar ég ætlaði að fara að skokka eftir sex vikur þá gekk það ekki. Ég beið í eina viku og svo aftur í eina viku en það breyttist ekkert og þetta varð allt leiðinda-óvissa og alltaf sömu vonbrigðin,“ segir Ásthildur. - 66j



ALDREI Á BEKKNUM Ásthildur hitar upp fyrir einn af 69 landsleikjum sínum. Hún byrjaði inni á í þeim öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÓKULL

Evrópa	26.900 kr.*
Bandaríkin	36.900 kr.*
Saga Class Evrópa	52.900 kr.*
Saga Class Bandaríkin	62.900 kr.*

*Skattar eru innifaldir í verði.

Einungis fyrir handhafa Vildarkorta VISA og Icelandair.

Evrópa	32.900 punktar**
Bandaríkin	47.900 punktar**

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.205 kr., USA 13.065 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is

JÓLAGJÖF SEM FLÝGUR ÚT

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

Safnaðu
Vildarpunktum



Sölutímabil er til 24. des. 2007 kl. 18:00. Bókunartímabil er til og með 25. jan. 2008. Ferðatímabil er frá 12. janúar til og með 31. maí 2008. Til Bergen, Gautaborgar, Halifax og Toronto er ferðatímabilið til og með 15. júní 2008. Jólapakkatilboð gildir til allra áfangastaða sem Icelandair flýgur til í beinu áætlunartilgi frá Íslandi. Undantekningar eru: Orlando, Salzburg, München, Madrid, Milano og Barcelona. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 500 til 12.800 Vildarpunkta. Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Farsölu í síma 50 50 100 gegn þjónustugjaldi.

Vaxtalaus jólatilboð



Jólagjöfin þín

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 45.439



Hlíðardýnur og lók fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 12.218



Hlíðardýna og lak fylgja

Papillon: Stillanlegt heilsurúm með gaffli
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 599.900,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 51.663



Senseo: Svefnsofi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 15.516



Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

www.betrabak.is

TEMPUR inniskór



Jólagjöfin

Jólagjöfin sem allir vilja fá. Tempur inniskórnir eru hlýir og notalegir, með gúmmísóla og Tempur þrýstijöfnunarefni í innlegg.



Tempur inniskór

Jólatilboð

7.700,-
Áður kr. 9.926

22%
afsláttur




Original heilsukoddi

Jólatilboð

8.075,-
1 stk. 15% afsl.

15.200,-
2 stk. 20% afsl.



Yes! sængurver

Jólatilboð

8.010,-
1 stk. 10% afsl.

15.130,-
2 stk. 15% afsl.



Hitajöfnunarsæng 140x200

Jólatilboð

24.900,-
Áður kr. 30.550,-

18,5%
afsláttur



TempraKon dúnsokkar

Jólatilboð

5.015,-
Áður kr. 5.900,-

15%
afsláttur

Jólagjöfin frá þér



Mette Ditmer rúmteppi

Jólatilboð

18.610,-
240x260 cm

20.682,-
260x280 cm



Mette Ditmer púðar

Jólatilboð frá kr.

3.085,-
fullt verð

15%
Afsláttur



Scala teppakista

Jólatilboð

35.910,-
Áður kr. 39.900,-

10%
afsláttur

Fleiri frábærar jólagjafir í verslun okkar



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-18
Sunnudag frá kl. 13-18

Ljósmyndir af flugvélum orðnar fleiri þúsund talsins

Baldur Sveinsson fékk sem barn brennandi áhuga á flugvélum. Hann byrjaði ungur að ljósmynda flugvélar af öllum stærðum og gerðum. Í nýútkominni bók Baldurs, sem ber heitið Flugvélar, gefur að líta brot af ævistarfi hans. *Ægir Þór Eysteinnsson* blaðamaður settist niður með Baldri til að ræða bókina og flugvélaástríðuna.

Þessi áhugi er í raun eldri en ég man eftir. Ég hef haft áhuga á flugvélum frá því ég allra fyrst man eftir mér," segir Baldur Sveinsson, 65 ára fyrrverandi framhaldsskólakennari, ljósmyndari og flugvélaáhugamaður.

Baldur ólst upp í Reykjavík ásamt þremur systkinum sínum, en faðir hans hafði einkaflugmannspróf og því var stutt að sækja flugvélaáhugann. „Þeir voru ófáir sunnudagsbíltúrarnir með pabba sem enduðu niðri á Reykjavíkurflugvelli. Hann hafði auðvitað meiri áhuga á vélunum út frá sjónarhorni flugmannsins en mér fannst þær bara svo spennandi," segir Baldur

Byrjaði á því að mynda mólél

Baldur byrjaði snemma að hafa áhuga á flugvélamódelismíði. „Um leið og þau fóru að berast þessi plastmólél af flugvélum, þá fór ég að leita eftir þeim. Það var svo kunningi pabba, Sverrir Jónsson flugmaður, sem kom oft með svoleiðis heim handa okkur bræðrunum frá útlöndum," segir Baldur. „Ég byrjaði að mála flugvélamódelin mín öðruvísi en stóð í leiðbeiningum og reyndi þá oft að mála þær þannig að þær líktust flugvélum sem ég hafði séð.“

Þegar Baldur var nítján ára keypti hann sér sína fyrstu myndavél, og þá var ekki aftur snúið. „Eftir að fékk myndavélina byrjaði ég að mynda mólélin mín til gamans," segir Baldur. Það var svo árið 1963 á Flugdeginum í Reykjavík sem Baldur tók sína fyrstu „alvöru“ flugvélamynd, eins og hann segir sjálfur. „Já, þetta var svona fyrsta alvöru flugvélamyndin mín. Myndin er af Neptune kabátarleitflugvél og síðan þá hef ég alltaf haldið mikið upp á þessa tegund af flugvélum," segir Baldur, en hann hefur haldið úti vefsíðu undanfarið þar sem gefur að líta hluta myndanna sem hann hefur tekið í gegnum tíðina.

„Stuttu síðar, upp úr 1964, byrjaði ég að mynda flugvélar á Reykjavíkurflugvelli. Síðan komst ég inn á flugvöllinn á Keflavíkurflugvelli í gegnum sambönd sem pabbi hafði, og þar fékk ég að keyra um og taka myndir af herflugvélunum," segir Baldur. „Það hafði enginn áður fengið að gera, en þar með byrjaði ég að safna myndum af herflugvélum.“

Dreymdi um að verða orrustuflugmaður

Það er óhjákvæmilegt að spyrja mann með jafn mikla flugvélabakteríu og Baldur, hvort hann hafi ekki dreymt um að fljúga flugvélum sjálfur. „Jú, þegar ég var smástrákur, en það var fljótt að fara. Ég sá ekki fram á að draumur minn myndi verða að veruleika, en vitaskuld kom ekkert annað til greina en að verða orrustuflugmaður og



Ég sá ekki fram á að draumur minn myndi verða að veruleika, en vitaskuld kom ekkert annað til greina en að verða orrustuflugmaður og fljúga orrustuflugvélum, en hvað eiga eiginlega margir strákar svoleiðis draum?

fljúga orrustuflugvélum, en hvað eiga eiginlega margir strákar svona draum?"

Nú eru flugvélamyndir Baldurs farnar að hlupa á þúsundum. Hann hefur verið iðinn við að mynda flestar þær vélar sem hingað til lands hafa komið, en hann hefur notið stuðnings við myndasöfnunina. „Þeir hafa verið duglegir að hringja í mig úr turninum hér og í Keflavík þegar hingað hafa komið flugvélar sem ekki hafa komið hingað áður," segir Baldur.

Erfiðast að gera upp á milli myndanna

Til að gefa sem flestum kost á að njóta myndanna ákvað Baldur að gefa út bók með flugvélamyndunum sínum. „Ég hef oft hugsað um að koma þessu myndasafni mínu út þannig að fleiri geti notið þess en ég. Það er jú líka ekki nema hálf gaman að eiga myndirnar einhvers staðar í kössum.“

Í bókinni er að finna um 320 stórar flugvélamyndir sem Baldur hefur tekið í gegnum tíðina, auk fjölda smærri myndna. Þar eru myndir af herflugvélum, farþegaflugvélum og einkaflugvélum sem annaðhvort hafa verið staðsettar hér eða hafa átt leið hér um. Mikil vinna fór í bókina, en að sögn Baldurs var erfiðast að velja hvaða myndir skyldu fara í hana.

„Ég fór í gegnum allar myndirnar mínar sem ég vissi að væru almennilegar og þá komst ég fyrst að raun um hversu gríðarlega mikill fjöldi þetta er af myndum. Ég var fljótlega búinn að velja hvaða myndir ég vildi sjá í bókinni, en þær voru hvorki meira né minna en um tvö þúsund talsins," segir Baldur. „Þá þurfti maður að fara að skera niður og það var kannski það erfiðasta við gerð þessarar bókar, að gera upp á milli barnanna minna. Það var alveg jafn erfitt og að gera upp á milli sinna eigin barna, því af hverju á maður að taka þessa mynd frekar

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BALDUR SVEINSSON Mundar myndavélina á Reykjavíkurflugvelli, þar sem hann hefur fest marga flugvéla á filmu.

en einhverja aðra, sem er jafn góð? Það fór töluverð vinna í þetta, því ég var fljótur að skrifa textann við hverja mynd eftir að ég hafði valið hvaða myndir ætti að nota.“

Ekki bara bók fyrir flugdellukalla

Baldur segir bókina eiga erindi við fleiri en karla með brennandi áhuga á flugvélum. „Það er svo margt í henni, landslagið, bakgrunnurinn og myndir af því hvernig borgin hefur breyst, þetta er miklu meira en bók sem er bara fyrir flugdellukalla. Þetta er innsýn inn í það sem ég hef verið að gera undanfarnin 43 ár," segir Baldur.

Baldur hefur gert mikið af því í gegnum árin að mynda farþegaflugvélar að beiðni íslenskra flugfélaga og er fjöldi þeirra mynda að finna í bókinni. Bandaríska varnarliðið falaðist einnig eftir starfskröftum Baldurs á meðan það var hér á landi og hefur Baldur meðal annars fengið að fljúga í F-15 orrustuþotu til að mynda slíkar vélar á flugi. Baldri er þó minnststæðast eitt sérstakt verkefni sem hann tók að sér fyrir varnarliðið.

Endaði óvænt í Englandi

„Ég flaug með tankvél varnarliðsins í haust til að taka myndir af heræfingunni Norðurvíkingurinn. Ég ætlaði að mynda þegar orrustuþotur taka eldsneyti á flugi, en þegar ég var kominn á loft tók ég eftir því að glugginn sem ég ætlaði að mynda út um var löðrandi í glussa og því enginn möguleiki að mynda út um hann," segir Baldur. „Stuttu síðar komu upp þrjár litlar bilanir í vélinni sem ég var um borð í og vegna þess að önnur biluð vél var stödd á



TVÆR NORSKAR F-15 ORRUSTUÞOTUR Þessa mynd tók Baldur á leið heim frá Englandi, eftir að hafa lent þar óvænt sökum bilunar í tankvél sem hann var farþegi í. Vélarnar tóku þátt í hernaðaræfingunni Norðurvíkingurinn hér á landi í sumar.

MYND/BALDUR SVEINSSON



FYRSTA „ALVÖRU“ MYNDIN Þessi mynd er tekin á Flugdaginn 1963 í Reykjavík og er af bandarískri Neptune kabátarleitflugvél. Þetta er elsta myndin í bókinni og skipar sérstakan sess hjá Baldri, enda um upphaldsflugvélategundina hans að ræða.

MYND/BALDUR SVEINSSON

Keflavíkurflugvelli var ákveðið að fljúga vélinni til Englands, svo ég endaði þar og þurfti að gista eina nótt. Síðan þegar fljúga átti til baka, gekk ég úr skugga um að glugginn á vélinni yrði þveginn. Það var gert og ég náði að taka nokkrar skýrar og góðar myndir af þotunum á leiðinni heim.“

Spurður um hvort Baldur ætli

að gefa út fleiri bækur með flugvélamyndunum sínum, svaraði hann: „Þetta er nóg í bili, en ég á svo sem til nóg af myndum í fleiri bækur. Eitt er víst, að safnið á bara eftir að halda áfram að stækka," segir Baldur og hlær, sem er hvergi nærri hættur að gera það sem honum finnst skemmtilegast.

→ BALDUR SVEINSSON Í HNOTSKURN

Fæddur: 25. janúar 1942 í Reykjavík.
Foreldrar: Sveinn Ólafsson framkvæmdastjóri og Aðalheiður Pálína Guðmundsdóttir húsmóðir, þeim varð fjögurra barna auðið.
Fyrstu árin: Baldur fæddist á Grettisgötu í Reykjavík og bjó þar fyrstu árin. Þaðan fluttist hann á Hjallaveg þegar hann var fimm ára gamall. Þá lá leiðin á Bústaðaveginum við tíu


ára aldurinn og síðan í Garðabæinn þegar hann var átján ára. Þar bjó hann til tvítugs eða þar til hann gifti sig og flutti aftur til Reykjavíkur.
Maki: Kristín Ingunn Jónsdóttir.
Börn: Sveinn Baldursson tölvufræðingur, Árni Jón Baldursson og Sigríður Björk Baldursdóttir leikkona.
Menntun: Gagnfræðaskólapróf frá Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Stúd-

entspróf frá Verzlunarskóla Íslands. Eitt ár í stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík. Kennsluréttindi frá Háskóla Íslands í stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði.
Störf: Starfaði sem stærðfræði- og tölvukennari við Verzlunarskóla Íslands í 43 ár, eða þar til hann komst á eftirlaun vorið 2006.

Nýtt kortatímabil!

Ódýrast í Hagkaupum

samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins 6. desember



Úr Fréttablaðinu 6. desember

Ódýrast að kaupa spilin í verslunum Hagkaupa

Hagkaup var oftast með lægst verð á borðspilum samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins. Hæst var verð í verslunum Eymundsson og Mál og menning. Meira en fjögur þúsund krónur minnsti á Trivial Pursuit þar sem munurinn var mestur.

Meistar verðinn var á spjallspilinu Trivial Pursuit, alla 7.410 krónur. Mál og menning var það í höfuðstæðum með 7.410 krónur. Trivial Pursuit var 7.410 krónur og Mál og menningur 7.410 krónur. Þetta er áhersla á Trivial Pursuit þar sem munurinn var mestur.

Meistar verðinn var á spjallspilinu Trivial Pursuit, alla 7.410 krónur. Mál og menning var það í höfuðstæðum með 7.410 krónur. Trivial Pursuit var 7.410 krónur og Mál og menningur 7.410 krónur. Þetta er áhersla á Trivial Pursuit þar sem munurinn var mestur.

Meistar verðinn var á spjallspilinu Trivial Pursuit, alla 7.410 krónur. Mál og menning var það í höfuðstæðum með 7.410 krónur. Trivial Pursuit var 7.410 krónur og Mál og menningur 7.410 krónur. Þetta er áhersla á Trivial Pursuit þar sem munurinn var mestur.



VERÐKÖNNUN Á BORDSPILUM						
	Eymundsson	Hagkaup	Mál og menning	BT	Just4Kids	Toys R Us
Party & Co.	-	4.949 kr.	-	-	-	4.999 kr.
Trivial Pursuit	7.410 kr.	-	7.410 kr.	5.999 kr.	5.498 kr.	2.999 kr.
Scrabble	-	2.999 kr.	3.810 kr.	-	-	2.999 kr.
Monopoly	6.995 kr.	5.795 kr.	6.995 kr.	-	5.798 kr.	6.499 kr.
Draumaeyjan	5.450 kr.	3.970 kr.	5.450 kr.	-	3.974 kr.	4.999 kr.

Gildir til 11. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Tækin og tólin – fyrir þessi jólin

Fyrir þá sem haldnir eru tækjadellu á einhverju stigi marka jólin upphafið að helstu gósentíð árs hvers. Á jólnum gefst þeim tækifæri til að kynna sér öll nýjustu tólin og tækin, og það sem betra er – það er hægt að biðja um þau í jólagjöf. Fréttablaðið fór á stúfana og fékk upplýsingar um þau tæki sem eru vinsælust fyrir þessi jólin.



Solis-safapressa

Hvað? Safapressur slógu í gegn hjá Íslendingum um síðustu jól og miðað við eftirspurnina í dag virðist sem heilsuvakningu Íslendinga sé hvergi nærri lokið. Margir hefja líkamsræktaráttak strax á nýju ári og þá er betra að hafa mataræðið í lagi. Solis-safapressurnar hjálpa óumdeilanlega við það með því að búa til bragðgóða og safaríka drykki úr gulrótunum, eplunum, vínberjunum og eiginlega öllu því sem hægt er að láta sér detta í hug.

Hvar? Bræðurnir Ormsson

Fyrir hvern? Konur og karla á öllum aldri – sem vilja hafa línurnar í lagi.

Verð: Frá 16.737 kr.



iPod-vagga

Hvað? iPod er hjá mörgum orðinn að jafn nauðsynlegum fylgihlut hins daglega lífs eins og veski, sími og lykjar. iPod-inn hefur hins vegar ekki fengið jafn mikið vægi og halda mætti á heimilum fólks. Einhver breyting virðist þó vera þar á því vöggurnar, sem eru til í öllum stærðum og gerðum, hafa roksest það sem af er mánuði. Virkni þeirra getur ekki verið mikið einfaldari; iPod-inum er einfaldlega stungið í græjuna og allt er tilbúið. Hjómburðurinn leynir á sér, auk þess sem um er að ræða litla og netta hátalara sem auðvelt er að taka með sér í sumarbústaðinn.

Hvar? Apple-búðin.

Fyrir hvern? Alla þá sem eiga iPod og leyfa öðrum að heyra tónlistina sína.

Verð: Frá 12.900 kr.



Nintendo Wii

Hvað? Þessi nýjasta afurð Nintendo-leikjaförframleiðandans býður upp á byltingarkennda möguleika sem gera kröfu um heldur meiri virkni spilanda en áður hefur tíðkast. Tölvun virkar þannig eins og ákveðinn sýndarveruleiki, þar sem spilendur eru hluti af leiknum. Fjarstýring Wii er búin hreyfiskynjun og með því að beina henni að skjánum, sveifla henni, snúa, hrista, velta eða hvað sem leikurinn biður um, þá færast þær hreyfingar yfir á skjáinn.

Hvar? Í öllum betri raftækja-verslunum

Fyrir hvern? Börn og unglinga frá 8 ára aldri sem vilja hreyfa sig við að spila tölvuleiki. Einnig er ljóst er að fullorðnir geta vel gleymt sér í þeirri töfnaveröld sem Wii býður upp á.

Verð: Frá 29.900 kr.



Senseo-kaffivél

Hvað? Kaffivitund Íslendinga tekur sífelltum breytingum, kröfurnar um gott og ekki síður fjölbreytt gæðakaffi eru orðnar meiri og er óhætt að fullyrða að gamla, góða uppáhellingarvélin sé smátt og smátt að verða úrelt. Senseo-kaffivélarnar eru góð lausn fyrir þá sem huga að endurnýjun í þessum efnum því þær bjóða upp á kaffi af mörgum gerðum, t.d. cappuchino og latte.

Hvar? Heimilistæki

Fyrir hvern? Alla þá sem kunna að meta gott og gæðamikið kaffi.

Verð: Frá 8.995 kr.


iPod Touch

Hvað? Fyrir þá sem eru haldnir tækjadellu á einhverju stigi, þá er iPod Touch einfaldlega málið í dag. Græjan er í raun eins og iPod í grunninn, en býður þó upp á ótal fleiri möguleika. iPod Touch er hin fullkomna lófátölva sem sameinar allt í senn; netið, tónlist, gagnaflutning, dagbók, myndbönd og margt fleira. Svo má ekki gleyma að gripurinn er einfaldtöff!

Hvar? Apple-búðin

Fyrir hvern? Alla þá sem vilja eiga nýjustu og nútímalegustu græjuna á markaðnum í dag.

Verð: Frá 42.900 kr.



Stjörnusjónauki

Hvað? Áhugi Íslendinga á gígjum og fjöllum tunglsins, stórum kúlubyrpingum, björtum og fallegum tvístyrnum, stjörnuþokum og jafnvel fjarlægum vetrarbrautum virðist vera að aukast mikið miðað við sölutölur á stjörnusjónaukum síðustu vikur. Sjónaukarnir njóta einna mestra vinsælda meðal barna og unglinga, sem vilja ólm hafa einn slíkan við herbergisgluggann til að kíkja í fyrir svefninn.

Hvar? Ormsson

Fyrir hvern? Alla þá sem hafa áhuga á veröldinni sem við lifum í, ekki síst fyrir stráka og stelpur frá 12 ára og upp úr.

Verð: Frá 9.900 kr.

Hárplokkari

Hvað? Ef marka má áhuga kvenna á hárplokkurum fyrir þessi jól virðist sem að stór hluti þeirra sé búinn að fá nóg af því að gera sér ferð á snyrtistofu með reglulegu millibili til að láta vaxa á sér fætterna. Hárplokkarnir rífa hárin upp frá rótum og innihalda sérstakt kælikerfi sem deyfa sársaukann. Þessi græja plokkar óæskileg hár hratt og auðveldlega og skilar mjúkri áferð sem endist í vikur. Með öðrum orðum: Algjör snilld!

Hvar? Elko

Fyrir hvern? Konur sem eru búnar að fá nóg af því að fara í vax.

Verð: Frá 3.495 kr.



Prádlaust heimabíó

Hvað? Í stuttu máli; heimabíókerfi með engum snúrum, engum magnara og engum bakhátölurum. Um er að ræða tæki sem samanstendur af fjölda lítilla stafrænna kraftmagnara og hátalara sem stilltir eru eftir stærð rýmis og staðsetningar tækisins. Tækið skynjar alla veggi, endurvarpar hljóði af þeim og gefur þannig þá tálheyrn að hljóðið komi aftan frá. Útkoman er fullkomið heimabíó án allra aukahluta – sem virkar. Skyldueign fyrir alla þá sem þjáast af tækjadellu.

Hvar? Hátækni

Fyrir hvern? Konur og karla sem eru búnar að fá nóg af snúrum og ótal hátölurum úti um alla stofu.

Verð: Frá 79.995 kr.

HÁSKÓLAFUNDARÖÐ

Ísland á alþjóðavettvangi – erindi og ávinningur

Málþing á vegum Háskólans á Akureyri í Ketilhúsinu. Mánudaginn 10. des. kl. 14-16

Næst á dagskrá:

Mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands – Hvers vegna?

Sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sækir Ísland fundi um mannréttindamál á vegum stofnunarinnar. Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar eru mannréttindi sett á oddinn og því tímabært að velta fyrir sér hvar við stöndum og hvert við stefnum þegar mannréttindi í alþjóðamálum eru annars vegar.

Dagskrá: Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Setning

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra
Ávarp

Guðmundur Alfreðsson, prófessor
Framkvæmdin á mannréttindum í utanríkisstefnu Íslands

Kristján Ingimarsson
Leikið atriði um mannréttindi

Jakob Möller, fyrrverandi starfsmaður SP
Að reka af sér slyðruorðið

Edda Jónsdóttir, meistaranemi
Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu 1995-2006

Árni Snævarr, fulltrúi á upplýsingaskrifstofu Sp í Evrópu:
Kynning á mannréttindaátaki Sameinuðu þjóðanna

Kristján Ingimarsson
Leikið atriði um mannréttindi

Umræður, samantekt og málþinginu slitið

Fundarstjóri:

Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við HA

Íslensk stjórnmönd efna til fundaraðarinnar í samvinnu við alla háskóla landsins. Eftir er til eins málþings eða fundar mánaðarlega og lýkur fundaröðinni með ráðstefnu vorið 2008.

Utanríkisráðherra opnar á málþinginu nýja íslenska heimasíðu framboðs Íslands til öryggisráðs Sp
www.iceland.org/securitycouncil/islenska



Fundinum verður netvarpað beint á heimasíðunni:
www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod

Bökum saman.



Allt í jólabaksturinn
á einum stað.

Úrvalsvörur á betra verði.

nettó

Akureyri, Grindavík, Höfn, Kópavogur og Mjódd Reykjavík

Plökkfisk handa þjóðinni

Ingibjörg Haraldsdóttir veit ekki hvað hún hefði gert hefði hún ekki haft Brodda Broddason í útvarpinu þegar Suðurlands-skjálftinn reið yfir. **Sigtryggur Baldursson** var ekki á landinu þegar allt skalf en hann hefur hins vegar upplifað sama ástand og er á mataræði þjóðarinnar í dag, í Ameríku sem barn. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við rithöfundinn og tónlistarmanninn um fegurð og að vera best í heimi.

Á RÖKSTÓLUM

Ef þið eigið í snarheitum að loka augunum og giska á búsetu, eftirlætissjónvarpsþátt og eftirlætisdrykk hvors annars – hvað giskið þið á?

Sigtryggur: Ég held að Ingibjörg sé Vesturbæingur, kannski bara vegna þess að hún er rithöfundur. Þeir rithöfundar sem ég þekki persónulega búa þar en þetta eru auðvitað glimrandi skilyrðingar. Ég held að Ingibjörg horfi ekki mikið á sjónvarp, nema kannski hún sé laumusjónvarpstýpa og þá eru það kannski glæpaþættir, eitthvað breskt. Svo geri ég eins og lófalesari og segi að hún sé rauðvínskona.

Ingibjörg: Þú gleymdir einu – það búa margir rithöfundar í Hlíðunum.

Sigtryggur: Já, auðvitað – Hlíðarnar!

Ingibjörg: Svo var það með sjónvarpið. Þetta er alveg hárrétt hjá honum. Það besta sem ég kemst í eru Morse-þættir. Ég horfi oft á þá á norrænu stöðvunum. Og ég er eiginlega hætt að drekka flest annað en rauðvín.

Sigtryggur: Sérðu norrænar stöðvar?

Ingibjörg: Já, blessaður vertu – ég er með breiðbandið. Einhvern veginn finnst mér svo eins og Sigtryggur sé ekki miðbæjarmaður. Og ekki í Hlíðunum, þá hefði ég séð þig þar. Laugarneshverfið?

Sigtryggur: Nei, ég er Kópavogsbúi. Ég keypti mér gamalt hús í Kópavogi fyrir örfáum árum. Og svo ólst ég upp í Kópavoginum. En það var að vísu ekki ástæðan fyrir því að ég flutti í Kópavoginn aftur. Ég er ekki svona „sækja-heimaslóðir“ týpa heldur fann ég bara svo fallegt hús.

Ingibjörg: Og uppáhaldssjónvarpsþátturinn þinn ... hmm.

Sigtryggur: Þér að segja er ég ekki með breiðbandið, en mig langar í það. Gunnar Bé hefur öðrum hnöppum að hneppa í byggingabransanum.

Ingibjörg: Ég hugsa að Sigtryggur sé líka í breskum glæpaþáttum. Og svo dettur mér strax í hug einhver regnhlífarkokkteill. Einhver með rommi.

Sigtryggur: Já, mér finnst til dæmis mojito voðalega góður. Það er rommkokkteill. Með hrásykri, mintu og lime.

Enginn lengur úti í móa

Fréttir sögðu okkur nýlega frá því að þjóðin væri orðin of feit og börn þá sérstaklega. Hafði þið einhvern tíma á ævinni sest niður og þælt nákvæmlega í mataræði ykkar? Ef þið ættuð að hanna matseðil þjóðarinnar þannig að hún yrði með glaða bragðlauka en jafnframt í góðu formi – hvaða þrjá rétti mynduð þið setja á seðilinn?

Ingibjörg: Já, ég hef oft og mörgum sinnum sest niður og þælt í mataræði mínu. Og ég hef lært þetta á langri ævi: Það er bara tvennt sem maður getur gert til að grenna sig: Það er að hreyfa sig meira og borða minna. Ég reyni að fara eftir þessu en það gengur ekkert. Það er bara einhver veik-



ÍSLAND - BEST Í HEIMI Ingibjörg Haraldsdóttir og Sigtryggur Baldursson eru sammála um að plökkfiskur og lambkjöt myndi bæta holdafar þjóðarinnar. Sigtryggur myndi líka bæta grænmeti inn á listann og Ingibjörg hrísgrjónagraut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

→ HVAD VISSU ÞAU?

Á milli Ingibjargar og Sigtryggs eru 20 ár.

Þau eru bæði fædd í október.

Þar til nú hafa þau aldrei hist.

Þetta vissu þau um hvort annað:

Sigtryggur vissi að ... „Ingibjörg er rithöfundur og fyrrverandi blaðamaður og hefur búið astantjalds. Í undirmeðvitundinni hef ég svo haft hana grunaða um að vera húmorista. Líklega hef ég einhvern tímann heyrt hana segja eitthvað myndi.“

Ingibjörg vissi að ... „Sigtryggur væri tónskáld. Ég hef séð hann í sjónvarpinu og fundist músíkin sem hann stendur fyrir mjög áheyrileg og myndin. Svo vissi ég ekki meir.“



leiki. En ég kann sem sagt aðferðina.

Sigtryggur: Ég þæli mikið í því hvað ég borða og hef gaman af því að elda. Ég bjó í Ameríku þegar ég var barn, frá sex til tíu ára aldurs, og fitnaði. Þá át ég mikið af sælgæti því menningin eins og hún var úti þá er eins og hún er núna hér heima. Sætindaát er orðið hluti af matarmenningu fólksins á heimilinu. Þá úðaði maður í sig súkkulaðismákökum alltaf þegar maður kom heim úr skólanum. Þetta gerði fólk ekkert hér á Íslandi í þá daga, þótt þetta þyki sjálfsagt í dag. Svo kom ég heim, var dreginn út í móa og fór út í skyldingur og fótbolta og þá rann af mér spikið. Ég var orðinn lítill feitur Kani.

Ingibjörg: Svo er það sama að gerast hér heima. Tölvuleikirnir og sjónvarpið tekið við af útileikjum í dag þannig að nú er enginn úti að leika sér. Leikvellir dauðir og enginn úti í móa.

Sigtryggur: En Ingibjörg, þú verður að byrja á að hanna matseðilinn fyrir þjóðina.

Ingibjörg: Plökkfisk.

Sigtryggur: Heyr, heyr,

Ingibjörg: Hrísgjónagraut og lambkjöt.

Sigtryggur: Ég myndi bæta við svolitlu grænmeti. Ég myndi því segja: Stórt salat, nóg af plökkfiski og lambkjöti.

Lestu ekki kvennabækur?

Nú er ekki nema tæpur mánuður í jólin. Hvaða jólagjöf langar ykkur í ef þið verðið að velja ykkur harðan pakka? Ef þið fengið að ráða hvað jólasveinninn setur í skóinn hjá börnunum – hvað mynduð þið láta hann setja?

Ingibjörg: Jólagjöf segirðu. Jú, ég veit, ég veit. Ég er búin að fá Bibí þannig að mig langar í bókina hennar Kristínar Marju.

Sigtryggur: Hvað heitir hún segirðu?

Ingibjörg: Óreiða á striga. Framhaldið af síðustu bók hennar, Karítas. Þú lest ekki kvennabækur eða hvað?

Sigtryggur: Uuuu...

Ingibjörg: Greinilega.

Sigtryggur: Jú, jú.

Ingibjörg: Hahaha!

Sigtryggur: Víst hef ég lesið kvennabækur! Einhvern tímann!

Ingibjörg: Eina?

Sigtryggur: Ég er kominn á jarðsprengju-svæði. Í hörðum pakka vil ég fá ævisöguna hennar Ingibjargar. Já, í fyllstu alvöru. Ég væri alveg til í að lesa bókina hennar Ingibjargar. Svona án þess að ég sé að reyna að sleikja mig eitthvað upp við hana.

Ingibjörg: Hvað eigum við svo að setja í

NEXUS

HVERFISGATA 103 • 101 RVK
S. 552 9011 • nexus@nexus.is

OPÍÐ VIRKA DAGA 12-19:30 HELGAR 12-18:00

DVD JÓLAMARKAÐUR NEXUS

OPNAR MÁNUDAGINN 10. DESEMBER KL. 12

STÓRAUKIÐ ÚRVAL!

1

THE Sopranos




Eitt mest verðlaunaðasta sjónvarpsverk frá upphafi er á enda og nú loks komið út í heildarútgáfu. Allar 6 seríurnar saman í einum pakka. (einnig fánlegar í lausu)

Enskt tal - Enskur texti

TILBOÐ 22.999 kr. ~~ÁÐUR 24.999~~

ROME



Hnignum hins rómverska heimsveldis séð með augum tveggja hermanna í þjónustu Sesars.

Mögnuð þáttaröð með gripandi sögu sem gefur einstaka sýn inn í horfinn menningarheim.

Heildarútgáfa með báðum seríunum (einnig fánlegar í lausu).

9.999 kr. Enskt tal - Enskur texti.

BATTLESTAR GALACTICA



Plánetan Caprica hefur verið knésett af kaldlyndum vélmönnum. Eftirlifandi íbúar flytja í geimskipaflota með nær-úrelta orrustuskipið Galactica í fararbroddi.

Raunir löngu gleymds anga mannkyns eru rétt að hefjast!

Allar þrjár seríurnar til þessa í einum pakka! (einnig fánlegar í lausu).

9.999 kr. Enskt tal - Enskur texti.

FAMILY GUY



100 spilapeningar, 2 spilastokkar, 4 glasamottur, 2 ölkælar og 4 teningar. Já, og tæplega 2000 mínútur af lífi Griffin-fjölskyldunnar stórskemmdu.

Allar teiknimyndaseríurnar 6 til þessa (og myndin hans Stewie að auki!) í partypakka sem ætlað er að kæta jafnvel hörðustu fýlupoka. Seríurnar einnig fánlegar í lausu.

18.999 kr. Enskt tal - Enskur texti.

NÝLEGAR TEKNIMYNDIR DISNEY HRYLLINGUR SCI-FI/KÖLT AÐSKT RÓMANTÍK JÓLA GÆÐA KLASSÍK



ÓTEXTAÐ RISA DVD TILBOÐ ÓTEXTAÐ

YFIR 1000 TITLAR Í BOÐI 3 MYNDIR Á 2.599 kr. EÐA TVÆR Á 1.999 KR.



DVD JÓLAMARKAÐUR



Í RITSTJÓRN CHRIS WARE
BEST AMERICAN COMICS 2007
 Úrval "listrænna" myndasagna.
 Innbundin bók.
2.310 kr.



ENDUR-
 ÚTGEFID

1. BINDI MEISTARAVERKS OSAMU TEZUKA
PHOENIX - DAWN
 Fyrsta bókin í hinn episku Phoenix sögu Osamu Tezuka loks fánleg aftur. Eitt metnaðarfullsta verk myndasöguheimsins. Frábært verk eftir höfund 'Buddha' og ókrýndan konung japanska myndasöguformsins.
1.675 kr.



THE INCREDIBLE HULK
PLANET HULK
 Sjaldan hefur Hulk verið notaður jafn skemmtilega! Hér er sá stóri græni gerður að skylmingapræl á fjarlægri plánetu.
 Innbundin bók.
3.999 kr.



BYGGT Á SJÓNVARPSÞÁTTUNUM
HEROES - 1. BINDI
 Nýjar sögur af hetjunum vinsælu.
 Innbundin bók.
2.999 kr.



MEISTARAVERK NEIL GAIMAN
ABSOLUTE SANDMAN
 Nú er helmingur þessa stórkostlega sagnabáls Neil Gaiman um konung draumana og elífa fjölskyldu hans komin út í sannkölluðum viðhafnarútgáfum.
 Innbundnar í gjafaöskju
9.999 kr. stk.



MANGA SERÍA EFTIR KIYOHICO AZUMA
YOTSUBA
 Sérstaklega sæt og fyndin saga um einstaka litla stelpu.
1.050 kr. stk.



FRANK MILLER
300
 Stórkostlegur ástaróður Frank Miller til fornra hetja og einnar sögufrægustu orrustu allra tíma.
3.150 kr.

ÖNNUR
 VERK EFTIR
 FRANK
 MILLER



DARK TOWER SERÍA STEPHEN KING
THE GUNSLINGER BORN
 Forsaga Dark Tower ævintýris Stephen King. Ein fallegasta bók ársins.
 Innbundin bók.
2.499 kr.



PERRY BIBLE FELLOWSHIP - NICHOLAS GUREWITCH
THE TRIAL OF COLONEL SWEETO
 Frábær bók, full af meinfýsinni kímni. Þeir sem hafa gaman af Hugleik ættu að kíkja á þessa.
 Innbundin bók.
1.575 kr.



HIN LANGÞRÁÐA 8. SERÍA EFTIR JOSS WHEDON
BUFFY - THE LONG WAY HOME
 Beint framhald síðustu þáttaraðar um Buffy og félagi. Fyrir alla aðdáendur vampirubanans og vina hennar.
1.675 kr.



GRANT MORRISON & ANDY KUBERT
BATMAN AND SON
 Ný bók eftir meistara Grant Morrison. Það getur hreinlega verið HÆTTULEGT að eignast barn í lausaleik.
 Innbundin bók.
2.499 kr.

EINNIG
 FAANLEG
 ALL STAR
 SUPERMAN
 2099 kr.



LEAGUE OF EXTRAORDINARY GENTLEMEN
BLACK DOSSIER
 Nýjasta meistarastykki Alan Moore, höfundar "From Hell", "V For Vendetta" og "Watchmen".
 Innbundin bók.
2.999 kr.

ÖNNUR
 VERK EFTIR
 ALAN
 MOORE

Desember 2007

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]



Lífið ER BARA dónalegt

Ef einhver skynjar úr bókum mínum dónaskap þá vísa ég bara þangað, til lífsins og sannleikans. Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir talar um náttúru-laugar bækur, strákana og sögur sem gott er að heyra.

STEYNSTEYPT MENNING ■ ÞÓRARINN ELDJÁRN ■ NÓVEMBERUPPBOÐIN ■ ÓLAFUR GUNNARSSON ■ ÞÓRUNN BJÖRNSDÓTTIR ■ ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON ■ BIRNA BJARNADÓTTIR ■ JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON ■ YRSA SIGURÐARDÓTTIR ■ BENEDIKT ERLINGSSON ■ ÞÓRUNN VALDIMARSDÓTTIR ■ SIGTIÐ ■ BRAGI ÓLAFSSON ■ GERÐUR KRISTNÝ ■ SIGURÐUR HRÓARSSON ■ HILDUR HEIMISDÓTTIR ■ ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON ■ BRYNHILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR ■ ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON ■ LED ZEPPELIN ■ EINAR KÁRASON ■ HELGA BREKKAN ■ BLÁU NEFIN ■ BERGSTEINN SIGURÐSSON ■ DUGGHOLUFÓLKID ■ SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR ■ ÞRIÐJA RÍKIÐ

VERÐLAUN OG VEGTYLLUR

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna eru til umræðu. Eðlilega. Verðlaun skulu standa undir nafni og endurspeglu á sannfærandi hátt sinn stofn. Komið er í ljós að fyrirkomulag vals og úrslita verðlauna bókaútgefenda er umdeilanlegt. Greiða verður fyrir hvert rit sem skal koma til álitu – sú greiðsla hefur í nær tvo áratugi verið hin sama – 25 þúsund. Ekki nema lítil hluti þeirra tveggja þúsunda rita sem koma út í ár kemst í pottinn. Útgefendur margra fræðirita og bókmenntaverka telja sig ekki eiga erindi í þann slag. Eru ekki með. Sem skekkir myndina strax. Tvær þriggja manna nefndir velja síðan úr bunkanum sem borgaður er inn. Tíu verk fara síðan til lokaálits hjá þriðju nefndinni. Íslensku bókmenntaverðlaunin eru peningaverðlaun – þess vegna er aðgangseyririnn. Hefur verðlaunaupphæðin í báðum flokkum staðið í stað um langt skeið. Athugasemd Sigurðar Pálssonar um að verðlaunaféð þyrfti að vera 10 milljónir svo verðlaunin skiptu máli er hárrétt.

Nýlega hefur Þráinn Bertelsson upplýst að hlutur höfundar af seldu eintaki á meðalverði sé um 500 krónur. Heiðurslaun Alþingis munu vera um 120 þúsund á mánuði, grunnlaun starfslauna ekki helmingi meiri. Það er því ljóst af þessum tölum að hagar höfunda bæði fræði- og bókmenntaverka er afar rýr. Þeir eru heftaðir flestir á fátæktarjötu, verða að framleiða látlítið með reglulegu millibili. Og spyrja má hvort það sé bókmenntum til framdráttar.

Víst er ríkisstyrkur til fræða og bókmennta nauðsynlegur á þeim örmarkaði sem Ísland er. Ákafi íslenskra höfunda til útrásar er því skiljanlegur, heimamarkaður og stuðningur af skattfé til bókmenntasköpunar dugur mönnum ekki til framfærslu og þeirrar aðstöðu sem nútímahöfundar verða að hafa. Og ekki er að minnka mikilvægi þess að rekinn sé í landi þróaður bókiðnaður sem á öllum sviðum stenst samkeppni. Ein forsenda þess er að rithöfundum séu tryggð sæmileg laun. Geti útgefendur ekki tryggt það verður að líta til stærri hagsmuna – þjóðarhags.

Starfslaunakerfið er komið til ára sinna og ekki kvaldi höfðingsskapur þingheim þegar sett voru niður mörk fyrir launagrunni í þeim lögum, þingheimur er gjafmildari þá hann dæmir í eigin sök og skaffar sér laun og eftirlaun. Stjórnvöld ættu að taka það til endurskoðunar, styrkja það enn og auka.

Hagsmunaaðilar sem standa fyrir viðurkenningum, Grímu, Eddu, Sjónlistaverðlaunum og Íslensku tónlistarverðlauninum verða á hverjum tíma að líta til framkvæmdar, hvort sem hún fer fram í fámenn- um hópi eða stórum. Þeir verða að meta það við áhugamenn og fjölmiðla að rætt sé á opinberum vettvangi um verkætti við val og eiga að fagna þeim áhuga. Vegtyllur af þessu tagi er hnykkur á þeirri almennu athygli sem listalífið í landinu nýtur. Umræður um þau eru vottur umhyggju.

ÍSLENSKT HANDVERK

Kraum í Aðalstræti

Sérverslanir með íslenska listhönnun eru fáar þótt stöðugt fjölgi þeim sem vinna á þeim akri. Í gamla innréttingahúsinu við Aðalstræti eru sýningar salir fyrir slíka muni og Kraum sem selur og sýnir íslenskt handverk af ýmsu tagi. Þar koma að sjötíu hönnuðir. Valið á verkum til sölu er vandað og gefur því að líta það sem best er gert í íslenskri listhönnun: fatnað, skartgripur, leður og roð, nytjahluti, húsgögn, bækur og plötur.

Í gær opnaði Handverk og hönnun jólasýningu í framhúsinu, en á sýningarlofti í bakhúsinu er sýning á húsgögnum eftir Erlu Sólveigu Óskarsdóttur og lampi Aðalsteins Stefánssonar. Bæði vinna á alþjóðlegum vettvangi. Þá er ótalið það sem er á boðstólum í Kraumi. Áhugasamir sem ekki eiga þess kost að leggja leið sína í Aðalstrætið næstu daga geta lítið á vefsíður: www.kraum.is, og www.handverkoghönnun.is.



Best er þó að líta við í þessu aldna húsi: Tóvinnuhús er það merkt á uppdráttum frá Skúla Magnússyni sem hóf iðnað hér í borginni sem hafði fram til þessa verið stopull á verslunarstöðum og biskupstólum. Það er reist 1764 og var eitt þeirra húsa sem stóðu við þá einu götu sem Reykjavík var þá.

Halla Bogadóttir, forstöðukona í Kraumi, við sýnishorn af íslenskri listhönnun sem hún selur í fógetahúsinu.



MOSKVA

trúir ekki á tár



Kosningarnar um síðustu helgi í Rússlandi færðu flokki Pútíns forseta stóran meirihluta í Dúmuni. Þá hefur flokkur hans og liðið sem að honum stendur enn hert tökin á samfélagi þar austur frá, ekki aðeins í þeim hlutum landsins sem standa næst Vesturlöndum, heldur líka í fjarlægari þörtum sem lúta stjórninni í Moskvu. Þá ræður valdastéttin í Rússlandi öryggislögreglunni, hernum, fjölmiðlum, olúidnaði og nú herma fréttir að áhugi þeirra á listrænu starfi þar í landi hafi aukist. Fyrir fáum vikum fyrirskipaði menningarmálaráðherra landsins að saklaus ljósmynd úr fórum listahópsins Bláu nefin yrði ekki sýnd á sýningu í París. Myndin sýnir tvo lögreglumenn standa í birkiskógi að kyssast og heitir Tímabil miskunnar. Bláu nefin vinna einkum með ljósmyndir sem eru kátleg en miskunnarlítill umfjöllun um ýmis fyrirbæri sem yfirvöld, veraldleg og andleg yfirvöld þar taka nokkuð alvarlega.

Það er einmitt samtíðin valdastofnana sem fólk í listalífi landsins stendur stuggur af. Hálf tylft listamanna hefur verið ákærð fyrir myndlist sína og galleríustinn Marat Guelman var tekinn og laminn af hópi manna á götu fyrir nokkrum mánuðum. Hann hefur um langt árabíl rekið gallerí sem sýnir list utan við alfaraleið. Um þessar mundir er þar uppi sýning á verkum eftir Marilyn Manson, en við galleríð hefur stór hópur listamanna komið að, þar á meðal Bláu nefin, sem voru fulltrúar Rússlands á Feneyja-tvíæringnum bæði árið 2003 og 2005. Hann hefur rekið töfguga starfsemi bæði í Moskvu og í Kiev og beitt sér fyrir sýningarhaldi víða um landið, meðal annars stutt fréttasíðuna www.gif.ru, en þar má fylgjast nokkuð með sýningarhaldi í Rússlandi á verkum listamanna sem eru leitandi að nýju máli fyrir hið mikla land sem skóp þá. Þá er forvitnilegt að skoða síður gallerísin www.guelman.ru.

Nú eru horfur á að sverfi til stáls með róttækum listamönnum og

íhaldssömum, sumir segja afturhaldssömum, öflum í stjórnkerfi Rússlands og þegar til átaka kemur þar milli hópa listamanna eru engin grið gefin. Ýmsir hafa einmitt óskað griða: þeirra meðal hinn kunnni leikstjóri og leikari Nikita Mikhalkov. Yngstu myndir hans til að sjást hér á landi voru Rakarinn frá Síberíu 1998, Brunninn af sól frá 1994, sem hann hlaut bæði verðlaun í Cannes og Óskar fyrir; Svörtu augun frá 1987 og Óklárað verk fyrir sjálfspilandi pianó frá 1977. Mikhalkov vinnur nú að framhaldsmynd eftir Brunninn af sól en þegar hann talar hlustar Rússland. Þeir bræður Andrei Konchalovsky hafa lengi verið í forystu listamanna í Rússlandi, enda komnir af listafólki í þriðja ættlið. Faðir þeirra samdi þjóðsönginn.

Mikhalkov tilheyrir hópnum kringum Pútín og skoraði á hann „fyrir hönd fjölda listamanna“ að breyta lögum um áframhaldandi setu á forsetastóli. Mótmæli risu víða og hafa málsmetandi menn í ýmsum listgreinum stigið fram og mótmælt áskoruninni. „Framtíð okkar er fortíð,“ segir rithöfundurinn Sorokin í viðtali við International Herald Tribune í síðustu viku. Mikhalkov neitar því ekki og segir „modus operandi“ Rússlands vera menntaða íhaldssemi og á þá við valdstjórn sem virðir hefðir trúar og fornra síða.

Það eru samtök heima fyrir sem hafa sótt til saka einstaklinga sem stóðu fyrir sýningunni um rússneska samtímalist í París fyrr á þessu ári. Talið er að hún hafi komist á koppinn fyrir afskipti franskra yfirvalda. Lítið var um mótmæli rússneskra listamanna þegar koss löggunnar var tekinn af sýningunni og þykir mörgum það til marks um óttann sem ríkir nú í Rússlandi. Guelman talar um sefasýki gegn vestrænum áhrifum sem leggist brátt yfir listalífið. Raunar hefur list frá Rússlandi vakið minni athygli hin síðari misseri, einkum vegna framgöngu kínverskra listamanna í myndlistarheiminum. Guelman segir rússneska list vera íroníska í eðli sínu og svo hafi verið um langa hríð, en það kalli fram sjónarmið sem stjórn ríkis og kirkju kunni illa við. Sagan sýnir að alla síðustu öld földu andófsöfl sig í skjóli lista. Því er spáð að úrslit kosninganna fyrir viku kalli enn á slíkt skjól fyrir tjáningarfrelsið og ýmsir hópar muni á næstu misserum sækja hart að því skjóli.




GUELMAN GALLERY, MOSCOW

SÍÐASTA BÓK BJÖRNS TH.

Í þessari margslungnu sögu frá Sturlungaöld segir frá systurum tveim, Þórum Guðmundsdætrum frá Þingvöllum og þungum örlögum þeirra, en Þóra yngri var móðir Gissurar jarls.

Tær stíll og myndvísi á sviðsetningu atburða bregst Birni ekki í þessari bók fremur en í fyrri bókum hans.


**SÍÐASTA BÓK EINS MESTA
STÍLSNILLINGS ÍSLENDINGA**



DANSKA FRÚIN Á KLEPPI

Danska frúin á Kleppi er saga Kaupmannahafnarstúlkunnar Ellenar Johanne Kaaber sem gegn vilja vandamanna heldur um hávetur til Íslands árið 1909 og giftist Þórði Sveinssyni, yfirlækni hins nýstofnaða Kleppsspítala. Bókin byggist á sendibréfum og fjallar um uppvaxtarár Ellenar, giftingu hennar og búsetu hér. Bréfaskipti Ellenar og Þórðar eru þungamiðja bókarinnar og baksvið þeirra er sjálfstæðisbarátta Íslendinga og bókmenntir samtímans. Tengdadóttir Ellenar, Hildigunnur Hjálmarsdóttir, tók saman.

**YNDISLEG BÓK UM
UPPHAF NÚTÍMANS Á ÍSLANDI**



SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

ER KÍNA ÞRIÐJA RÍKIÐ?

Pistillinn
Benedikt
Erlingsson
leikstjóri

Afi minn og amma gátu spurt sig í upphafi 20. aldar: Verðum við sjálfstæð þjóð? Foreldrar mínir spurðu í miðju kaldastríðinu: Erum við raunverulega sjálfstæð þjóð?

Ég er af þeirri kynslóð, sem getur spurt: Hvað er þjóð og hvað er sjálfstæði? Til hvers?

Ég get spurt af því að í dag er erfitt að efast um raunverulegt sjálfstæði og fullveldi þessarar þjóðar.

Erlent setulið/varnarlið hefur yfirgefið eyjuna okkar og Ísland þar með flutt að heiman undan væng ameríska arnarins og komið út á götuna í alþjóðlegt samfélag þjóðríkja.

Svo erum við nýrík.

Og því hljótum við að vera raunverulega fullvalda og sjálfstæð því eins og Davíð minnti okkur alltaf á hvern einasta 17. júní: ... sjálfstæði án efnahagslegs sjálfstæðis er orðin tóm og einskis virði.

En ég vil vekja athygli á því að forsetinn minn, hann Ólafur Ragnar Grímsson, lét víst hafa eftir sér, að útrás Íslendinga í jarðvarmann í Kína gæti orðið svo stórt verkefni að orkuvyrirtækin og allir bankar Íslands kæmust ekki yfir að gera neitt annað.

Hann var nýkominn heim eftir að hafa lagt alla atorku sína og dugnað í að ryðja brautina fyrir íslenska viðskiptamenn inn í miðju kínverska flokkraðisins því eins og allir vita er það eina leiðin til að fá að græða peninga í Kína.

Á meðan forsetinn okkar var í Kína var verið að berja niður allt andóf í nágrannaríkinu Búrma.

Nú þegar þetta er skrifað er löngu búíð að hreinsa allt draslið af götunum eftir munkana og annað andófsfólk.

Kínversk stjórnvöld voru margbeðin um að grípa inn í gang mála.

Búrma er jú einhverskonar rassvasaríki Kínverja.

En þeir máttu ekki vera að því.

Það hefur sjálfsagt þótt ankannalegt í Peking að vera beðinn um að beita sér gegn herforingjum í Búrma fyrir vinnubrögð sem eru viðtekin í Kína.

Í Kína beita núverandi stjórnvöld stefnu gagnvart þegnum sínum sem kalla mætti aðskilnaðarstefnu (Apartheid).

Þeir sem ekki hugsa, trúna og tjá sig rétt og í góðum flokksanda eru skilgreindir sem annarsflokks þegnir og eiga á hættu að vera sviptir réttindum og stöðu, fangelsaðir, pyndaðir eða skotnir með vélbyssu úti á torgi.

Það má líka kalla þetta kúgunarstefnu og hún hefur verið víðloðandi kínverska stjórnarhætti í háa herrans tíð.

Reyndar er mannkynssagan rík af dæmum um stjórnvöld sem hafa tileinkað sér þessa aðferð um lengri eða skemmri tíma.

En í dag, þegar þetta er skrifað, er það nú samt svo að ekkert ríki í veröldinni hefur stofnanavætt ofbeldið gegn borgurinum jafn grímulaust og Kínverska alþýðulýðveldið.

Virðist vera grundvallaraðferð innan stjórnsýslunnar.

Það hefur verið trú margra vestrænna stjórnmalámana að hægt væri að lækna Kína af mannvonskunni með því að gefa því inn: kapitalisma.

Af efnalegri velsæld myndi spretta humanismi og eignaréttindum myndu fylgja mannréttindi.

Þessvegna hefur hið kapitalíska sólskin baðað Kína í áratugi, mörgum til peningalegra hagsbóta.

En það má öllum vera ljóst að virðing fyrir manneskjunninni virðist ekki vaxa í þessu vestræna sólskini.

Samkvæmt nýjustu skýrslu Amnesty International hefur ástandið versnað í Kína og ofsóknir á hendur fólki hafa aukist.

En þó lyfið virki ekki tímur læknerinn ekki að hætta að gefa út lyfseðlana því á einhverju verða læknað að lífa.

Vesturlönd hafa með öðrum orðum eftir þennan



dreka og gefið honum voldugan töfrastaf í aðra hönd sem stráir peningum yfir þá sem klóra honum á maganum en í hinni hendi heldur hann á blóðugum refsivendi sem hann beitir miskunnarlaust á kínversku þjóðina.

Ætli forsetinn minn sé búinn að átta sig á þessu?

Á síðasta flokksþingi fyrir framan suðandi sjónvarpsvélar lofaði forseti Kína, Hu Jintao, því sem hann kallaði „takmarkaðar lýðræðisumbætur“.

Samt á þó að fara varlega því þannig breytingar gætu tekið „tug eða jafnvel tugi kynslóða“.

Sé miðað við klassískan kynslóðareikning þá eru hverri kynslóð gefin 30 ár. Þrjár kynslóðir á öld. Lýðræðisumbætur sem ná fram eftir einn tug kynslóða taka ca 300 ár. Ef við erum að tala um fleiri tugi kynslóða, segjum bara 3 tugi. Þá er hann Hu Jintao að boða lýðræðisumbætur sem ná fram eftir ca 900 ár.

Það vita allir að þetta lýðræðistal Hu Jintao er bara sleikipinni, réttur Vesturlöndum til að taka með sér á Ólympíuleikana í Peking.

Og vonandi endist þessi sleikipinni út alla leikana svo við getum með góðri samvisku horft á eitthvað skemmtilegt í sjónvarpinu næsta sumar.

Í dag er vitað meira um ofsóknir kínverska ríkisvaldsins og mannréttindabrot heldur en vitað var um ofsóknir stjórnvalda í Þriðja ríkinu þegar heimurinn skundaði á leikana í Berlín 1936.

Samt voru ofsóknirnar í Þýskalandi ekkert leyndarmál. Lagabálkar sem útilokuðu gyðinga og þinghúsbrennan töluðu sínu máli og flóttamenn um allan heim sem reyndu eins og þeir gátu að upplýsa heiminn um glæpalýðinn, sem kominn var þar til valda.

Í dag getum við furðað okkur á vilja nágrannaþjóðanna á þeim tíma til að líta í hina áttina. Samstarfsviljinn og samvinnupólitikin með fasismanum er skammarblettur í sögu Evrópu. Einn af mörgum.

Í dag finnst okkur hreinlega skammarlegt hve margir vinstrimenn á vesturlöndum sýndu kúgunarstefnu Sovétríkjanna og austurblokkarinnar mikinn stuðning og samúð.

Enn sorglegri er samstaða frjálslyndra hægri-manna með utanríkispólitik Bandaríkjanna með studdu glæpamannaherforingastjórn um allan heim sem ofsóttu borgara sína jafn miskunnarlaust

og vöndu kallarnir hinumegin við jártjaldið.

Sleikipinninn sem menn stungu upp í sig, þar sem þeir húktu ofaní kaldastríðs skotgrófum, hafði bragð af tilgangi sem helgaði meðalið.

Utanríkisráðherrann minn hún Ingibjörg Sólrún sagði um daginn „að mannréttindi eiga að vera samofin öllu atferli í utanríkisstefnu Íslendinga“.

Ég er henni þakklátur fyrir að lýsa þessu yfir. Ég trúi því að það sé mikilvægt fyrir allan heiminn að lítið þjóðríki eins og Ísland taki mannréttindi alvarlega og standi með mennskunni og helgi lífsins.

Ég trúi því að það geti skipt máli og þokað einhverju til betri vegar, sett viðmið, orðið til eftirbreytni.

Að fulltrúar smáríkisins Íslands æpi af öllum kröftum þegar keisarinn er ekki í neinum fötum.

Þetta hefur alltaf verið mikilvægt og er það einnig nú á okkar tímum þar sem við búum í heimi þar sem ríkja þrjú ill stórveldi.

Þar fer fremst ríki hræsninnar: Bandaríkin.

Leiktjaldalýðveldið Rússland.

Og svo þriðja ríkið: Kína.

Þessi þrjú stórveldi beita kúgunarstefnu á einn eða annan hátt gegn borgurum sínum eða öðrum borgurum í öðrum ríkjum.

Þau ljúga markvisst að heimsbyggðinni. Þau ógna einstaklingum og öðrum þjóðum og öll liggja þau í einhverskonar hernaði eða hersetja önnur ríki. Þau beita pyntingum og fangelsunum án dóms og laga.

Er henni Ingibjörgu þetta ljóst?

Herra Sigurbjörn Einarsson biskup skrifaði greinarkorn í Morgunblaðið um daginn sem mér fannst vera stílað á fulltrúa mína á alþjóðavettvangi en einnig á mig sjálfan af því að ég er borgari með atkvæðisrétt og utanríkispólitík Íslands er rekin meðal annars í mínu umboði.

Þar að auki er ég Reykvikingur og þar með einn af eigendum Orkuveittunnar. Og svo finnst mér þetta bréf eiga erindi við Svandís Svavarsdóttur og Dag B. Eggertsson borgarstjórnarmann minn sem er með mastersgráðu í mannréttindum.

„Síðar meir hafa fallið þungir dómur um þá, sem töldust bera ábyrgð á slýsförum mannkyns...“

Enginn vildi vera því marki brenndur sem þeir fengu og gengu með síðan.

Ekki er hitt síður satt og sannreynt, að menn hafa fallið fyrir blekkingum og lygum, kropið fyrir slöttugum föntum, hyllt kjassið og sleikt hófa og klær samviskulausra niðinga.

En þegar menn og atburðir líðins tíma eru dæmdir á einn veg andmælaust virðist enginn þurfa að spyrja sjálfan sig, hvernig honum hefði farið á þeim tíma og í sporum þeirra, sem þá féllu illa á prófi.

Hvort hann hefði stutt eða fellt Sókrates.

Hvort hann hefði játast eða hafnað Kristi.

Og hvað hann stóður eða hverju hann bregst á líðandi stundu.“

Ég vil leggja til að ríkisvaldið og allir þessir öflugum menn og konur sem þyrstir í kínverska útrás, taki nú höndum saman og standi fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Reykjavík um mannréttindi í Kína og þróun þeirra.

Þjóði hingað háttsettum kínversku valdsmönnum, fræðimönnum, sagnfræðingum, mannréttindapostulum og útlægum andófsmönnum, fulltrúum Falun gong og svo að sjálfsgöðu Dalai Lama.

Þetta er sjálfsagt og nauðsynlegt svo við sem sjálfstæð og fullvalda þjóð getum tekið upplýsta ákvörðun um hvort og hvernig við ætlum að gera heiminn betri með því að ganga undir vænginn á kínverska drekanum.

Benedikt Erlingsson er leikhúsaður og áhugamaður um mannréttindi og íslenska utanríkispólitík.

LED ZEPPELIN ANNAÐ KVÖLD

Annað kvöld stíga Jimmy Page, Robert Plant og John Paul Jones á svið í fyrsta sinn eftir tólf ára hlé. Verður það á tónleikum í London til heiðurs Ahmet Ertegun, fyrrverandi yfirmanni Atlantic sem gaf plötur hljómsveitarinnar út. Með þeim á sviðinu verður Jason Bonham, sonur John Bonham trommuleikara sem lést af völdum ofdrykkju 1980. Við andlát hans tilkynntu þremmenningarnir að nú væri ferli hljómsveitarinnar lokið. Þeir komu að vísu fram er þeir voru heiðraðir í Frægdarhöll rokksins 1995, en það taldist vart með. Þeir sem til þekkja segja endurkomu lengi

hafa staðið til og lengi var fjandskap þeirra Plant og Page við John Paul Jones kennt um að ekki varð af. Hann var raunar sá sem vann allar útsetningar Zeppelin á þeim tólf árum sem bandið starfaði. Ef Page og Plant voru spurðir hvað væri þeim efst í minningunni sögðu þeir það kraftinn á sviðinu. Þeim var þá bent á að þeir þyrftu ekki að hitta John Paul Jones nema þar. Og í sumar kom bandið saman á ný „einhvers staðar í Englandi“ eins og sagt er. Hinn 10. júní var slegið í og tekin nokkur lög aftur og eftir rennsli í gegnum nokkra óþusa voru menn himinlifandi:



Led Zeppelin í blábyrjun 1968 meðan allt var í góðu gengi, drykkjan ekki farin að setja sinn svip á líf og háttu John Bonham.

reynslunni líktu allir þrír við hreinsun, verulega tilfinningasamar eftirmiðdagur. Einhver stakk upp á lagi og svo var spilað, eins og menn hefðu engu gleymt á þessum áratugum frá því bandið vann saman.

Eftirvænting er mikil fyrir tónleikana annað kvöld og er eins víst að bandið leggi aftur fyrir sig konserta. Raunar er þetta ein sú af hljómsveitum sjöunda og áttunda áratugsins sem margir vildu sjá spila á ný. Enn má kaupa miða fyrir annað kvöld þegar þetta er skrifað: þeir kosta frá 113 þúsund upp í 353 þúsund. Það er því ekki nema von að eitthvað af miðum sé eftir.



Jóhannes Sveinsson Kjarval og fleiri

Kjarvalsstaðir

2. des. – 30. des. 2007

Falinn fjársjóður

Sýningin er unnin í samstarfi við Landsbankann og varpar ljósi á fjölbreytt listaverkainnkaup bankans í tilefni af 120 ára afmæli hans árið 2006. Meðal nýrra verka er Hvítasunnudagur Kjarvals, sem nýlega kom til landsins og hefur aldrei verið sýndur áður á Íslandi.

Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri verður með leiðsögn í dag, sun. 16. des., kl. 15:00



URRANDI SAMKEPPNI UM SAFNARANA

Í dag verður haldið mikið uppboð í Iðnó á vegum nýs fyrirtækis – Arnarson og Andonov ehf. eða A&A – sem sérhæfir sig í uppboðum á list- og safnmunum: Frímerkjum, ljósmyndum, póstkortum, fágætum bókum sem og málverkum. Annar forsprakki fyrirtækisins er Árni Þór Arnason sem segir stefna í verulega vaxandi samkeppni á sviði uppboðsmála á Íslandi.

Íslensk ævintýri
Einn þeirra dýr-
gripa sem slegnir
verða í dag.
Útgefið árið 1852
og upphafsverð
er kr. 200.000.-



Ég vissi um fólk sem safnaði mynt og frímerkjum en hafði aldrei gert mér grein fyrir því hversu margir safna póstkortum,“ segir Árni Þór Arnason uppboðshaldari hjá A&A. Uppboðið í dag er annað uppboðið sem fyrirtækið heldur en auk Árna mun félagi hans Saso Andonov sveifla hamrinum í dag. Árni Þór segir hann virtan á þessu sviði en Saso kom upphaflega hingað til landsins frá Makedóníu til að nema hagfræði. A&A er aðeins tveggja mánaða fyrirtæki. Sé uppboðsskrá skönnuð vekur nokkra furðu hversu marga muni er þar að finna auk þess sem breitt svið er spannað. Safnarar af öllu tagi ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Engin brunaútsala

Árni Þór segir fyrirsjáanlegt að það stefni í hörkusamkeppni á sviði uppboða hér á landi en fyrir á markaði er Gallerí Fold undir forystu Tryggva Páls listmunasala sem staðið hefur fyrir vel sóttum listaverkauppboðum um árabíl. Auk þess endurstofanaði Pétur Þór Gunnarsson nýverið Gallerí Borg og hyggst gangast fyrir uppboðum.

„Já, ég tel að ekki sé pláss fyrir nema tvö stór uppboðshús á landinu. Þannig að það stefnir í mikla samkeppni. Við teljum okkur þó vera að fylla inn í eyðu á markaði. Þannig hafa myntsafnarar komið

með muni til að sýna okkur stuðning. Og svo eru íslensk frímerki alveg sérstakt fyrirbrigði.“

Fyrirkomulag uppboða A&A er að eigandi muna sem boðnir eru upp ákveður lágmarksverð. Árni Þór segir menn hafa lent í því að setja málverk á uppboð sem meta má á til dæmis 70 þúsund en þau hafi svo farið á 18 þúsund. Þá sé um sannkallaða brunaútsölu að ræða. Þetta býður reyndar þeirri hættu heim að munir gangi ekki út og er verði því stíllt í hóf við upphafsboð.

Árni segir að erlendis geti ekki að líta nema 40 til 50 manns á viðurkenndum uppboðum en hér, á uppboðum Foldar, hafi komið yfir 400 manns í Súlnasal. Fæstir til að kaupa heldur jafnvel fremur til að forvitnast um hverjir væru að kaupa hvað. Mjög hefur færst í vöxt að menn bjóði í gegnum síma.

„Við völdum Iðnó sem er rómantískt hús og þægilegur staður að vinna. Maður hefur heyrt að fólk sé vantrúað á símaboð, að það sé eitthvert „fíff“, en þannig seldum við til dæmis eitt málverkið á síðasta uppboði. Maður í Skagafirði bauð í málverk eftir Karl Kvaran, ætlaði sér það og keypti fyrir 630 þúsund krónur. Sumir kæra sig ekkert um að aðrir viti hvað þeir eru að gera á þessu sviði,“ segir Árni.

Forfallinn safnari sjálfur

En hvaðan kemur allur þessi varningur? Á uppboðinu eru á fjórða hundrad ítem. Árni segir munina meðal annars koma úr dánarbúum auk þess sem fólk komi til þeirra hjá A&A með muni og biðji um mat. „Þetta er lítið samfélag og fólk vill af ýmsum ástæðum koma fágætum hlutum sínum í verð.“

Önnur spurning sem vaknar í tengslum við uppboðið er hvort markaður sé fyrir hluti af þessu tagi. Árni segir að svo sé – virkt safnarsamfélag er á Íslandi. „Já, það er reyndar töluvert neðanjarðar. Þetta er ekki fólk sem er alltaf í fjölmiðlum og kannski ekki áberandi við opnanir ýmiss konar. En ótrúlegasta fólk er að safna einhverju. Það að halda hlutum til haga getur því reynst vel inn í framtíðina.“

Sjálfur er Árni Þór forfallinn safnari að eigin sögn. Hann hefur, frá því hann man eftir sér, safnað frímerkjum.



„Ég rak Austurbakka hf. heildverslun í gamla daga. Eftir að ég seldi fyrirtækið hafði ég meiri tíma fyrir áhugamálin og fór þá „massívt“ út í frímerkjasöfnun. En þegar maður er byrjaður að vinna við þetta hefur áhuginn hjá mér persónulega minnkað. Það gerist við það þegar maður sér svo margt fallegt. Nú er ég aðallega spenntur fyrir því að hafa eitthvað fallegt að bjóða upp.“

Fágætar bækur í boði

Þegar Árni Þór er beðinn um að nefna einhverja þá muni sem eru sérstaklega athyglisverðir á uppboðinu veit hann ekki alveg hvar byrja skal.

„Jahh, við erum með mikið af skemmtilegum málverkum eftir málara hvers verk hafa ekki sést mikið á uppboðum. Þorri Hringsson er einn þeirra, Rut Rebekka, Pétur Gautur... auk verka eftir Kjarval, Karl Kvaran og Jóhannes Geir.“

Og það er einmitt sjálfur Kjarval sem á það verk sem er dýrast við upphafsboð. Landslag frá 1932, olía á striga, stærð 52 x 68, merkt og metið á 675.000 krónur. Eins og áður sagði verður einnig mynt, gamlar ljósmyndir og póstkort svo eitthvað sé nefnt í boði auk bóka.

„Við verðum með útgáfu af Pétri Gaut sem kom út árið 1901 og Einar Benediktsson íslenskaði. Þetta er eitt eintak af 30 sem gefin

voru út. Það boð byrjar á 250 þúsundum. Þá má nefna Íslensk ævintýri sem gefin var út árið 1852 safnað af Grímssyni og J. Árnasyni. Mjög eiguleg bók en byrjunarverð á henni er 200 þúsund. Frumeintak og lesheil bók eins og einn bókasnillingurinn komst að orði en til okkar hafa menn komið til að skoða þetta eintak og dáðst að því.“

Þegar svo frímerkjaspekingurinn Árni Þór fer að fjalla um frímerkin í eyru blaðamanns hefst fyrirlesturinn fyrir alvöru. „Frímerkjahlutinn er allur boðinn upp í evrum því þar erum við á alþjóðamarkaði. Við erum að horfa á bréf frá 1917 með númerastimpli 39 frá Danmörku. Krónustimplar og númerastimplar eru mjög verðmætir í dag.“

Víst er að safnarar eiga spennandi dag í vændum en uppboðið hefst klukkan 14.00.

jakob@frettabladid.is

Mennirnir á bak við A&A Árni Þór og Saso Andonov munu sveifla hamrinum ótt og titt í dag en hér eru þeir með eina af verðmætustu bókunum sem boðin verður upp, Pétur Gaut í þýðingu Einars Benediktssonar. Eitt eintak af 30 og kom út árið 1901. Upphafsverð er 250 þúsund krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Málverk slegin Eitt þeirra málverka sem verða slegin í Iðnó í dag. Verk eftir Pétur Gaut frá 2007 og er upphafsverð 150.000.



Haraldur Bilson

Fjöldmörg frímerki
Umslag með
númerastimpli
31, en aðeins er
eitt annað þekkt
á póstkorti en
fjöldmörg frímerki
verða boðin upp.



Jólasýning

Árleg jólasýning Gallerís Foldar hefst
laugardaginn 8. desember

Fjöldi nýrra verka til sýnis.
Enn fremur gótt úrval eldri verka.

Sýningin stendur til 23. desember

Opið er í Gallerí Fold Rauðarárstíg
virka daga frá kl. 10–18, laugardaga frá kl. 11–16
og sunnudaga frá kl. 14–16.

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA
fold

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

METSÖLULISTI SÖLKU

6. september – 6. desember 2007

1



Óskaðu – trúðu – taktu á móti.

Mest selda bók í helmi um þessar mundir.

Gefur nýja sýn á lífið og okkur sjálf; hvað við raunverulega viljum og hvernig við getum náð markmiðum okkar.

2



Gullfalleg gjöf fyrir Íslandsvini.

Smækkuð útgáfa af landkynningarbókinni Delicious Iceland – Tales of unique northern delicacies. Glæsilegar landslagsmyndir og uppskriftir ásamt spennandi ferðasögum og fróðleik.

3




Freyju var ekki hugað líf. Í dag hefur hún afrekað meira en margir á hennar aldri.

Postulín er viðburðarík og áhrifamikil saga ungrar konu sem lætur ekkert stoppa sig.

Alma Guðmundsdóttir skráði söguna með Freyju.

4



Ljós móðir, eiginkona, ást-kona og skáld. Hún var kona sem fór ótroðnar slóðir – kona sem á erindi til íslenskra nútímakvenna.

Uppseld hjá útgefanda, ný prentun er væntanleg í búið 10. desember.

5



RÉTTU HANDTÖKIN
RÉTTU GRÆJURNAR
RÉTTA STEMMNINGIN!

Frábær matreiðslubók með gleði og einfaldleika í fyrirúmi.

6



Ylfa skreppur í gæsaferð með vinkonunum og sogast inn í atburðarás sem umturnar lífi hennar. Eldfim saga eftir Lóu Pind Aldísardóttur sem gerist í náinni framtíð á Íslandi.

7



135 girnilegar uppskriftir með glæsilegum ljósmyndum ásamt skemmtilegum frásögnum um héruð Frakklands. Bók fyrir öll skilningarvitin.


8



Smart, hagnýt og nýstárleg dagatalsbók þar sem konur eiga orðið og segja hvað þeim býr í brjósti – allan ársins hring.

Hvað og hvernig hugsa konur á Íslandi í upphafi 21. aldar?

9



Ungur maður leggur af stað út í heim og skilur eftir ástvini á Íslandi. Áður en langt um líður bankar fortíðin upp á.

Gullfalleg skáldsaga, eftir Auði A. Ólafsdóttur. Bók sem lætur engan ósnortinn.

10



Vatn verður ekki bara fyrir áhrifum af náttúruöflunum. Með því að skoða vatnskristalla á nýjan hátt getum við lært heilmikið um okkur sjálf og alheiminn.

FLEINDJARFUR HÖFUNDIR í morgunskímunni

Fyrri hluti þroskasögu Þórbergs Þórðarsonar eftir Pétur Gunnarsson er kominn út og er dr. Birnu Bjarnadóttur fagurfræðingi tilefni ritgerðarskrifa um þá mynd sem dregin er af ofvitanum úr Suðursveit í hugum aðdáenda hans.

Gæfan er brotin skel. Allt veltur á flóðinu og hinum dýrunum á ströndinni. En svo eru skúturnar með hvítu seglin sem vekja þrá eftir stærri veröld. Í því efni kemur til kasta skáldanna. Þau eru í heiminn borin til þess að svara kalli drauma en aldrei án tilfinningar fyrir veruleikanum á ströndinni. Þannig búið takast þau á við frásögn af lífi og skiptir engu hvort seglið verði gegndrepa og skútan brotni í spað. Tilfinningin fyrir veruleikanum vex í jöfnu hlutfalli við hamfarirnar í flæðarmálinu. Er það kannski þess vegna sem Þórbergur Þórðarson kastar sér í sjóinn hvenær sem færi gefst, eins og til að gefa sig óskiptan í einvígi drauma og veruleika? Sjálfur orðar hann glímuna svona: „Frá vöggju til grafar þreytum vér fangbrögð við ímynd veruleikans“. Eins og lesendur bóka hans kannast við, setur glíman ekki aðeins mark sitt á verkin heldur holdgerist hún þar. Gyrðir Eliásson orðar stílbrögðin svona: „Maður verður aldrei einmana þegar lesin eru verk Þórbergs; hann er ævinlega nálægur af lífi og sál, spannar alla tilveruna frá dapurleika til gleði, og það er aldrei þessi keimur af dauðri handavinnu sem er svo alltof algengur í verkum rithöfunda og skilur mann eftir einn og yfirgefinn á brunasandi.“ Hvernig skrifar maður ævisögu Þórbergs?

Í gegnum tíðina getur hinn fleindjarfi Þórbergur hafa tekið sér bólfestu í hugum lesenda sinna. Það breytir því ekki að líf hans og samtími er eftir sem áður viðvarandi efniviður túlkunar. Pétur Gunnarsson er heldur ekki sá eini sem gerir tilraun um Þórberg þessi misserin. Árið 2006 kom út bókinn Skáldalíf eftir Halldór Guðmundsson. Í henni er ofin saga Þórbergs og Gunnars Gunnarssonar, ofvitans úr Suðursveit og skáldsins á Skriðuklaustri. Bók Péturs, *ÞÞ í fátækjarlandi*. Þroskasaga Þórbergs Þórðarsonar, hefst árið 1906, árið sem Þórbergur hefur líklega tekið sér far með strandferðaskipinu Hólum frá Höfn í Hornafirði til Reykjavíkur, þá 17 ára gamall. Henni lýkur árið 1933, sumarið sem Þórbergur og eigin kona hans Margrét Jónsdóttir fara í brúkaupsferðina austur í Suðursveit. Brúkaupsferðin rennur reyndar saman við rannsóknaleiðangur en Þórbergi hafði skömmu áður verið falið að rita sögu Austur-Skaftafellssýslu. Pétur Gunnarsson leitar víða fanga. Fyrir utan útgefin verk Þórbergs, og bókina Bréf til Sólu (1983), vísar hann í óbirt sendibréf og dagbækur. Hann vitnar einnig í óútgefið ævisöguhandrit Þórbergs, eða svonefnt „Stóra handritið“. Í eftirmála þroskasögunnar minnst Pétur einnig á tvö önnur rit sem hann segir að hafi haft áhrif á „sinn Þórberg“ umfram önnur. Þetta eru bækurnar Ljóri sálar minnar (1986) og Mitt rómantíska æði (1987) sem geyma úrval af óbirtu efni Þórbergs. Helgi M. Sigurðsson sá um útgáfu þeirra.

Eins og gefur að skilja er hér um auðugan garð að gresja. Lesandi þræðir sig eftir slóðinni sem mótaði í senn manninn og rithöfundinn Þórberg Þórðarson, hann sem kallaður hefur verið einn af mikilhæfustu höfundum 20. aldarinnar í íslenskum bókmenntum. Þar við



Lítt kunn ljósmynd úr einkasafni Þórbergs. Þeir Lárus Ingólfsson í kvenmannsfötum leiðast eftir Garðastrætinu í átt að Vesturgötu. Myndin er sögð frá tíma Mjólkurfélagi heilagra sem stofnað var til í Unuhúsi. Birt með leyfi Þórbergsseturs.

bætist saga nýlendubjóðar á umbrotatímum og höfuðstaðar við útmörk Evrópu, að ógleymdum kafla úr heimssögu og brotum heimsbókmennta. Hamfarirnar í flæðarmálinu eru ekki við eina fjölinna felldar. Meira að segja handanheiminn rekur á fjöru og það jafn fullan af lífi og konurnar sem ylja kviknöktu skáldinu.

Umrætt tímabil í lífi Þórbergs er ekki með öllu óþekkt. Fyrir utan bókina Bréf til Sólu, sem geymir bréf Þórbergs til Sólrúnar Jónsdóttur, barnsmóður hans og ástkonu til margra ára, sem hún kom út 10 árum eftir dauða Þórbergs, vega bækur eftir sjálft viðfang þroskasögunnar þungt í ævisögulegu tilliti, bækur á borð við Bréf til Láru og Ofvitann. Höfundur þroskasögunnar getur þess enda í fyrstu setningu bókarnar að viðfang hans hafi gert lífsgöngu sinni „margháttuð skil“ (7). Í sömu setningu kemur hins vegar einnig fram, að Þórbergi hafi láðst að greina frá ferðalagi sínu með strandferðaskipinu til höfuðstaðarins. Eins hefur hann ekki tjáð sig (svo vitað sé) um hvernig höfuðstaðurinn kom honum fyrir sjónir „þegar hann að lokinni nætursiglingu sá hann vaxa fram í morgunskímunni“ (7).

Það kann að vera til vitnis um nálgun Péturs og stílbrögð, að myndin af Þórbergi vex fram í morgunskímunni. Hér er ekki einvörðungu átt við kvennafar skáldsins og vöxt þess, en eins og gengur hefur maðurinn lifað enn litríkara ástálífi en áhugafólk um efnið hefur gert sér grein fyrir. Líkt og lesa má um í þroskasögu Þórbergs, er hvatalíf og tilfinningasambönd manneskju ekki endilega mælikvarði á þroska. Pensilfór ástríðunnar eru hins vegar útlínur í mynd Péturs af Þórbergi. Og ástríða Þórbergs er margföld í roðinu. Þannig má sjá hvernig kærusturnar ylja ekki aðeins skáldinu undir sæng og horfa á hann fara í sjóinn, heldur ganga þær aftur á pappír. En hvers vegna ekki stóra ástin, Sólrún Jónsdóttir? Líkt og Pétur sýnir, reynir

Þórbergur að stroka hana út úr höfundarverki sínu, konuna sem hann elskaði heitar en aðrar, þá sem hann vildi giftast en gat ekki sökum fátæktar, þá sem var gift öðrum en sem Þórbergur hætti ekki að elska og átti í margra ára ástarsambandi við.

Tilraunin til að stroka Sólrúna út mistekst, eins og frægt er orðið. Við vitum líka að kærustur þurfa ekki að búa í Berlín og þekkja náunga eins og Kafka til að geyma bunka af bréfum sem seinna rata fram í dagsljósið. Fyrir utan að gefa lesanda vísbendingu um náttúruna í tilfinningalífi mannsins og þau skilyrði sem því eru sett, má einnig sjá hvernig vegur Þórbergs vex í takt við skipbrot stóru ástarinnar. Húmoristinn Þórbergur lifði ekki alltaf fyndnu lífi. Lesandinn skynjar það. Meðan hann hrifur vini sína í Unuhúsi og Mjólkurfélaginu, þar á meðal hárgreiðslukonuna og salónessuna Kristínu Guðmundardóttur, lifir Sólrún áfram lífinu sem Þórbergur vígðist til fyrstu árin í höfuðstaðnum, lífi fátæktar. Dauðinn er upphaf lífsins, orti annað skáld í öðru landi. Líkt og Pétur sýnir, filelist Þórbergur í skrifunum á því augnabliki sem Sólrún verður barnshafandi og honum fipast flugið í sambandinu. Bókin sem gerði allt vitlaust á öldinni sem leið, eða Bréf til Láru, sprettur upp úr djúpu sári.

Ástríða Þórbergs snýr ekki aðeins að kærustum í lífinu og á pappír, heldur öllu því sem varðar glímu hans við ímynd veruleikans. Tala mætti jafnvel um útlínur byltíngarhvatar, þetta æði sem grípur manninn og oftast en ekki kennt við skýringu mannsins sjálfs, eða endurfæðingar. Líkt og í efnum hvatalífs og tilfinninga, reynir hér á höfund sögunnar. Þórbergur er jú frægur fyrir söttkennt samband sitt við guðspeki, sósíalisma og esperantó. Saga Péturs sýnir ekki aðeins hvernig lífsviðhorf og hugsjónir Þórbergs byggja á tilfinningu fyrir veruleikanum og þeirri

glímu sem háð er við ímynd hans. Allt virðist markað þrá eftir stærri veröld. Við lestur sögu Péturs skynjar lesandi einnig hvernig kalla megi Þórberg hirðifl frekar en sérvitring. Slíkur er slagkrafturinn í kosmískri lífssýn sveitadrengsins frá Hala í Suðursveit. Hvort Reykjavík hafi verið ákjósanlegur staður fyrir slíka hugsun og lífsafstöðu, er og verður stóra spurningin.

Þar sem Þórbergur var alþjóðasinni í hjarta sínu og trúði á einstaklingseðli manneskjunnar öðru fremur, finnst lesanda stundum að Pétur hefði mátt greina nánar frá tilteknum atburðum í lífi Þórbergs, ekki síst utanlandsferðum hans. (Gott ef hann sat ekki sama alþjóðlega þing kommúnista og Kafka, haldið í Vínarborg á þriðja áratug 20. aldar). Á hinn bóginn vantar ekkert upp á tilfinningu höfundar fyrir viðfangsefni sínu. Hún er fögur. Umrædd þroskasaga er heldur ekki tilbrigði við höfuðskálda-stefið í ævisagnaritun. Sagan er meira í ætt við þróun skáldskapar á síðari tímum. Af því sem best verður séð, ætla höfundur sér hvorki að geta ráðgátuna Þórberg né greina skilmerkilega frá öllu merkilegu sem henti manninn og höfundinn Þórberg á árunum 1906 til 1933. Aftast í bókinni er brot sem ber heitið „Til glöggvunar“. Þar kemur fram að von er á öðru bindi.

En hvers vegna að láta bókina heita *ÞÞ í fátækjarlandi*? Fyrir utan hið augljósa, eða hvernig ungi maðurinn glímir við hefðarveldið í höfuðstaðnum í byrjun 20. aldar, fyrirkomulag sem næstum því drepur hann, nær Þórbergur að rétta úr kútnum. Það þýðir ekki að hann hafi nuddað sér upp við böðulinn. Ef eitthvað, skynjar lesandi glataða tíma í veraldarsögunni. Þórbergur Þórðarson var í það minnsta maður til að falbjóða ekki lífssýn sína og hugsjónir. Titillinn er reyndar vísun í Eddu Þórbergs, eins og kemur fram á saurblaði þroskasögunnar: „Liggur hér Þórbergur. Lifði í fátækjarlandinu...“. Lesendur geta velt þessu fyrir sér, kannski með því að hafa í huga eftirfarandi brot úr Bréfi til Láru sem Pétur vitnar í:

„Oss vantar ekki menn, sem hugsa og breyta eins og allir aðrir. Og oss vantar ekki heldur reynslu, sem er nákvæmlega eins og reynsla allra annarra. Borgaralegar hversdagssálar eru hér nógar. En oss vantar menn, sem eru eitthvað öðruvísi en allir aðrir, menn með skírt markað einstaklingseðli, menn, sem hafa síðferðisþrek til að lifa frjálsir og óháðir samabyrgð almenningar heimsku. Og oss vantar reynslu, sem er eitthvað frábrugðin reynslu allra annarra. Oss vantar tilbreytingu í hið sviplausa þjóðlíf vort og bókmenntir. Oss vantar frumleik, hugrekki og hreinskilni. En sérstaklega vantar oss frumlega hreinskilni.“ (144).

1) Sjá „Innheimar“ í bókinni *Þórbergur Þórðarson. Mitt rómantíska æði*. Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritmiðum frá árunum 1918-1929. Ritstj. Helgi M. Sigurðsson. Reykjavík: Mál og menning 1987, s. 39.

2) Sjá Gyrðir Eliásson: *Undir leslampu*. Reykjavík: Bjartur 2000, s. 19.



„Erfitt að ímynda sér betri leiðsögubók um vísindin“

The Guardian

„Bill Bryson hefur einstaka hæfileika til að útskýra vísindin á líflegan hátt.“


Sunday Telegraph

„Bryson fer með þekkingu sína af öryggi og kryddar hana með fjölda mjög góðra brandara.“


Daily Mail

„Bill Bryson er snillingur í að útskýra mjög torskilið efni á einstaklega ljósan hátt.“

Mail on Sunday



JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Afrika sunnan Sahara - í brennidepli

Ritstjórar: Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir.

Þessi bók er ætlað er til að auka almennan fróðleik og skúlning á álfunni, sögu hennar og samtíma. Útgefandi bókarinnar er félagið Afrika 20:20, félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara. Útgáfan er tímamóta- verk því aldrei áður hefur verið skrifað jafn umfangsmikið rit um álfuna á íslensku.

288 bls.
4.800,- kr.



Vísindin heilla

Afmælisrit til heiðurs Sigmundi Guðbjarnasyni 75 ára

Ritstjóri: Guðmundur G. Haraldsson, prófessor

Bókin höfðar til áhugamanna um rannsóknir og vísindi á sviði lífvísinda, leikra sem lærðra, og er þarft framlag til íslenskra rita á því sviði. 30 greinar eftir íslenska vísindamenn úr hópi fyrrum nemenda og samstarfsmanna

543 bls.
5.300,- kr.



Lítill börn með skólátöskur

Tengsl leikskóla og grunnskóla.

Dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor

Menntun ungra barna á fyrsta áratug 21. aldar er viðfangsefni bókarinnar. Sjónum er beint að leikskólanum og yngstu bekkjum grunnskólans, tengslum þessara skólastiga og þeim breytingum sem eiga sér stað þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla.

187 bls.
3.350,- kr.




Afburðaárangur

Um stjórnunaraðferðir sem grundvallast á gæðastjórnun og rannsóknir á fyrirtækjum sem náð hafa afburðaárangri. Agnes Hólm Gunnarsdóttir og Helgi Þór Ingason

Hvaða aðferðir og aðferðir eru líklegar til að stuðla að afburðaárangri í rekstri fyrirtækis eða stofnuna. Í þessari bók er leitast við að skapa yfirsýn yfir nokkrar vel þekktar rannsóknir á þessu sviði, sem og nokkrar vinsælar stjórnunaraðferðir.

139 bls.
3.990,- kr.




Við brún nýs dags

Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906 - 1930

Dr. Þorleifur Friðriksson, sagnfræðingur

Í bókinni er sagt frá kjarabaráttu, stjórn málaafskiptum og öðru félagsstarfi Dagsbrúnarmanna.

394 bls.
5.300,- kr.



Almanak HÍ 2008

Dr. Þorsteinn Sæmundsson stjórnfræðingur reiknaði og bjó til prentunar.

Auk dagatala eru margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla, yfirlit um hnetti himingimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjöldi allra sjálfstæðra ríkja og tímanna í höfuðborgum þeirra.

96 bls.
1.285,- kr.



Ritið 1/2007 - Tungumál

Tímarit Hugvísindastofnunar

Upphafsgrein Ritsins er beinskeytt og ítarleg greining Guðna Elssonar á orðræðunni um hlýnun jarðar. Greinin tengist þannig þema heftisins sem er tungumál, en fjórar greinar fjalla um viðhorf til tungumálsins frá ólíkum sjónarhornum.

199 bls.
2.800,- kr.



Menntun, forysta og kynferði

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor

Hvaða máli skiptir menntun fyrir framgang kvenna og karla til forystustarfa? Er það ekki þeirra sjálfa að stýra menntun sinni? Hvers vegna beindist umræðan um jafnrétti kynjanna í skólum nýverið og óvænt að stöðu drengja?

325 bls.
4.300,- kr.



Lífsmark:

Mann(erfða)fræði

Dr. Gísli Pálsson, prófessor.

Framfarir á sviði erfðafræði hafa stóraukið skúlning á mannskímanum, heilbrigði og sjúkdómum. Höfundur Lífsmarks sýnir fram á að mannfæðin varpar nýju og forvitnilegu ljósi á mannfæðifræði og líftækna sem á henni er reist.

295 bls.
4.600,- kr.



Eldur á ís

Saga hinna íslensku „Síðari daga heilögu“ heima og að heiman Höfundur: Fred E. Woods.

Þessi einstaka saga, að mestu hulin gleymsku, er afhjúpuð í þessu tímamóta-verki, nú þegar rúm hundrað og fimmtíu ár eru liðin frá því að fyrstu Íslendingarnir settust að í Utah og stofnuðu fyrstu Íslendingabyggðina í Bandaríkjunum.

221 bls.
3.600,- kr.

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
www.haskolautgafan.hi.is - s. 525 4003

RISIÐ GEGN *doðanum*

Ein af myndunum á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík í fyrra var heimildarmyndin Umsátur eða Blokada eftir rússneska leikstjóran Sergej Loznitsa. Hún vakti mikla athygli þeirra sem sáu. Sergej er sjálfstæður kvikmyndagerðarmaður í St. Pétursborg. Helga Brekkan kvikmyndagerðarkona hefur um nokkurt skeið verið í sambandi við kvikmyndagerðarmenn þar í borg, þar sem aðstæður eru okkur framandi.

KVIKMYNDIR HELGA BREKKAN

Það var svalt í rokinu við Nevu í St. Pétursborg en þó eru hinir pólitísku vindar sem leika um landið kaldari. Borgin er undirlögð af áróðri frá Pútín fyrir rússnesku kosninguna 2. desember. Í sjónvarpinu ekkert nema hann og flokkur hans og tíunduð afrek þeirra. Margir sem ég spurði hvort Sovét sé að koma aftur segja að það hafi í raun aldrei horfið.

Væmni sjónvarpsins og kraftur heimildarmynda

Lenín skildi áróðurskraft lifandi mynda og var grunnurinn að rússneskri kvikmyndahefð lagður eftir rússnesku byltinguna fyrir 90 árum. Flestir kannast við Eisenstein og Dziga Vertov. Vertov gerði myndina Maðurinn með myndavél árið 1929 þar sem sérstakar tókur hans og klipping opnuðu áhorfendum nýja sýn á notkun kvikmynda.

Eftir hrun Sovétríkjanna 1991 hafa starfsskilyrði kvikmyndgerðarmanna breyst eins og annað í Rússlandi. Nú eru veittir styrkir frá ríkinu til að gera leiknar kvikmyndir og sérur ef þær fjalla um eitthvað sem sýnir yfirburði hins rússneska ríkis. Sögulegar stríðsmyndir koma á markaðinn hver á fætur annarri.

Í sjónvarpinu sá ég sýnt úr nýrri mynd sem fjallar um um stríði milli Rússa og Svía í byrjun átjándu aldar. Hundruð ungra manna í gulum og bláum einkennisbúningum léku Svía sem gátu ekki beðið eftir aðfalla eins og spila-borg á vígvellinum. Hin meistara-lega tókutækni Sergei Bondarchuk sem notuð var við kvikmyndun bókar Tolstojs Stríð og friður var þar víðsfjarri.

Reyndar óréttlátur samanburður því það þrekvirkir sovétrar kvikmyndagerðar tók sjö ár að gera og kostaði yfir hundrað milljónir dollara.

Kvikmyndahúsin loka

Ég horfði einnig á sjónvarpserú sem fjallar um Rússa í seinni heimstyrjöldinni. Þetta var svo væmið að fyrst hélt ég að ég væri að sjá langa auglýsingu og beið eftir vörnunni. En mér var síðan sagt að varan sem Pútín vill láta sýna er þjóðerniskennnd og stolt yfir því að vera Rússi. En auðvitað eru einnig gerðar listrænar kvikmyndir og sú þekktasta er Endurkoman eftir leikstjóran Andrey Zvyagintsev sem hefur hlotið fjölda verðlauna um allan heim. Hann hefur nýlokið við aðra kvikmynd sem var frumsýnd í Stokkhólmi í nóvember.

Zvyagintsev er fæddur 1946 eins og leikstjórnin Sergej Loznitsa sem hingað til hefur gert heimildarmyndir en hyggur einnig á gerð leikinna mynda. Ef leitað er að arftaka Tarkovskys þá má segja að þessir tveir séu líklegir í þann hóp. Heimildarmyndagerð er talsverð í Rússlandi en séu þær um annað en dýralíf eru fáar sjónvarpsstöðvar sem sýna þær og aldrei kvikmynda-hús. Mörg kvikmyndahús hafa lokað undanfarin ár og nú vex upp kynslóð sem sjaldan sér kvikmyndir í bíó.

Það er erfitt að lifa á því að gera heimildarmyndir og hafa margir kvikmyndagerðamenn yfirgefið landið jafnvel þótt viðfangsefni þeirra sé áfram Rússland.

Módel 64

Sergej Loznitsa er einn af þessu kvikmyndagerðarmönnum. Hann er nú að ljúka við gerð heimildarmyndar sem hann byggir að sovískum áróðursmyndum. Heimildarmyndastofnunin í St. Pétursborg er einn af framleiðendum myndarinnar. Ég hitti Loznitsa í Pétursborg en þessa dagana dvelur hann mest í Minsk vegna vinnu við frágang nýjustu heimildarmyndar sinnar sem á að frumsýna á kvikmyndahátíðinni í Rotterdam í byrjun næsta árs.

Sergej Loznitsa vill vita hvort allir Íslendingar geti rakið forfedur sína langt aftur í tímann. Ég segi honum frá Íslendingabók á netinu og spyr síðan um uppruna hans: „Ég fæddist árið 1964 í Baranowichi í Hvíta Rússlandi og ólst upp í Kiev í Úkraínu. Foreldrar mínir voru bæði stærðfræðingar og hönnuðu flugvélar.

Ég lauk námi sem verkfræðingur í stærðfræði í Kiev. Frá 1987 til 1991 starfaði ég við rannsóknir á gervigreind og hönnun tæknikerfa í Kiev. Ég vann einnig við þýðingar úr japönsku. Árið 1991 komst ég inn í rússneska kvikmyndaskólann (VGIK) við leikstjórn listrænna mynda og lauk námi þar árið 1997.“

Litur svarthvítur

Hvernig var í kvikmyndaskólanum í Moskvu?

„Klippari myndarinnar Andrej Roublev eftir Tarkovsky var meðal kennaranna. Hún sagði aldrei neitt en lét okkur hafa filmur og eftir stutta ræðu um meginatriði klippinga lét hún okkur byrja. Síðan fylgdist hún með en sagði aldrei orð.

Skólinn var nálægt Gorkí stúdíóinu. Við vissum að þar var hægt að finna filmubúta sem höfðu verið fjarlægðir úr ýmsum kvikmyndum. Þetta var auðvitað bannað en við fórum inn í gegnum gat á vegg og rótuðum í kjallaranum. Þar fundum við meðal annars búta sem klipptir höfðu verið úr mynd Eisensteins „Lifi Mexíkó“.



Sergej Loznitsa leikstjóri býr í Þýskalandi en starfar í Rússlandi. Hann segir í viðtali við Helgu Brekkan frá verkefnum sínum og aðstæðum í Rússlandi okkar daga.

MYND/HELGA BREKKAN

VGIK var mjög góður skóli og flestir kennararnir höfðu verið þar lengi. Sumir jafnvel unnið með Eisenstein og aðrir kennt Tarkovsky og var hver með sínum hætti en staðallinn hár. Sumir kenndu okkur um vestrænar bókmenntir og hafði hver og einn sínar kenningar um þær. Aðrir kenndu fagurfræði og listasögu. Kvikmyndasafnið var mikið en ég sá einnig margar myndir sem voru ólöglegar svart-hvítar VHS kópúr. Það var seinna skrytið að sjá myndir eins og „Blow Up“ eftir Antonioni í lit, eiginlega kunnir ég betur við hana í svart hvítu.“

Út um glugga

Fyrsta heimildarmynd Sergej Loznitsa „Við byggjum hús“ er m.a. tekin út um glugga íbúðar hans í Moskvu: „Það voru allir að þvælast um og ekkert virtist passa saman en einn daginn stóð þarna hús.“

Árið 2001 flutti Sergej Loznitsa til Þýskalands með fjölskyldu sína og búa þau í Lubeck. Þar situr hann og klippir myndir sínar en fer reglulega til St. Pétursborgar og víðar í Rússlandi.

„Ein af heimildarmyndum þínum Polustanok – Viðkomustadurinn – gerist á járnbrautarstöð þar sem allir sofa.“

„Hugmyndin kemur frá því þegar ég var lítill og fór eitt sinn með foreldrum mínum að heim-sækja afa minn og ömmu. Við komum um nótt á lestarstöð þar sem við þurftum að bíða. Allir voru sofandi á rúmum og bekkjum í salnum og hafði það mikil áhrif á mig að sjá þennan heim sofandi fólks í dauðu ljósi.“

Fallin úr tímanum

„Fyrir mér er myndin Polustanok, tákmynd fyrir líf Rússa í dag. Rússland virðist þjást af langt gengnum doða.“

Við fall Sovétríkjanna var ég eins og flestir á mínum aldri fullur bjartsýni. Fölskum kenningum var haldið á lofti um það hversu langan tíma breytingarnar sem við áttum von á myndu taka. Ég held að í Rússlandi sé ekki til nauðsynleg þolinmæði til að bíða eftir breytingunum sem taka langan tíma. Vandamálið í dag er að manneskjur virðast strandaðar á einhvers konar biðstöð. Ég hef fylgst með þessu „falli út úr tímanum“ hjá fólki alls staðar í kringum mig.



Jafnvel þótt fólk sé stöðugt að tala um breytingar hef ég það á tilfinningunni að þótt við sjáum þær á yfirborðinu, þ.e.a.s. hvernig fólk klæðir sig eða skreytir íbúðir sínar, hafi í raun og veru ekkert breyst.

Í Moskvu og Pétursborg er ákveðinn kraftur en maður þarf ekki annað en að líta í augu fólks til að sjá þetta. Jafnvel þótt fólk sé stöðugt að tala um breytingar hef ég það á tilfinningunni að þótt við sjáum þær á yfirborðinu, þ.e.a.s. hvernig fólk klæðir sig eða skreytir íbúðir sínar, hafi í raun og veru ekkert breyst. Ekki það sem er hluti af daglegu lífi fólks.

Hvernig fólk kemur fram hvert við annað, því miður er það eins og áður á tímum Sovétríkjanna.

Beðið eftir strætó

„En kvikmyndagerð í Rússlandi? „Það eru auðvitað gerðar margar kvikmyndir og fjöldi heimildarmynda í Rússlandi í dag. Um 700 heimildarmyndir á ári en þær eru ekki sýndar í kvikmyndahúsum og það er erfitt að lifa af kvikmynda-gerð þar.“

Nýjasta mynd Loznitsa sem einnig er framleidd í samvinnu við heimildarmyndastofnunina í St. Pétursborg hefur verið sýnd á hátíðum víða um heim og hlaut fyrstu verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary í sumar. Það er svart hvít hálf tíma mynd um menn sem veiða fisk í net gegnum ís í Hvíta hafinu. Loznitsa vísar þar sterkt í hina rússnesku myndahefð. Ef mennirnir notuðu ekki vélsög á ísinn mætti halda að kvikmyndin væru teknar snemma á síðustu öld en ekki árið 2005.

Heimildarmyndir Sergej Loznitsa eru sýndar út um allan heim og hafa unnið til fjölda verðlauna. Hann fetar í fótspor rússnesku meistaranna í kvikmyndagerð en hefur sinn eigin ljóðræna stíl og gerir stundum kröfur til þolinmæði áhorfenda. Til dæmis í myndinni Stoppistöð. Við sjáum andlit og hlustum á samtöl fólks sem bíður og bíður. Þegar strætisvagninn loks kemur eftir sextíu mínútur verður léttir aðalpersónanna einnig áhorfendanna í tvennum skilningi. Myndir Loznitsa fjalla um Rússa, fólk í verksmiðjum, bændur við störf, nýlendu geðveikra í sveit og menn að byggja blokk í Moskvu.

Kynning á lífslygi

„Hvað ertu að gera núna? „Nú er ég að ljúka við heimildarmynd sem byggir einungis á sovísku arkívefni. Það eru fréttar og áróðursmyndir sem hafa verið geymdar í Moskvu. Ég er með mikið af efni sem tekið var í sam-

bandi við þessi fréttu- og áróðursmagasín sem yfirleitt voru fimm mínútna löng. Myndin er svarthvít og áttatíu mínútna löng og er unnin á 35 mm filmu. Ég nota efni úr sovésku kvikmyndaseríunni Landið okkar og Tíminn framundan. Það getur verið svona: „Flokkurinn leiðir okkur hinn rétta veg kommúnismans.“ Og við þetta eru hljóð frá fólki að marsera og lestin brunar gegnum myndina. Ég klippi tókur sem ekki voru notaðar og legg eigið hljóð og blanda þessu saman og smám saman fer áhorfandinn að efast um hvað séu hinar réttu áróðursmyndir og hvað eru mín klipp.

Mig langar til þess að skapa eða öllu heldur opna nýtt rými upplifunar og um leið segja sögu fólksins í Sovétríkjunum. Ég vil einnig reyna að lýsa þessari bjartsýni sem ríkti á þessum árum í byrjun sjöunda áratugarins. Eða öllu heldur lífslýginni eins og Josef Brodsky kallaði það. Myndin á að heita „Kynning“ eftir ljóði Josef Brodsky þar sem hann hæðir hinn sovéska lífsstíl.“

Fimm mánaða klipp

Ein af myndum Loznitsa sem hefur unnið til fjölda verðlauna er Umsátur eða „Blokada“, gerð úr kvikmyndum sem 28 kvikmynda-tökumenn í Leningrad, nú St. Pétursborg, tóku á meðan á nær 900 daga umsátri nasista stóð um borgina í heimstyrjöldinni síðari. Loznitsa klippti myndirnar saman og vann hljóðið, sem eykur nálægð myndanna og tilfinningu fyrir þjáningum fólksins í umsátrinu.

„Ég vildi sýna þessar kvikmyndir á annan hátt án tónlistar eða sögumanns. Það var það fyrsta sem ég hugsaði þegar ég sá þær,“ segir Sergei Loznitsa. „Það voru nemendur og starfsmenn við kvikmyndastofnun í Leningrad sem mynduðu allt. Það tók mig ekki langan tíma að sortera efnið. Þetta voru einungis fimm klukkustundir. Síðan sat ég og klippti í þrjá mánuði. Reyndar þurfti ég að fara í burtu af og til svo ég héldi fjarlægð við efnið.“

Þögnin og systir hennar, afskiptaleysið

- Eru allar kvikmyndir teknar á meðan á umsátrinu stóð?

„Eftir flugeldasenu í lok stríðsins notuðum við skot úr kvikmyndinni „Dómstóll fólksins“ frá 1946. Myndin sýnir mannfjölda safnast saman til að fylgjast með því þegar þýskir stríðsfangar voru hengdir. Þeir voru teknir af lífi þegar kuldinn var sem mestur og látnir hanga þarna vikum saman. Að þetta voru Þjóðverjar finnst mér vera aukaatriði. Það að fólk skuli hafa safnast saman fyrir 60 árum til þess að fylgjast með aftökum. Jafnvel þótt almenningur hafi þurft að ganga í gegnum allar hörmungarnar þá er það okkur óskiljanlegt í dag. En eitt er víst að miklu fleiri létu lífið í Umsátrinu en opinberar sovéskar tölur gáfu í skyn eftir stríð.

Þegar myndin var tilbúin héldum við sýningu í St. Pétursborg fyrir gamalt fólk sem ólst upp á meðan á umsátrinu stóð.

Á eftir var alger þögn í salnum. Daginn eftir hringdi gömul kona í kvikmyndahúsið og vildi vita hver væri leikstjórnin. Þegar konan í afgreiðslunni spurði hvers vegna svaraði hún: „Mig langar til að faðma þennan dreng.“

Hljóðvinnsla við Umsátrið var í höndum Vladimirs Golovnitski. „Við notuðum efni úr hljóðsöfnum en það eru engin til frá því fyrir 1950 en myndirnar eru að mestu teknar árin 1941-43. Hljóðið er mjög mikilvægur hluti af því hvernig við upplifum myndir,“ segir Sergei Loznitsa og við biðum spennt eftir að fá að upplifa það í heimildarmyndinni Kynning þar sem hann dregur fram sína eigin mynd úr sovéska filmum.



St. Pétursborg að vetri. Öflugir heimildarmyndagerðarmenn eru þar í borg en fáar leiðir til að koma verkum þeirra á framfæri.



Frá Stalingrad á stríðsárunum en ein þekktasta mynd Sergei er unnin úr gömlu efni frá umsátrinu um borgina.



Grár veruleikinn í St. Pétursborg, sýn yfir snævipakin þökin. „Það hefur í rauninni ekkert breyst,“ segir Sergei.



Næsta heimildarmynd Sergei er líka unnin úr gömlu efni, áróðursmyndum um hið hamingjuríka líf á tímum Sovétins.

Sérstök gjafakort á Skilaboðaskjóðuna

Gefum góðar stundir

Gjafakort í Þjóðleikhúsið er frábær gjöf fyrir alla fjölskylduna

www.leikhusid.is

ÚR GRÁU HÚSI STEINSTEYPTU

Pórunn Erlu- og Valdimarsdóttir, skáld og sagnfræðingur, er búin að flækja sér í Njálu. Nýja sagan hennar tekur þræði úr þeirri góðu bók og færir þá inn í samfélag okkar tíma svo úr verður háskaleg blanda. Bílar, einbýlishús, ungar konur og eldri, karlmenn sem fá á sig bölbænir, og kynlíf setja mark sitt á þessa nýju Njálu.

BÓKMENNTIR
PÁLL BALDVIN
BALDVINSSON

Hún býr í stóru gráu húsi, einu þessara húsa í skipstjóraverfinu sem var aldrei málað í þeirri vissu að lag af lit gæfi sig fyrir veðrum og vindum en steypan stæðist allt eins og margir af þeirri kynslóð sem fyrst hóf steypuna til vegs og virðingar töldu víst.

Grá steypa er algjör andstæða við Þórunni Valdimarsdóttur, hún er úr mörgum efnum og flest eru mjúk og sveigjanleg. Fyrst þegar við hittumst og það eru víst þrjú áratugir liðin sagði hún mér hálf afsakandi að hún væri í sagnfræði en hún ætlaði sér að verða skáld, hún vildi skrifa. Sem hún hefur og gert, þótt sagnfræði hafi löngum tekið tíma hennar og hún hafi sumpart gengið lengst samferðamanna sinna í að taka sagnfræðileg efni og umskapa þau í lífligan texta þar sem hinn milli sköpunar og rannsóknar eru gljúpar og efnið rennur á milli.

Það er köttur sem tekur á móti mér. Þá inn er komið á hæðina blasir við skipulagt kaos, langur bekkur er búinn að stinga sér inn í skrifstofu hennar: „Ég stóðst ekki freistinguna“, segir hún, sætið er með háu baki eins embættismannabekkur og stingur óneitanlega í stúf en passar samt innan um allt hitt, bækur, skjöl, myndir, efni úr aðskiljanlegum áttum, litríkar voðir.

Tunguvillt fólk

Ég spyr fyrst hversvegna hún nýti þátt Hrúts úr Njálu sem uppistöðu í nýja sögu? „Ég veit sjaldnast af hverju ég geri hlutina. Þeir höfðu skýndilega til mín ... get ég ekki sagt það? Kannski fannst mér asnalegt að eiga Íslendingasögurnar og muna ekki sjálfa Brennu-Njálssögu sem ég las jú í MH. Endurfundirnir komu mér á óvart, ég varð bara skotin, frásögnin rennur svo fallega milli kafla, það er svo fínn rennandi í henni. Svo ég hugsaði; kannski maður geti lært eitthvað af þessu. Menn sem vinna við skriftir hafa gott af því að kíkja í klassísk sinnar tungu, Íslendingasögur og Biblíuna.“

Karlmannaugu skáldkonu

Hún viðurkennir að hafa byrjað nýju söguna sína meðan hún var að klára ævisögu Matthíasar Jochums-sonar, frágangurinn tók svo langan tíma, segir hún. Þegar hún er spurð hversvegna hún dró nýja verkið í átt að glæpasögunni, frekar en samtímalýsingu eða sálfræðilegu verki, segist hún hafi róið á þau mið áður: „Ég var búin að reyna svoléiðis í fimm, nei fjórum skáldsögum og hét að kannski væri fólk orðið leitt á því. Svo er gamalt í mér að taka málstað góðra krimma, mig langaði að verja krimmann. Mér er annst um allt sem er fyrirliðið á röngum forsendum og svo víða er rangt gildismat í gangi. Sakamála- og hryllingssögur sýndu upphaflega, á 19. öld, samfélagslegt andóf, þær lýstu upp hið ljóta á öld sem dýrkaði fegurð sér til óbóta þar til grófturinn gubbaðist upp í heimsstyrjöldunum.“

Við lendum hér í spjalli um glæpasöguna sem karllægt form sem karlmenn ástundi fyrst og fremst „fyrir utan kerlingar sem skrifa krimma“, segir hún og bætir við að hún sé strákastelpa. Hún minnir mig á að ég hafi í sjónvarpsspjalli um síðustu skáldsögu hennar sem var „kerlingabók“ sagt að gaman væri ef hún setti sig í sæti karla og hún hafi tekið mig á orðinu. Alvitur sögumaður í Kalt er annars blóð skoðar veröldina mikið frá augum karla, ekki aðeins Hrúts heldur líka rannsóknarlögreglumannsins.

Veskið og spennitreyjan

Nýja sagan er víða með útúrdúrum, stuttum kommentum sem eru í bága við hæðisöndu, köldu hefðina sem ræður nú um stundir í íslensku og norrænu glæpasögunni: „Ég er gefin fyrir barokk“, segir hún. „Ég er bara kannski haldin ofmælsku.“ Þórunn minnir á að hún eigi að baki sextán bækur og hafi fengið sjö tilnefningar og þrjár viðurkenningar og geti því leyft sér að taka áhættu í stíl og framsetningu: „Ég er orðin svolítið kokkí eða sjálfsörugg.“ Af orðum hennar má ráða að hún telur lof mikilsvert og ekki síður að verk seljist vel.

Við erum þá farin að nálgast hið erfiða svið í samtali lesanda og rithöfunda sem eru staða þeirra á markaði, hið undarlega kerfi starfslauna og hlutar af sölu – Þráinn Bertelsson fullyrti fyrir skömmu að rithöfundur fengi fimmmhundrað kall af hverju eintaki af bók á meðalverði: „Ég seldi síðustu bók vel svo að nú gat ég vogað. Ég hef oft verið of vogunarsöm, sjálfri mér til

skaða. Mín fyrsta skáldsaga var fantasía af þeirri gerð sem alls ekki var leggjandi á bókmenntasamfélagið hér, en ég býst við að ég hafi viljað mæla þol þess og byrja algjörlega á því að skrifa bók að eigin skapi. Ég fékk okei dóma nema eina hryllilega hauskúpu sem allir smjöttuðu á, því fólk elskar aftökur. Við þetta dró ég mig inn í mína hnetu og byrjaði að skrifa mig í áttina að smekk Kollu. Ég varð að lifa af, var með krakka á framfæri og ríka ábyrgðartilfinningu.“

Þjónkun við smekk

Er hún að viðurkenna að efnahagsleg afkoma sé svona ráðandi kraftur í andlegu lífi Rithöfundasambandsins? „Ég viðurkenni það fyrir mína parta. Íslenskt samfélag er bara svo lítið. Ég er voða fegin að Björk er úti í heimi með sitt talent. Ég er búin að prófa að vera eins flippuð og ég vil og það hentar ekki samfélaginu hér. Sem íslenskur rithöfundur er ég föst inni í örlitilli smátungu, sem var tota út úr botnlanganum dönsku. Í gamla daga var fólk bókstaflega fast í sínum hrepp og það hét vistarband eða áttahagafjötrar, ég skynja mig fasta á sama hátt og dæmda til að skapa hér í örlitilli kró. Enginn er eins bundinn við landið og sá sem kann ekki á neitt nema hið völduga klassíska hljóðfæri íslenskrar tungu. Maður getur lítið farið út fyrir garðinn. En með því öryggi sem fylgir því að verða viðurkennur sem hluti af elítu íslenskra rithöfunda geta menn skrifað frjálssar ... ég er eiginlega að lýsa því frelsi yfir í þessari bók. Sem betur fer hef ég ekki týnt hvatvisinni, þrátt fyrir langa þjónkun við þröngan bókmenntasmekk íslensku þjóðarinnar eða bókmenntafræðinganna, maður veit aldrei hvor stýrir.“

Náttúruleysi á bók

Kalt er annars blóð einkennist ekki síður af ásæknun lýsingum á náum sem búið er að hluta í sundur. Náðin við hið líkamlega er eitt af þeim bókarrinnar. Ég spyr um nýlega skoðun Ians Rankin að kroppurinn, kynlífið og hinn sundraði líkami eigi ekki heima í glæpasögunni: „það er þá hans vandamál“, segir Þórunn: „Með sundurhlutun líkamans er ég að kjótgera, minna á tengsl okkar við hin dýrin eiginlega. Á fundi hjá Rithöfundasambandinu um frelsi rithöfunda fyrir nokkrum misserum talaði ég um þetta, hvað það væri skrítið hvað kynlíf vantaði í íslenskar bókmenntir, hvort það gæti verið út af eiginkonum, dætrum, mæðrum, tengdadætrum og tengdamæðrum og Einar Kárason sprakk.“ Af hlátri? „Nei reiði. Fyrir hönd rithöfunda sem ekki eru með þessa tegund af náttúru í bókum sínum. En ég er alls enginn dóni. Lífið er bara dónalegt, ef einhver skynjar úr bókum mínum dónaskap þá vísa ég bara þangað, til lífsins og sannleikans. Eitt hlutverk bókmennta er að lækna samfélagið af allskonar kvillum. Það er nýkomin út ævisaga Katrínar Thoroddsen sem kynnti okkur verjur og byrjaði að ráðast á launhelgar klofsins. Mamma var fyrsta stelpa í Menntaskólanum í Reykjavík sem hélt áfram í skólanum ólétt. Það var svo mikil skömm í latínuskólanum að eiga barn að maður átti bara að láta sig hverfa. Eitt viðamesta hlutverk bókmennta er að losa um og lækna sjúkan tíðaranda, eins og hefði verið sagt fyrir hundrað árum. Þegar ég opna tabú gleðst hrekjalómurinn í mér, það er hluti af nautninni við að skrifa.“

Hvað vantar í menn þegar þeim er ómögulegt að fjalla um kynlíf jafn opinskátt og sjá má á bloggsíðum unglínganna? „Unglingarnir eru sem betur fer frelsaðri á þessu sviði en okkar kynslóð. Hryllingur Stóradóms nuddast ótrúlega hægt út, forn bannhelgi kynlífsins og kristna skömmin á líkamanum, það tekur margar kynslóðir. Í rauninni hangir Stóri dómur enn yfir. Kerlingar svoléiðis fussa og sveia ef einhver ágætur karlmaður nær sér í viðhald, eins og rétt væri enn samkvæmt lögum að hýða hann og hengja og drekkja konunni. Ég hugsá bara – þekkjandi afstæði hugmyndanna sem sagnfræðingur: Guð, svakalegt og erfitt en gott fyrir hann, lífið í honum hefur sjálfsagt verið orðið líúð eða eitthvað þvílíkt. Ég vil ekki mæla rofi í hjónaböndum bót, lygnar eru viðbjóðslegar og sársaukinn sem fylgir skilnaði, en fordæminguna er svo ömurlegt að hlusta á, skilningsleysið, því það tilheyrir gamalli hugsun. Hætt var að refsá fyrir hór 1869 svo að segja má að hór sé orðið löglegt þótt það verði kannski alltaf siðlaust.“

Vill frekar hlusta

Þórunn segist ekki lesa mikið af íslenskum skáldsögum, segist réttlæta það fyrir sjálfri sér

þannig að hún óttist að verða samdauna samferðamönnum sínum á rithöfundafærlinum. „Bækur verða að hafa eitthvað sem vekur óseðjandi forvitni mína. Ég verð leið svo fljótt, þó það fari eftir hugarástandi mínu.“ Og hvað vakti slíka forvitni síðast? „Þjónn það er Fönix í óskubakkanum mínum eftir Eirík Örn Norðdahl. Það er dásemd. Svo las ég Mælingu heimsins eftir Daniel Kehlmann í frábærri þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur og Gunnlaugssögu orms-tungu. Svo eru tíu eða tuttugu bækur á rúmstokknum sem ég gríp í. En ég hlusta mikið á hljóðbækur. Það sem ég er að hlusta á núna er Ódysseifskviða sem Kristján Árnason bókmenntafræðingur les. Margar nýlegar nætur hef ég sofnað í Miðjarðarhafi fyrir nær þrjú þúsund árum alsæl. Morgunpulu í stráum eftir Thor Vilhjálmsson var dásamlegt að láta renna inn hlustirnar. Hans prósi er svo vel smíaður. Ég reyndi að lesa en týndi mér í línu tuttugu og fjögur ... prósi Thors á að vera lesinn því hann er ekkert annað en músík.“

Hljóði menn

Á bókamessunni í Gautaborg var umrætt að ekki þætti eins fínt að hlusta eins og að lesa. Í Svþjóð er mikil hljóðbókaútgáfa í gangi og ég fer niður í Norræna hús til að afla mér hljóðbóka þar sem ég skil sænsku. Heimurinn var í lagi áður en textinn var fundinn upp. Sagan á að heyrast – það er uppruni hennar. Því er ég voða fúl út í þá sem telja fínna að lesa en hlusta. Er þá nýja sagan þín komin út á hljóðbók? „Það var einmitt verið að hringja í mig og bjóða mér að lesa sjálf því að ég hef nöldrað yfir því að stofnunin – sem framleiðir bækur fyrir blinda – er svo undirbúin að gera hljóðbók án þess að spyrja höfunda. Ég hitti fyrir tilviljun starfsmann hljóðbókanna og var sár yfir að Matthías var lesin af einhverjum karli þótt fræðiröðin í bókinni sé kvenlæg. En bækur um karla eru víst lesnar af körlum og öfugt. Við sem erum hvorki blind né áttæð fáum þar ekki lánaðar bækur.“

Umsóknartíminn

Þórunn er núna að lesa eina af sögum sínum í útvarp og segist bara vera hissa hvað hún sé góð. Hún leyfi sér að gera þínubreytingar og strákarnir leyfi það. Eins og til dæmis áttaði hún sig á því eftir á að ekki er mör á hrossum. Hún hefur eins og öll haust lagt inn umsóknir í bæði fræðasjóði og höfundasjóði og biður þess að opinber nefnd líti til hennar í náð svo að hún viti hvað hún geri næst. Og ef það bregst hvað er þá til ráða? „Maður er orðinn svo sérhæfður af öllum þessum bókaskrifum að ég efast stundum um að ég geti gert nokkuð annað. Jú, ég er dugleg að skúra, ég gæti það.“

Aftur strákarnir

Hún segist hafa beðin að lesa upp á tveimur fyrstu ljóðlistahátíðum Nýhils og fundist það merkilegra en að koma fram á þessari stuttbuxnaðbókmenntahátíð. Þú kallar hana það? „Já, beiska utangarðsdeildin talaði alltaf í gamla daga um stuttbuxnadeildina og eyðibýlið, með fullri virðingu, þetta kallaði bókmennta-Gróa hið ágæta skáld Ódegaard og strákana sem gerðu íslenskum bókmenntum þann stórgræiða sem bókmenntahátíðin er. Saklaust grín þeirra valdalaus, sem allir vonandi geta fyrirgefið – ekki bjó ég þetta til. Að vera kipt inn í þá deild seint og um síðir var ekkert sérstakt, þú skilur. Ég er stoltari af því að unga fólki vilji hafa mig með en það sem nú er eins og ég að verða gamalt og farið að missa völd. Það sér hver heilvita maður að það er meiri framtíð í því að vera kannski vonandi ekki úreltur í því sem maður er að skapa.“

Og hvað er þá næst? Hún segir það óráðið. Hún sé alltaf að hvetja Megas til að halda áfram sögu sinni þar sem Sól í Norðurmýri lýkur en hann sé svo vinsæll núna. Þau eigi reyndar nóvelli sem sé hálfkláruð þar sem skopast sé að kvennafrídeginum en henni hafi allstaðar verið hafnað til útgáfu. Enn sé kvenremban svo heilög á Íslandi að ekki megi skopast með hana: „Þessar konur ofsóttu á sínum tíma gamla ídealið, venjulegt fólk, fallegar ofurkvenlegar lítilþægar, ofurskreyttar og þjónustusamar konur og ofurkarlmenn sem voru svona Clint Eastwood týpur og ferlega frekir alfaapar ... svo má ekki skopast með þær. Það er eitthvað að þegar má einu sinni gera grín. Það á að gera grín að öllu, það er eina leiðin til að þola álagið sem fylgir mannlífinu og menningunni. Rotturnar verða að minnsta kosti að fá að krafsa.“



Í rauninni hangir Stóri dómur enn yfir. Kerlingar svoléiðis fussa og sveia ef einhver ágætur karlmaður nær sér í viðhald, eins og rétt væri enn samkvæmt lögum að hýða hann og hengja og drekkja konunni.“

WE NEED A WEB PROGRAMMER

Do you want to work in the midst of creativeness and ideas, in a fun workplace that is home to young, talented people? Vatikanið ehf. is such a company. Vatikanið is a multimedia company, in its most literal sense. It consists of a design, web, publishing and marketing departments and therefore can provide a broad range of marketing solutions.

We are looking for a web programmer who can start as soon as possible.

The job involves

Setting up websites using AT CMS, a Content Management System developed and maintained by Vatikanið.

Developing new web solutions, as well as maintaining current customer solutions.

Good spoken English or Icelandic is a requirement.

Qualifications

Wide knowledge of HTML, CSS

Wide knowledge of PHP, MySQL

Ambition to learn new programming languages

Knowledge of JavaScript and ActionScript is a plus

For further information, please contact Óli during working hours at 511-1444 or by email at oli@vaticanid.is

Applications should be sent to oli@vaticanid.is



Spennandi störf í þágu aldraðra

Á öldrunarsviði er veitt fjölbreytileg þjónusta fyrir aldraða bæði á Landakoti og í Fossvogi. Á sviðinu eru deildir þar sem veitt er sérhæfð þjónusta s.s. endurhæfing, meðferð lungnasjúkdóma og heilabilunar, meðferð bráðveikra aldraðra og líknarmeðferð við lok lífs. Einnig er þar göngudeild og dagdeild. Verið er að innleiða fjölskylduhjúkrun á sviðinu og mikið gæða- og umbótastarf er í gangi sem starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í.

Við leitum að fólki sem hefur hæfileika til að vinna sjálfstætt og er lipurt í mannlegum samskiptum. Áhugi á málefnum aldraðra og fjölskyldna þeirra er nauðsynlegur en vinna fagstétta er með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Í boði er aðlögun eftir þörfum hvers og eins. Boðið er upp á námskeið fyrir ófaglærða einu sinni til tvisvar á ári. Á öldrunarsviði starfar fólk af ýmsum þjóðernum og æskilegt að umsækjendur hafi áhuga á að starfa á fjölmenningarlegum vinnustað.

Hjúkrunarfræðingur

Helstu verkefni:

- Hjúkrun aldraðra með áherslu á endurhæfingu
- Vaktstjórn og þverfagleg samvinna við aðrar starfsstéttir
- Þátttaka í umbótaverkefnum eða rannsóknum

Hæfniskröfur:

- Reynsla af öldrunarhjúkrun æskileg en ekki skilyrði

Fulltrúi með háskólapróf

Helstu verkefni:

- Liðveisla ásamt almennu deildarstarfi
- Mismunandi verkefni eftir deildum

Hæfniskröfur:

- Háskólanám eða BA gráða í ýmsum greinum s.s. sálfræði, félagsfræði og kennaramenntun

Sjúkraliðar

Helstu verkefni:

- Hjúkrun aldraðra og þverfagleg samvinna við aðrar starfsstéttir
- Umsjón verkefna

Hæfniskröfur:

- Reynsla af öldrunarhjúkrun æskileg en ekki skilyrði

Starfsmenn við aðhlyningu

Helstu verkefni:

- Umönnun aldraðra undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða
- Þátttaka í námskeiðum um umönnun

Hæfniskröfur:

- Áhugi á að vinna með fólki og góðir samskiptahæfileikar

Umsóknum ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf skal skila fyrir 24. desember 2007 til skrifstofu öldrunarsviðs, Landakoti. Upplýsingar um störfin veitir sviðsstjóri hjúkrunar, Ingibjörg Hjaltadóttir í síma 543 9893, netfang ingihj@landspitali.is.

Landspítali er þekkingar- og þjónustustofnun í þágu almennings. Spítalinn hefur þrjú þætt hlutverk, það er þjónusta við sjúklinga, kennsla og rannsóknir. Þar starfa um 5.000 starfsmenn í um 4.000 stöðugildum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf. Landspítali er reyklus vinnustaður.



GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR



Vörustjóri óskast

Leitað er eftir metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi til liðs við viðskiptadeild Gagnaveitu Reykjavíkur. Viðskiptadeild sér um sölu, markaðssetningu, vörustjórnun og viðskiptapróun á gagnaflutningsneti GR.

Starfssvið

- Uppbygging þjónustuframboðs GR á ljósleiðaraneti til heimila
- Markaðs- og kynningarmál
- Samskipti við þjónustuveitur
- Hönnun og þróun þjónustu og viðskiptaferla
- Áætlanagerð og frávikagreining

Menntunar- og hæfniskröfur

- BS í viðskiptafræði, rekstrarfræði eða verkfræði
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð tölvuþekking skilyrði
- 3-5 ára reynsla úr viðskiptalífínu skilyrði
- Reynsla af samningagerð og verkefnastýringu kostur
- Reynsla af því að halda kynningar kostur
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í hópi. Þarf að geta greint aðstæður fljótt og tekið ákvarðanir

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að uppbyggingu, þjónustu og rekstri á gagnaflutningskerfi byggt á ljósleiðarataekni. Um ljósleiðaranetið rekur Gagnaveitan öflugt dreifi- og samskiptakerfi fyrir sjónvarp, síma og Internet, byggt á IP/MPLS tækni.



Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfræstur er til og með 31. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starf á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem er hefur gaman af að veita góða þjónustu, hefur löngun til að skara framúr og vera öðrum fyrirmynd, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að gripa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt á lund og brá.

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. lofar væntanlegu samstarfsfólki sínu skemmtilegu og hvetjandi vinnuumhverfi, vinnuástöðu sem tekur öðru fram, öfluglu starfsmannafélagsi sem skipuleggur starf sitt af kostgæfni og í samvinnu við starfsmenn, máltíðum sem gleða munn og maga og síðast en ekki síst fjölbreyttu úrvali spennandi vörumerkja.

BÍLSTJÓRI með meirapróf

Starfið felur í sér akstur á bílaflutningabíl og almenna skráningu í tölvukerfi. Vinnutími er frá kl. 9-18.

Umsækjandi þarf að vera stundvís, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og vinna skipulega. Færni í mannlegum samskiptum er mjög mikilvæg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður í síma 822 8067 milli kl. 8 og 16.

Ingvar Helgason | Sævarhófa 2 | Sími 525 8000 | www.ih.is



Verkfræðingur- eða tæknifræðingur á Tæknisviði Símans

Tækniséni óskast

Síminn óskar að ráða hæfileikaríkan og öflugan einstakling til mjög spennandi verkefna við aðgangskerfi fyrirtækisins.

Sérfræðingur, aðgangskerfi GPON/XDSL

Starfsmaðurinn fær tækifæri til að setja mark sitt á stefnumótun framtíðaraðgangskerfa Símans.

Helstu verkefni

- Vinna við rekstur og þróun núverandi aðgangskerfa, t.d. ADSL og ATM.
- Vinna við rekstur og þróun nýrra aðgangskerfa Símans, s.s. GPON (Passive Optical Network) og VDSL2.

Hæfniskröfur

- Reynsla af rekstri aðgangskerfa eða netkerfa er æskileg.
- Þekking og reynsla af rekstri Unix-véla er æskileg.
- Viðkomandi þarf bæði að geta unnið sjálfstætt og í hópi.

Upplýsingar í síma 550 6470 milli kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

Umsóknarfrestur er til 18. desember.

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

800 7000 - siminn.is

Það er Síminn 

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegna stóraukinna verkefna leitum við að úrvals fólki til að slást í hópinn

Sambætting upplýsingakerfa – BizTalk / webMethods

Sambætting upplýsingakerfa hefur verið áherslusvið hjá Kögun allt frá árinu 2000. Beitt er verkfærum frá webMethods, Microsoft og Tibco og unnið með það sem fremst gerist í þessari tækni í dag. Við vinnum nú að umfangsmiklum verkefnum á þessu sviði fyrir innlandan og erlendan markað og sjáum fram á mikla aukningu verkefna á næstunni.

Við leitum að tölvunarfræðingum, kerfisfræðingum eða verkfræðingum með reynslu af hugbúnaðargerð í fjölbreyttu umhverfi. Ef þú hefur góða þekkingu eða reynslu á sviði forritunar í Java eða .NET umhverfi, þekkir gagnagrunna, XML, eða hefur reynslu í forritun viðskiptakerfa á borð við Microsoft Dynamics eða SAP og vilt vinna við það sem efst er á baugi í upplýsingatækni og rafrænum viðskiptum þá er þetta starf fyrir þig.

Þróun upplýsingakerfa – Microsoft .NET / Java

Hjá Kögun vinnum við að margs konar verkefnum sem snúa að sérsmíði upplýsingakerfa fyrir flest stærstu fyrirtæki landsins. Við bjóðum fjölbreytt verkefni í góðum hópi samstarfsmanna. Hjá Kögun leggjum við mikla áherslu á mótaða aðferðafræði við hugbúnaðargerð þar sem föstum vinnuferlum er fylgt á öllum stigum framleiðslunnar.

Við leitum að tölvunarfræðingum, kerfisfræðingum eða verkfræðingum með reynslu af hugbúnaðargerð í .NET eða Java umhverfi til að sinna auknum verkefnum á sviði nýsmíði og lausnabróunar.

Ráðgjöf – Verkefnastjórn

Fjöldi viðskiptavina leitar til Kögunar með ýmis ráðgjafarverkefni á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Við önnumst upplýsingatækniráðgjöf hjá öllum stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins m.a. á sviði fjármála og viðskipta, fjarskipta, flutninga, heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslu.

Við leitum að einstaklingum með menntun á sviði verkfræði eða tölvunarfræði með reynslu á sviði upplýsingatækni til að sinna ráðgjöf og verkefnastjórn í hugbúnaðargerð og verkefnum tengdum upplýsingatækni.

Við leitum einnig að sérfræðingum á fjármálasviði með menntun í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði til að sinna ráðgjöf á sviði fjármálakerfa og sérhæfðri upplýsingatækniráðgjöf til viðskiptavina á fjármálasviði.

Kögun ásamt dótturfyrirtækjum er eitt stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins með starfsemi á flestum sviðum upplýsingatækni. Árið 2006 var Kögun í 7. sæti yfir framsæknustu frumkvöðlafyrirtæki í Evrópu en þann árangur má þakka metnaðarfullu starfsfólki sem er stolt af því að vera í vinningsliðnu. Ár eftir ár eru viðskiptavinir Kögunar með þeim ánægðustu samkvæmt könnunum Gallup.

Það er Kögun metnaðarmál að hafa á að skipa mikilhæfu og vel menntuðu starfsfólki til að geta veitt sem besta þjónustu í harðri samkeppni. Því býður Kögun góð laun, tryggir símenntun í starfi og leggur sig fram um að starfsfólki sínu sé tryggt traust framtíð þar sem það hefur tók á að fást við spennandi verkefni í góðum hópi samstarfsfólks og viðskiptavina.

Starfsfólk okkar er samheldinn hópur sem hefur byggt upp öflugt félagsstarf innan fyrirtækisins. Starfsmannafélagið stendur fyrir fjölda atburða s.s. óvissuferðum, fjölskylduferðum og ýmsum uppákomum. Einnig fer öflugt starf fram í ýmsum klúbbum og hópum eins og gönguhóp sem t.d. hefur klifið hæsta tind Afriku Kilimanjaro.

Starfsfólk Kögunar vinnur eftir gæðakerfi sem er vottað skv. ISO 9001 og við erum afar stolt af. Kögun er hluti af Teymi hf. sem er skráð í Kauphöll Íslands.



Nánari upplýsingar um störfn eru veittar hjá Kögun hf. í síma 580-9200 eða kogun@kogun.is. Vinsamlegast sendið umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf með tölvupósti á kogun@kogun.is eða skilið á heimasíðu Kögunar www.kogun.is fyrir 16. desember.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Fjármálafulltrúi á Leikskólasviði Reykjavíkurborgar

Leikskólasvið annast starfsemi og rekstur leikskóla. Í því felst þróun leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir leikskólaráð og starfshópa á vegum ráðsins.

Laus er staða fjármálafulltrúa á Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.

Starfssvið fjármálafulltrúna er m.a. að annast fjárhags- og rekstraráætlanir, fjármálalega ráðgjöf til leikskólastjóra og fjárhagseftirlit, innheimtu, úttektir, samningagerð og uppgjör. Leikskólasvið þjónustar um 80 leikskóla auk skrifstofu sviðsins.

Starfssvið fjármálafulltrúa:

- Fjárhags- og rekstraráætlanagerð
- Fjármálaleg ráðgjöf til leikskólastjórnenda
- Fjárhagseftirlit
- Uppgjör

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræði á háskólastigi eða sambærilegt nám
- Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af fjármálaumsýslu æskileg
- Lipurð í samskiptum og færni til að starfa í hópi

Upplýsingar um starfið veita Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri, kristin.egilsdottir@reykjavik.is og Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, ingunn.gisladdottir@reykjavik.is í síma 411-7000

Umsóknarfrestur er til og með 23. desember 2007

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf og sendist til Leikskólasviðs, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is.

Laun eru skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Verkefnastjóri tæknimála ökutækja

Starfið felst einkum í mótun laga og reglna um tæknileg málefni, innleiðingu EES gerða, eftirliti með skoðun og skráningu ökutækja, umsjón með skoðunarhandbók og tæknilegum samskiptum við skoðunarstofur. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og hentar einstaklingi sem hefur áhuga og þekkingu á bíltæknimálum og getur tekið að sér verkefnastjórnun á því sviði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði verkfræði, tæknifræði eða sambærilegu.
- Hefur gott vald á ensku og norðurlandamáli
- Starfsreynsla á sviði bíltæknifræða góður kostur
- Hæfileiki til að skrifa íslenskan texta og þróa hentugt verklag.
- Leitad er að einstaklingi sem er úrræðagóður, skipulagður, ábyrgur og góður hópstjóri.

Umsóknarfrestur er til 17. desember.

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni <http://www.us.is/atvinnuumsokn>
- með því að senda umsókn (CV/ferilsskrá) á verkefnastjóra starfsmannamála, olof@us.is eða senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:

Umferðarstofa
Bt. Ólafar Friðriksdóttur
Borgatún 30
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri ökutækjasviðs, s. 580-2013. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu: <http://www.us.is/>

VINNUSTADURINN

Á þessu stigi er erfitt að átta sig á hvað húsið mun kosta. Raunar er óskynsamlegt að slá á slíka tölu meðan unnin er hugmyndavinna en víst er að húsið kostar nokkra milljarða, ekki minna en tvo, vonandi ekki meira en fimm.


Menntamálaráðherra lítur með velþóknun til hugmynda þeirra í Kópavoginum. Íslenska óperan er fús til samstarfs enda vonlaus aðstaðan sem er í Gamla bíói við Ingólfsstræti.

Víðhald

Við þessar nýbyggingar bætist víðhald eldri húsa. Reykjavíkurborg hefur af reynslu lagt til fjármagn ár hvert til endurbóta og víðhalds á Borgarleikhúsinu. Er áætlað að víðhald kosti í ár 37 milljónir og fari á næsta ári í 48 milljónir. Þess utan hafa um 10 milljónir farið árlega í að klára einstaka hluta hússins.

Fyrsta kynslóð samkomuhúsa reis um aldamótin 1900 og eru sum ennþá í notkun: Iðnó og samkomuhúsið á Akureyri. Önnur kynslóðin reis fyrir og eftir stríð, fyrst á þéttbýlisstöðum og síðar í sveitum. Húsin sem nú rísa eiga að duga einhverja áratugi. Það er síðan pólitísk stefna hverju sinni, sveitarstjórna og fjárveitingavaldsins að halda úti starfsemi, fastri og lausri, í öllum þessum byggingum. Ekki er víst að fjárveitingavaldið verði jafn glatt að leggja út fé þegar kemur að því að fylla húsin lífi. Því hús án starfsemi eru dauð, og það kostar líka að halda úti menningarstarfi.

Menningarhúsið á Akureyri skorði í tvennt. Þar verður tónlistarskólinn til húsa og salur með sviði. Það mun kosta um þrjá milljarða fullbúið. Ef marka má þá tölu verða menningarhús á Egilsstöðum, Suðurlandi og í Reykjanesbæ ekki undir þremur milljörðum stykkið þegar og ef þau rísa..



SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Handan um höf – Helgi Hálfðanarson

Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir

Ferðalok – Jónas Hallgrímson 1807–1845

Surtsey – jörð úr ægi

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
Sími 545 1400, www.thjoedmenning.is
Sýningar-leiðsögn - veitingar - verslun

Opíð daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn á íslensku um handritasýninguna í hádeginu kl. 12.10 á fimmtudögum.
Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum.

Í versluninni á aðventu:
Jóla kort þjóðmenningarhússins, bækur, tónlist, kerti og spil, Kærleikskúlan 2007.
Myndlístarsýning Erlu Þórarinsdóttur – Sameign. Opinber rými.



HITTIÐ JÓLASVEINANA,
GRÝLU OG LEPPALÚÐA
Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS



JÓLADAGSKRÁIN HEFST 9. DESEMBER KL. 14



GRÝLA OG LEPPALÚÐI KOMA FYRST, SUNNUDAGINN 9. DESEMBER KL. 14. ÞÁ VERÐUR LÍKA OPNUÐ JÓLASÝNING OG HEIÐA SYNGUR MEÐ BÖRNUNUM.

JÓLASVEINARNIR KOMA ALLA DAGA 12.-24. DESEMBER KL. 11.

- Stekkjartaur 12. desember kl. 11
- Giljagaur 13. desember kl. 11
- Stúfur 14. desember kl. 11
- Þvörusleikir 15. desember kl. 11
- Pottaskefill 16. desember kl. 11
- Askasleikir 17. desember kl. 11
- Hurðaskellir 18. desember kl. 11
- Skyrgámur 19. desember kl. 11
- Bjúgnakrækir 20. desember kl. 11
- Gluggagægir 21. desember kl. 11
- Gáttabefur 22. desember kl. 11
- Ketkrókur 23. desember kl. 11
- Kertasníkir 24. desember kl. 11
- Opið 11-12 á aðfangadag

15. OG 22. DESEMBER KL. 13
TERRY GUNNELL: THE ICELANDIC YULE.
AN ILLUSTRATED PRESENTATION IN ENGLISH.
KYNNING Á ENSKU Á ÍSLENSKU JÓLUNUM.

Opið: 11-17 þriðjudaga til sunnudaga og 11-12 mánudaga (þegar jólasveinninn kemur)
Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · Tel. +354 530 2200 · www.thjodminjasafn.is

Auglýsingasími
512 50 50

- Mest lesið



BRÁÐUM KOMA ÞAU
... og alla fer að hlakka til

HÁDEGI, KVÖLD, VEISLUR OG FUNDIR



Ragnar Ómarsson
yfirmatreiðslumaður DOMO

... hefur verið valinn næsti keppandi fyrir Íslands hönd í hinni virtu Bocuse d'Or keppni sem haldin verður í Lyon í Frakklandi árið 2009.

JÓLAHLAÐBORD

Jólahlaðborð DOMO verður að þessu sinni á neðri hæð DOMO í glæsilegum, nýuppgerðum salarkynnum þar sem matreiðslumenn okkar nálgast jólamatinn á nýjan hátt ásamt því að halda góðum og gildum hefðum. Hafið samband við okkur og kynnið ykkur þá möguleika sem veislusalur DOMO hefur upp á að bjóða.

Xenia Tchoumitcheva



TIMING YOUR OWN CHALLENGE

**Candino swissnesk gæðaúr fást
hjá úrsmiðum!**


CANDINO
SWISS WATCH

Festina-Candino Watch Ltd candino.com
a company of the Festina Group

... AÐ TJALDABAKI



Leiklist.is er aftur komin á stjá eftir að hafa verið í nokkrum dróma um tíma. Þar eru raktar ýmsar fréttir af leiklist-

arlífi og ætla forstöðumenn vefjarins að einbeita sér að upplýsingum um starfsemi áhugamannafélaga, sjálfstæðra leikhópa og svokallaðra stofnanaleikhúsa. Fyrir eru vefir Þjóðleikhússins, www.leikhusid.is, Borgarleikhússins, www.borgarleikhus.is, sjálfstæðu leikhúsanna auk síðna margra smærri hópa að ógleymdum vefjum Íslenska dansflokksins, www.id.is, og Leikminjasafnsins, www.leikminjar.is sem geymir margháttaðar upplýsingar um hið kröftuga starf leikhúsfólks.

Baltasar Kormákur stendur í ströngu í æfingum á Ivanov en samstofna er kvikmynd sem hann er



nú að klippa. Þá mun hann setja upp Óþelló í Barbican á næsta ári og er einnig í viðræðum um sviðsetningu á Design for Living í Old Vic. Forest Whitaker mun leika márann en Ingvar Sigurðsson Jagó öðru sinni en hann fór með það hlutverk í minnisstæðri sviðsetningu Guðjóns Pedersen fyrir Nemendaleikhúsið fyrir nær sextán árum en þá lék Balti Óþelló.

Óþelló, Desdemóna og Jagó er heiti á verki sem Gunnar Guðsteinsson setur á svið í upphafi næsta árs í eigin leikgerð. Sýningin er samvinnuverkefni Draumasmiðjunnar, Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins sem frumsýnd verður á litla sviði Borgarleikhússins í janúar. Aðeins eru þrjú hlutverk í verkinu og hvert þeirra hefur sitt eigið tjáningarform: í hlutverki Óþellós er dansarinn Brad Sykes, í hlutverki Desdemónu er heyrnarlaus leikkonan, Elsa Guðbjörg Björnsdóttir, sem tjáir sig á táknmáli og í hlutverki Jagós er leikarinn Hilmir Snær Guðnason sem fer með allan talaðan texta á íslensku.

Office 1 Superstore

Allt fyrir jólapakkann undir einu þaki

Office 1 ...um land allt!

5%

Skiðhúsi 17 • Smáralind • Akureyri • Ísaför • Egilsstöðum • Vestriannarvegum • Selfossi • Hafnarvíði (Bókabúð Bóðvarn)

14. des. Fimmtugur	09:00-20:00
15. des. Laugardagur	10:00-20:00
16. des. Sunnudagur	12:00-20:00
17. des. Mánudagur	09:00-20:00
18. des. Þriðjudagur	09:00-20:00
19. des. Miðvikudagur	09:00-20:00
20. des. Fimmtugur	09:00-22:00
21. des. Föstudagur	08:00-22:00
22. des. Laugardagur	10:00-22:00
23. des. Sunnudagur	10:00-23:00
24. des. Mánudagur	09:00-13:00

*Svona í Smáralind / upplýsingar um opnunartíma Smáralindar



eitthvað alveg einstakt



Galleri List
Skiopholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



MIKIÐ
ÚRVAL



HOW TO DRAW COMICS
THE MARVEL WAY
Bók eftir Stan Lee og John Buscema sem kennir þér að teikna uppáhalds Marvel ofurhetjurnar þínar.

1.675 kr.



MYNDASÖGU-
PAPPÍR
40 ARKÍR
499 kr.

8 ATVINNU
TEIKNIPENNAR
2.399 kr.

TEIKNI-
KENNSLUBÓK
4.999 kr.

FULLT AF TEIKNIVÖRUM TIL
Bækur, pennar og pappír fyrir verðandi myndasöguteignara.

frá 1.499 kr. stk.



EIGUM
TUGI
DISCWORLD
BÓKA!

DISCWORLD
MAKING MONEY
Nýjasta Discworld bókin er komin. Áframhaldandi ævintýri Moist Von Lipwig sem bjargaði póstpönnu Ankh Morpork í Going Postal.

Innbundin bók.
2.795 kr.



DRESDEN FILES - 8. BÓK
DEAD BEAT
Harry Dresden - Galdramaður í Chicago. Finnur týnda hluti. Ráðgjöf og yfirmátúrulegar rannsóknir. Enga ástardrykki, botnlausar buddur eða önnur skemmtiatriði.

845 kr.




WARHAMMER 40.000
THE ARMOUR OF CONTEMPT
Bækur byggðar á herkænsku-
borðspilinu Warhammer.

845 kr.




WORLD OF WARRAFT
TIDES OF DARKNESS
Sögur af hetjum, göldrum og orrustum byggðar á hinum geysivinsæla tölvuleik World of WarCraft.

845 kr.




TEMAIRE EFTIR NAOMI NOVIK - 4. BÓK
EMPIRE OF IVORY
Will Laurence - kapteinn í breska sjóhernum og ofdekraði drekkinn Temeraire berjast við Frakka í Napóleonsstríðinu og ferðast um heiminn. Frábærar ævintýrasögur með sögulegu ívafi.

845 kr.



SONG OF ICE AND FIRE - 4. BÓK
A FEAST FOR CROWS
Stórbrotinn sagnabálkur George R. R. Martin er fyrir unnendur allra góðra bókmennta. Mest selda fantasíuserían í Nexus

845 kr.



J.K. ROWLING
HARRY POTTER AND THE DEATHLY HALLOWS
Endalok eins vinsælasta ævintýraflokks allra tíma.

Innbundin bók.
2.500 kr.



VAMPIRE EARTH - 5. BÓK
VALENTINE'S EXILE
Á Jörðinni árið 2072 ráða blóðþyrstar geimverur ríkjum. David Valentine og sérþjálfadar hryðjuverkasveitir berjast fyrir frelsi mannkynsins.

845 kr.

ASÖGUR • SPIL • BÆKUR

NEXUS

103 • 101 RVK
• nexus@nexus.is

19:30 HELGAR 12-18



FORGOTTEN REALMS
THE ORC KING
Bækurnar um svartálfinn Drizzt hafa verið vinsælustu Forgotten Realms bækurnar í fjölda ára.

Innbundin bók.
2.660 kr.



FORGOTTEN REALMS
ROAD OF THE PATRIARCH
Nýjasta bókin í Sellwords seríunni

845 kr.



STAR WARS - LEGACY OF THE FORCE
STAR WARS - FURY
40 árum eftir Star Wars: A New Hope og geisar enn styrjöld. Solo fjölskyldan berst innbyrðis.

845 kr.

VINSÆLUSTU BÓKASERÍUR NEXUS ÁRIÐ 2007

4

DVD JÓLAMARKAÐUR NEXUS

OPNAR MÁNUDAGINN 10. DESEMBER KL. 12

STÓRAUKIÐ ÚRVAL!

LEIKFÖNG • DVD • MYNDASÖGUR • SPIL • BÆKUR

NEXUS

HVERFISGATA 103 • 101 RVK
S. 552 9011 • nexus@nexus.is

OPIÐ VIRKA DAGA 12-19:30 HELGAR 12-18:00

STAR TREK THE NEXT GENERATION

Besta Star Trek serían
nú á lægra verði.
Besti skipherrann,
skemmtilegasta áhöfnin
og bestu sögurnar.

7 seríur í allt

ÁÐUR 5.299 kr. stk.

NÚ 3.499 kr. stk.

Enskt tal - Enskur texti.



THE X FILES

Vinsælasta yfirsíðilega
sjónvarpsríða sögunnar.
Fox Mulder og Dana Scully kljást
við málin sem eru of skrítn fyrir hina.
9 seríur alls.

ÁÐUR 5.299 kr. stk.

NÚ 3.499 kr. stk.

Enskt tal - Enskur texti.



Buffy & ANGEL the vampire slayer

Vampírúbaninn Buffy
og vampírinn Angel.
Samband þeirra hristi illþyrmilega
upp í flestum þekktum víddum.

Frábær blanda af fantasíu, gríni,
hrylling og rómantík.

ÁÐUR 4.999 kr. stk.

NÚ 3.499 kr. stk.

Enskt tal - Enskur texti.



CSI:

CRIME SCENE INVESTIGATION

Það er óþarfi að kynna Gil Grissom
og tæknideild hans
í syndaborginni Las Vegas.

6 seríur í allt til þessa.

ÁÐUR 5.999 kr. stk.

NÚ 5.499 kr. stk.

Enskt tal - Enskur texti.



ÓTEXTAÐ

YFIR 200 MISMUNANDI SJÓNVARPSRÍUR TIL SÖLU

ÓTEXTAÐ

BLADE RUNNER

Framtíðartrýllirinn Blade Runner sem er almennt talin ein áhrifamesta mynd níunda áratugarins hefur nú verið fínþússuð af leikstjóranum sjálfum, Ridley Scott og uppfærð tæknilega fyrir vora háskerputíma.

Mannaveiðarinn Rick Deckard (Harrison Ford) þræðir öngstræti risaborgarinnar San Angeles í leit að nærri því mennskum vélmennum sem hafa brugðist yfirboðurum sínum. Þetta verður hans erfiðasta mál til þessa og skilin milli mennskra og ómennskra verða óljósari með degi hverjum.



2-DISKA ÚTGÁFA FINAL CUT

- Uppfærð útgáfa leikstjórans
- 16:9 yfirfærsla
- Dolby Digital 5.1 hljóð
- Hljóðrásir með umsögnum
- Ný heimildarmynd "Dangerous Days" um gerð myndarinnar.

2.599 kr.

Enskt tal - Enskur texti.

5 DISKA SAFNARAÚTGÁFA

- Allt sem er í tveggja diska útgáfunni og að auki:
- Upprunalega bíóútgáfa myndarinnar frá 1982
- Útgáfan sem var sýnd utan Bandaríkjanna 1982
- Leikstjóraútgáfan frá 1992
- Auglýsingaefni og meira af heimildarefni m.a. um Philip K. Dick, höfund bókarinnar sem myndin er byggð á.
- Óklárud útgáfa af myndinni og hljóðrásir með henni.

4.899 kr.

Enskt tal - Enskur texti.



VÆNTANLEGT
Á
HD DVD
Blu-ray Disc

Disney HIGH SCHOOL MUSICAL

HIGH SCHOOL MUSICAL 2

Framhaldið sem beðið var efir með
óþreyju. Nú þurfa krakkarinn í Austur-
menntaskólanum, Troy, Gabriella,
Ryan, Chad, Taylor og Sharpay að
taka þátt í hæfileikakeppni.

Táp og fjör og frískir krakkar, eins og
finnast bara í Disneyheimi.

2.599 kr.

Enskt tal - Enskur texti.



HIGH
SCHOOL
MUSICAL
REMIX
Seldist upp!
væntanleg aftur
14. des!



POP STAR PROFILE

Þættir úr
sjónvarpsríðunni
og aukaefni.

2.299 kr.

Enskt tal - Enskur texti.

HANNAH MONTANA

Það er ekki auðvelt lífa tvöföldu lífi
sem venjuleg skólastúlka á daginn og
rokkstjarna á kvöldin! En Miley Stewart
er heldur engin venjuleg stúlka!

BEHIND THE SPOTLIGHT

4 þættir úr
sjónvarpsríðunni
vinsælu
og aukaefni.

ÁÐUR 2.499 kr.

NÚ 1.299 kr.

Enskt tal - Enskur texti.



TVÖFALDUR
DISKUR

TÓNLISTIN Á GEISLADISKUM

Hannah Montana - kr. 1.599
Hannah Montana 2 - kr. 1.799

DVD JÓLAMARKAÐUR

skóinn hjá börnunum?

Sigtryggur: Ég myndi láta jóla-sveininn setja lesefni, mandarínur og ullarsokka. Það er fátt betra en að skrifa upp í sófa með lesefni og mandarínur. Þetta eru auðvitað mínir einkadraumórar því ég geri þetta allt of sjaldan.

Ingibjörg: Það er nú eiginlega ekki hægt að toppa þetta. Í skó barnanna myndi ég setja blýanta, pappír og liti.

Klórur okkur í hausnum yfir topp-sætinu

Og loks hefur það svo verið skjal-fest: Ísland er best í heimi, samkvæmt nýlegri könnun Sameinuðu þjóðanna. Nefnið mér þrjá hluti sem þið teljið besta við landið. Hvaða þrjá hluti mynduð þið jafnframt vilja sjá betur fara?

Ingibjörg: Veðrið, vöruverðið og miðbærinn um helgar. Ó, átti ég að nefna best fyrst. Þá vandast málin. Ég er svo óvön að hugsa um eitt-hvað gott. Það er þá borgin sjálf, þessi tilfinning að tilheyra ákveðnum stað. Frelsið, sem er meira en gengur og gerist á mörgum öðrum stöðum. Hmmm... (löng þögn).

Sigtryggur: Það er góð spurning hvernig við komumst eiginlega á þennan lista. Norðmenn halda því fram að hamingjan sé tilkomin af því að við fáum að baða okkur svo mikið, að við eigum svo mikið af heitu vatni. Þeir fóru nefnilega sjálfir niður í annað sætið. Og sjálfur er ég mjög ástfanginn af heita vatninu. En þetta er nú alveg til þess að ýta undir þessa helvítis megalómaníu okkar Íslendinga. Við erum svo dásamleg blanda af minnimáttarkennd og mikilmennskubrjálaði. Og þetta skýtur okkur alveg upp á stjörnuhimininn. Við erum sterkastir, fallegastir og nú nýlega: Ríkastir. En þetta yndislega karaktereinkenni okkar Íslendinga er eitt af því sem er á besta-listanum mínum. Mér finnst það svo skemmtilegt. Og svo er það fámennið. Þetta blessaða krummaskuð finnst mér alveg yndislegt. Sömu hlutir myndu svo lenda á listanum yfir það versta. Það eru tvær hliðar á þessu öllu. Þetta hefur pósitíva eiginleika en líka negatíva. Uppblásið sjálfssálit og svo framvegis.

Ingibjörg: Blaðran er fljót að springa. Svo er líka annað sem betur mætti fara, en það mætti vel fækka bílum hérna. Maður kemst ekkert áfram fyrir þeim. Það er tóm vitleysa að ekki sé hægt að ferðast öðruvísi en í bíl.

Uppstrílað fólk

Herra Ísland var krýndur nú á dögunum. Hvað finnst ykkur um fegurðarsamkeppni, kvenna sem karla? Eru Íslendingar uppteknari af útliti sínu en áður?

Ingibjörg: Já, er sú keppni í gangi?

Sigtryggur: Ungfrú Ísland er búið að vera í gangi síðan 1950 og súrkál, er það ekki? Kemur væntanlega með ameríska hernum og þeirri menningu.

Ingibjörg: Jú, jú. Þetta var í Tívoli í gamla daga. Þá fór ég á keppnina, þegar ég var smástelpa. Stundum voru veður svo vond að stúlkurnar urðu að hálfhlaupa skjálfaði í einhverjum sundbolum endanna á milli göngubryggjunnar. Frusu nánast í hel. Það var frekar spaugilegt.

Sigtryggur: Er ekki bara skemmilegra að fara á almennilegar gripa-sýningar austur í sveit? Kannski má hafa gaman að þessu, ég hreinlega veit það ekki.

Ingibjörg: Mér finnst þetta eins mikill óþarfi og frekast má vera, ég er algjörlega á móti fegurðarsamkeppni. Hvort sem það eru konur eða karlar sem keppa.

Sigtryggur: Já, því miður, ég hef aldrei náð að tengja við þetta heldur.

Ingibjörg: En ég held við séum klárlega uppteknari af útliti okkar en áður. Eða það er að segja þjóðfélagið, því fólk er náttúrlega misjafnt. Ég man ekki eftir því í gamla daga. Þegar fólk horfir hvert á annað virðist það oftast fyrst mæla út hvernig maður er klæddur.

Sigtryggur: Ég átti þessar umræður við ömmu fyrir nokkrum árum þegar ég var einmitt að fjasa um það hvað fólk væri upptekið af útliti sínu og það hefði byrjað með Duran Duran tímabilinu – þegar við vorum til fara eins og fávitar.



Ég átti þessar umræður við ömmu fyrir nokkrum árum þegar ég var einmitt að fjasa um það hvað fólk væri upptekið af útliti sínu og það hefði byrjað með Duran Duran tímabilinu – þegar við vorum til fara eins og fávitar.

til fara eins og fávitar. Hún vildi nú meina að þetta hefði alltaf verið svona, eða frá því að Hollywood og stjörnuvörðunin hélt innreið sína. Konurnar þurftu líka að vera svona eða hinsegin í þá daga.

Ingibjörg: Ég man eftir því að þegar ég var að alast upp var ein kona í fjölskylduböðum sem ég fór í sem alltaf var vel máluð og í nýjustu Hollywood-tískunni. En hún var bara ein. Hinar voru, jú, jú, allt í lagi, en ekki svona uppstrílaðar. Og það var það sem ég var að meina,

fólk er svo uppstrílað núna. Ég verð svo þreytt þegar ég hugsa um alla fyrirhöfnina og tímenn sem þetta hlýtur að taka.

Tilgerðarleg norðlenska

Dagur íslenskrar tungu er nýafstaðinn. Hvaða Íslendingur talar fallegustu íslenskuna?

Sigtryggur: Er það ekki fyrrverandi forseti vor?

Ingibjörg: Eða Steingrímur J. Sigfússon? Talar hann ekki voðalega

fallega íslensku?

Sigtryggur: Jú, ég hef heyrt ræður eftir hann sem voru alveg frábærar. Og Sigvaldi Júlíusson, þulur í útvarpinu, mér finnst hann alltaf tala fallega íslensku. Kannski er það bara vegna þess að hann talar norðlensku.

Ingibjörgu: Já, æi, ég þoli ekki þessa norðlensku. Ég á svo erfitt með hana. Ég hlusta jú, en málið er að ég er bara ekki Norðlendingur og þess vegna finnst mér hún svo tilgerðarleg. En það er einn maður í

útvarpinu sem talar alveg frábæra íslensku og það er hann Broddi Broddason. Hann les fréttirnar eins og hann sé í alvörunni að segja okkur þær – hann er alltaf með hlustendur í huga. Framburðurinn er svo góður og skýr. Svo þegar það eru jarðskjálftar þá kemur hann með þetta bara jafnóðum. Hann er eini þulurinn sem ég myndi treysta fyrir lífi mínu. Ef hann segir mér eitthvað þá treysti ég því.

Sigtryggur: Hann segir þér: Þetta verður allt í lagi, Ingibjörg – og þú róast?

Ingibjörg: Já, til dæmis í Suðurlandsskjálftanum. Ég veit ekki hvað ég hefði gert hefði ég ekki haft hann. Ég var ein heima og veik og svo byrjaði allt að hristast og skjálfa. Og það reddaði mér að ég kveikti á útvarpinu og fann hann.

Sigtryggur: Hann hefur hjálpað þér, það var nú gott.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Pata Degerman

Á VIT HINS ÓÞEKKTA



Er hægt að æfa fyrir hið óvænta?
Hvernig áttu að hugsa þegar þú veist
ekkert hvað þú ert að gera?

Desemberfundur Útflutningsráðs, miðvikudaginn 12. des. 2007, kl. 8:30-10:00

Morgunverðarfundur á Hilton Reykjavík Nordica

Finnski ævintýramaðurinn Pata Degerman hefur stýrt leiðangursmönnum á Suður-skautinu og í Himalayafjöllum, frumskógum Borneó og Amazon. Hann er einnig vinsæll fyrirlesari sem nýtir reynslu sína af erfiðum aðstæðum í þágu atvinnulífsins á sérlega skemmtilegan hátt.

Fyrirlestur hans er ætlaður stjórnendum sem vilja tileinka sér óhefðbundna hugsun, raunhæfa markmiðasetningu og nýjar leiðir til að bregðast við hinu óvænta.

Aðgangur ókeypis – boðið er upp á morgunverð. Fyrirlesturinn er fluttur á ensku.

Nánari upplýsingar veitir Hermann Ottósson, forstöðumaður ráðgjafa- og fræðslusviðs, hermann@utflutningsrad.is eða Bergur Ebbe Benediktsson, bergur@utflutningsrad.is á skrifstofu Útflutningsráðs eða í síma 511 4000.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 · 105 Reykjavík · sími 511 4000 · fax 511 4040 · utflutningsrad@utflutningsrad.is

Saga norsku hljóm-sveitarinnar Mayhem er blóði drifin. Áður en fyrsta breiðskífa sveitarinnar kom út hafði söngvarinn framið sjálfsmorð, gítarleikarinn verið myrtur og bassaleikarinn fangelsaður fyrir morðið. *Salvar Þór Sigurðarson* kynnti sér feril einnar alræmdustu svartmálshljómsveitar heims.

Norska hljómsveitin Mayhem er ein elsta og frægasta svartmálshljómsveit sögunnar. Réttara væri að kalla hana alræmda frekar en fræga, þar sem hún er töluvert betur þekkt fyrir þá hræðilegu atburði sem gerðust utan hljóðversins en tónlistina sem var tekin upp innan þess.

Hjá Mayhem voru textar um dauða og djöfulinn ekki látalæti heldur fúlasta alvara og hljóm-sveitar meðlimir máluðu sig ekki hvíta í framan til að fela andlit sín heldur til að líta út eins og lík. Í huga þeirra bjó djúpt og raunverulegt hatur á kristinni trú og mikill áhugi á öllu sem dauðanum tengdist.

Svartasti svartmálur

Saga Mayhem hófst þegar Øystein Aarseth gítarleikari, sem kallaði sig Euronymous, stofnaði hljóm-sveitina árið 1984 með bassaleikaranum Jørn Stubberud, sem gekk undir nafninu Necrobutcher, og trommaranum Kjetil Manheim. Stuttu síðar bættist söngvarinn Sven Erik Kristiansen, eða Maniac, í hópinn.

Alengt er að meðlimir svartmálshljómsveita gangi undir gælunöfnum frekar en sínum eigin, og eru þau oft einhvers konar visun í dauða eða ofbeldi.

Mayhem spilaði mjög þunga og drungalega rokktonlist þar sem textarnir fjölluðu flestir um morð, kirkjubrennur, djöflatrú og gróft ofbeldi. Sveitin naut fljótt vinsælda innan svartmálsmssennunar í Noregi sem var þá í fæðingu.

Fyrsta smáskífa Mayhem, *Deathcrush*, kom út árið 1987 og seldist upp. Tveir hljóm-sveitar meðlimir áttu þó eftir að deyja og sá þriðji fangelsaður áður en fyrsta plata sveitarinnar í fullri lengd kom út.

Dauðinn kemur

Ári eftir útgáfu fyrstu smáskífunnar urðu mannbreytingar í Mayhem. Manheim yfirgaf hljóm-sveitarlífið til að fá sér „alvöru vinnu“ og Maniac var lagður inn á geðdeild eftir misheppnaða sjálfsmorðstilraun. Í stað þeirra komu trommarinn Jan Axel Blomberg, eða Hellhammer, og söngvarinn Per Yngve Ohlin sem kallaði sig Dead.

Eins og gælunafnið gefur til kynna var Dead heltekinn af dauðanum og öllu sem honum tengdist. Hann var mjög þögull og þunglyndislegur, talaði um fátt annað en dauðann og málaði sig hvítan í framan til að líta út eins og líðið lík.

Sem dæmi um ást Dead á dauðanum átti hann það til að grafa fötin sín í jörðu nokkrum vikum fyrir tónleika, til þess að ná fram raunverulegri rotnunarlykt og útliti á sviðinu. Þar skar hann sig síðan oft með hnífum, glerbrotum og öðru lauslegu á meðan á tónleikum stóð. Svo langt gekk hann á einum tónleikum árið 1990 að hann var fluttur á slysadeild að tónleikunum loknum vegna blóðmissis.

Við hljóm-sveitar meðlimi ræddi Dead mikið um það hve mikið hann langaði til að yfirgefa þetta líf og taka dauðanum opnum örmum. Það kom því fáum á óvart



BLÓÐUG ÞRENNING Euronymous, Dead og Varg Vikernes stilla sér upp fyrir ljósmyndara. Áður en fyrsta breiðskífa sveitarinnar kom út hafði Dead (fyrir miðju) framið sjálfsmorð og Vikernes (til hægri) myrt Euronymous (til vinstri) með því að stinga hann tuttugu og þrisvar sinnum með hníf.

Afsakið allt blóðið

þegar hann fannst árið 1991 látinn á gólfinu í plötubúðinni Helvete, sem var í eigu Euronymous, með skurði á úlnliðum og skotsár á höfðinu eftir haglabysu.

Í sjálfsmorðsbréfi sem fannst við hliðina á honum stóð: „Afsakið allt blóðið.“

Viðbrögð Euronymous, sem kom fyrstur að líki Dead, voru ekki að hringja á lögreglu eða sjúkrabíl heldur keypti hann einnota myndavél í næstu verslun og tók myndir af líkinu. Þær voru síðan notaðar á umslag plötunnar *Dawn of the Black Hearts*, sem kom út sama ár. Sagan segir að hann hafi að auki safnað saman höfuðkúpabrotum Dead og búið til hálsmen úr þeim, en sá orðrómur hefur ekki verið staðfestur.

Vegna þess hve Dead var hugfanginn af dauðanum var hann ekki syrgður heldur dauði hans upp hafinn. „Þetta er það besta sem Dead hefur nokkru sinni gert“, sagði Euronymous stuttu eftir sjálfsmorðið, og átti með því við að honum hefði loksins tekist ætlunarverk sitt — að deyja.

Tuttugu og þrjár hnífsstungur

Dauði Dead fékk svo á Necrobut-

cher að hann hætti í Mayhem og upptökum á fyrstu plötu þeirra í fullri lengd, *De Mysteriis Dom Sathanas*, var frestað. Eftir nokkra leit fengu þeir hinn ungerska söngvara Attila Csihar til að syngja á plötunni, og í stað Necrobutcher kom bassaleikarinn Varg Vikernes.

Vikernes, sem var þekktur fyrir ofbeldishneigð og ófgakenndar skoðanir, hafði ekki verið lengi í hljóm-sveitinni þegar deilur upphófst milli hans og Euronymous. Þær snerust fyrst og fremst um peninga, en Euronymous hafði fengið um 300.000 krónur lánaðar hjá Vikernes vegna plötuútgáfu og neitað að greiða honum aftur. Mennirnir hnakkristu oft vegna þessa, og líkaði almennt illa hvor við annan.

Hinn 10. ágúst 1993 fór Vikernes heim til Euronymous í Ósló, ásamt félaganum Snorre Westvold, og stakk Euronymous tuttugu og þrisvar sinnum með hníf; tvisvar í höfuðið, fimm stungur í hálsinn og sextán í bakið. Að því loknu fór hann aftur til síns heima.

Nokkrum dögum síðar var Vikernes handtekinn og ákærður fyrir morðið á Euronymous. Hann

bar fyrir sig sjálfsvörn og sagði flest stungusárin hafa orðið þegar Euronymous datt á glerbrot. Dómurinn tók útskýringar Vikernes ekki trúanlegar og dæmdi hann til 21 árs fangelsisvistar. Hann situr í fangelsi í Tromsø í dag.

Trommarinn Hellhammer var nú eini eftirstandandi meðlimurinn í Mayhem, og lagði hljóm-sveitina niður stuttu eftir dauða Euronymous. Upptökum á fyrstu breiðskífu hljóm-sveitarinnar, *De Mysteriis Dom Sathanas*, var þá að mestu lokið og var hún formlega tileinkuð Euronymous, stofnanda hljóm-sveitarinnar.

Um tíma var óvíst hvort platan kæmi út því fjölskylda Euronymous beitti sér gegn því að bassaleikur Vikernes heyrðist á plötunni. Hellhammer fór ekki að beiðni þeirra og gaf plötuna út árið 1994 með óbreyttum bassa.

De Mysteriis Dom Sathanas, þar sem morðinginn og fórnarlambið spila saman, er ein allra frægasta svartmálmsplata sögunnar í dag.

Endurreisn Mayhem

Hin eiginlega Mayhem, oftast kölluð „The True Mayhem“ af

→ BROT ÚR TEXTUM

Hér eru nokkur textabrot úr tveimur lögum Mayhem á ensku. Eins og sjá má var sungið um fátt annað en dauða, ofbeldi og djöfulinn.

Deathcrush:

Demonic laughter your cremation
Your lungs gasp for air but are
filled with blood
A sudden crack as I crushed your
skull

The remind of your life flashes by
A life that soon won't be
Smiling with axe in my hand
Evil's rotten hand you'll see

I come forward
Deathcrush

Pure Fucking Armageddon:

Violent torture,
Death has arrived,
Armageddon,
Terror and fright,
Bleeding corpses,
Rotting decay

Anarchy,
Violent torture,
Antichrist,
Lucifer,
Son of satan

Pure Fucking Armageddon
Pure Fucking Armageddon!

aðdáendum, var dain og grafin í bókstaflegri merkingu. Þrátt fyrir það ákvað Hellhammer að endurreisa sveitina tveimur árum eftir dauða Euronymous, og fékk til liðs við sig gömlu félagana Maniac og Necrobutcher auk gítarleikarans Rune Erickson, kallaður Blasphemur.

Þessi skipan entist fram til ársins 2004, þegar Maniac var rekin úr hljóm-sveitinni og Attila Csihar var aftur ráðinn söngvari. Á þessu tímabili gaf hljóm-sveitin út tvær plötur í fullri lengd; *Grand Declaration of War* árið 2000 og *Chimera* árið 2004. Þær hlutu blendnar viðtökur; hljómurinn þótti hafa fjarlægst rætur Mayhem of mikið.

Í apríl á þessu ári kom út síðasta plata Mayhem til þessa, *Ordo ad Chao*. Hún fékk betri dóma en plöturnar tvær á undan, og komst í tólfsta sæti norska hljómplötulistans.

Sannir aðdáendur Mayhem hafa þó aldrei tekið þessar síðari útgáfur hljóm-sveitarinnar í sátt, enda vantar stofnandann Euronymous, kristnihatarann og morðingjann Varg Vikernes og síðast en ekki síst dauðadýrkandann Dead.

→ HIN EINA SANNA MAYHEM



Euronymous
(Øystein Aarseth)
Gítarleikari

Upphafsmaður Mayhem og aðaldrifkrafturinn. Spilaði óslitið með sveitinni frá stofnun 1984 til dauðadags 1993. Var myrtur af bassaleikaranum Varg Vikernes.



Dead (Per Yngve Ohlin)
Söngvari

Hugfanginn af dauðanum og öllu sem honum tengist. Spilaði með hljóm-sveitinni frá 1988 til dauðadags 1991. Skar sig á púls og skaut sig í höfuðið með haglabysu. Mynd af líki hans prýðir tónleikaplötuna *Dawn of the Black Hearts*.



Necrobutcher
(Jørn Stubberud)
Bassaleikari

Einn af stofnendum Mayhem ásamt Euronymous og Manheim. Lék með hljóm-sveitinni frá 1983 til 1991 þegar hann hætti vegna sjálfsmorðs Dead. Sneri aftur 1995 og spilar með sveitinni enn í dag.

Hellhammer (Jan Axel Blomberg) Trommari

Án efa rólyndasti maðurinn í Mayhem, og sá eini sem eftir stóð þegar hinir höfðu ýmist framið sjálfsmorð, verið myrtir eða fangelsaðir. Spilaði með hljóm-sveitinni frá 1988 þar til hún lagði upp laupana 1993. Endurreisti sveitina tveimur árum síðar og hefur spilað með henni til dagsins í dag.

Varg Vikernes (*) Bassaleikari

Ofbeldishneigður maður sem hataði kristna trú. Spilaði með Mayhem við upptökur á plötunni *De Mysteriis Dom Sathanas* árið 1993. Myrti gítarleikarann Euronymous sama ár og var dæmdur í 21 árs fangelsi.

(*) Almennt ekki talinn hluti af hinni einu sönnu Mayhem (The True Mayhem) en hafður með vegna mikilvægis síns í sögu hljóm-sveitarinnar.

Wii er komin
í allar verslanir

Skífunnar



Skifulán
í boði

iPod er kominn
í allar verslanir Skífunnar.

Mesta úrvalið af iPod fylgihlutum
og yfir 30.000 titlar af tónlist.

Skifulán
í boði



Á heima í Skífunni
á betra verði



Mannasiðir um jólin

Hátíðin nálgast og hver fer að verða síðastur til að læra mannsiðina sína fyrir hátíðina enda vill enginn vera skrill á jólu-um. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* tók saman ráð handa þeim sem vilja gera sérstaklega vel og haga sér eins og Von Trapp fjölskyldan myndi gera.

■ Æfðu jóladansana með börnun-um heima í stofu margar vikur fyrir jól. Láttu stúlkurnar vaggja brúðu og drengina sparka bolta létt og lipurt. Æfðu þig sjálf í að taka í nefið og hneigja þig. Eins og breskur lord. Þið munuð sóma ykkur vel á jólaböllum vinnustaða foreldra, kunnandi þessa dansa. Og textana líka. Hlýddu börnunum yfir. Hvernig er fjórða erindið í Bjart er yfir

Betlehem? Þeim sem tapar verður refsað.

■ Þú hótar ekki börnunum með jólasveininum. Það er ljótt að segja: „Annars færðu ekki í skóinn.“ Það er svo neyslulegt að segja það. Börnin eiga að haga sér vel og þú getur alið þau upp í gamaldags guðsótta. Hótaðu þeim frekar með ragnarökum eða heimsenda frekar en að ein-



JÓLIN NÁLGAST Vertu viss um að vera búinn að taka fjölskyldumeðlimi í gegn áður en hátíðin gengur í garð. Það er of seint að ætla að byrja að fara með lexiurnar þegar loksins er sest við borðið. Tími lexianna er núna.

hverjir perrar komi ekki til byggða. Segðu þeim frekar að Jesús elski ekki óþekkt börn frekar en að jólasveinninn gefi þeim ekki happabrennu.

■ Ágætt er að æfa fjölskylduna í messusíðum svo að það sé ekki augljóst að þið eruð í einu messunni sem þið farið í ár. Æfðu þau í að standa upp og setjast niður á réttum stöðum eins og þegar guðspjallið er lesið upp. Og algengum og hefðbundnum messusvörum. Tónaðu jafnvel með þeim ef þau eru lagviss. Annars skaltu biðja þau um að opna ekki munninn í messu.

■ Ef þú vilt heildarsvip á fjölskylduna skaltu kaupa þér góða rúllu af efni nú þegar kreppan er í aðsigi og ekki er sniðugt að vera að eyða peningum í Karnabæ eða hvað þessar búðir heita. Kaupu rúllu af líflegu efni í anda hátíðarinnar og saumaðu á skrillinn. Litla kjóla, lítill jakka-föt, hárbörða. Þú getur jafnvel klætt borðin í sama efni. Það verður fallett jólaboðið þegar Lilli, Heba og Hlér standa við jólaborðið og enginn veit hvar börnin byrja og borðið endar. Passaðu þig bara á kertunum. En því er ekki að neita að það er mjög tignarlegt að sjá barnahjörð standa í stærðarröð í alveg eins mynstri.

■ Borðið einn bita í einu með lokaðan munn og helst ekki tala meðan á aðalrétti stendur nema til að ræða jólin. Bannað að blóta og bannað að tala hátt. Talið í rölegum talanda og munið að appelsínugulur er litur græðginnar. Þú borðar meira á appelsínugulum dúk. Ef börnin eru átvögl skaltu setja ljóslílabláan dúk á borðið sem ku draga úr matarlyst. Hafðu þetta allt í huga. Nema þú viljir að börnin breytist í litla villigellti þegar þú berð heimalagaða sorbetið á borðið.

■ Fyrir þá sem vilja taka þetta alla leið getur þú gefið fólki í jólagjöf silfurplatta með nafni þínu og ártalinu þegar þú fæddist. Jafnvel hannað þitt eigið skjaldarmerki. Þú getur hætt að skrifa nafnið þitt undir í gesta-bækur í jólaboðum og skrifað bara upphafsstafi. Og skreytt með lítilli kórónu.

■ Vert er að hafa í huga að ætlir þú virkilega að haga þér eins og



Það verður fallett jólaboðið þegar Lilli, Heba og Hlér standa við jólaborðið og enginn veit hvar börnin byrja og borðið endar. Passaðu þig bara á kertunum. En því er ekki að neita að það er mjög tignarlegt að sjá barnahjörð standa í stærðarröð í alveg eins mynstri.

konungsborinn um hátíðina að þá notar konungsborið fólk ekki internet eða tölvur. Það situr með gamla bók í fanginu og les – allan daginn – og lætur aðra um rafrænar hliðar lífsins. Það sefur líka alltaf í náttfötum. Helst með náthúfu á kollinum.

■ „Aldrei – stundum – alltaf“. Gerðu þessa æfingu með börnunum. Þá byrjar þú á því að setja olnbog-ana á borðið og öskrar „aldrei!“ Svo setur þú framhandleggina á borðið og segir „stundum“, en „alltaf“ áttu að láta úlnliðinn nema við borðbrúnina þegar þú heldur á hnífapörnum. Láttu börn og maka æfa þetta.

■ Það vill enginn sitja í stórum sal og gúffa yfir hátíðirn- ar. Það er kristilegra að sitja

heima í stofu, segjandi gaman-sögur af misheppnuðum ættingjum og narta í mandarínubát heldur en að kjaga í kringum hlaðborðið í Perllunni og sporðrenna matarskömmtum sem myndu nægja heilu Afríku-þorpi. Gúff er úti.

■ Þú getur, ef þú vilt, látið rekja ættir þínar aftur þessi jól. Við erum öll skyld einhverjum Noregskonungi, fæddum 800 og eitthvað. Þú getur látið binda slíkt ættartré inn í leður. Með gullrönd á hverri blaðsíðu. Og gefið ríkisstjórninni og öðru fyrirfólki með mynd af þér á forsíðu.

■ Vert er að hafa í huga að yfir-stéttarfolk er ekki með nein trúáhúsgögn inni hjá sér. Húsgögnin þeirra heita ekki nöfnum eftir skordyrategundum eða einhverju rugli. Þau heita heiðarlegum húsgagnanöfnum eins og buff, kommóða og skenkur. Þú getur tekið heimilið í gegn og fært það upp í þann klassa fyrir hátíðina. Og skýrt herbergin í leiðinni: Verandi, kontor og kristalssalurinn.

■ Og að lokum. Þú ferð ekki jóla-boð nema mæta síðast – en samt rétt á eftir síðasta gesti. Það er fínt að rétta bara hægri hönd fram til að það séu meiri líkur á að einhver kyssi hana. Þú gætir reynt að vera alltaf í einhverju kóngabláu um jólin eða vera með eitthvað sem líkast skikkju – með hvítum renningi – án þess að vera eins og jólasveinn.



DESEMBER TILBOÐ

TIL SAFNKORTSHAFNA

x13

GPS Garmin Forerunner 305

Frábært æfingataeki. Forerunner æfingatölvan er hönnuð jafnt fyrir byrjendur og atvinnumenn. Tölvan fylgist stöðugt með pulsinum, hraðanum, vegalengdinni og kalóriubrennslnni.

16.990 kr.

Safnkortshafar borga aðeins auk 1.000 punkta

Punktur gilda þrettánfalt

Vr. 85060629 Fullt verð: 29.990 kr. Tilboðið gildir til 31.01.2008 eða á meðan birgðir endast.

x5

Philips Senseo kaffivél

Einstakt samspil milli Philips Senseo og Douwe Egberts kaffiframleiðandans tryggir fullkomið bragð og ilm. Kaffibollinn er tilbúinn á hálfri mínútu. Stillanlegur stútur. Mjög hljólát. Frábær jólagjöf fyrir alla kaffiunnendur.

5.500 kr.

Safnkortshafar borga aðeins auk 1.000 punkta

Punktur gilda fimmfalt

Vr. 85060597 Fullt verð: 10.500 kr. Tilboðið gildir til 31.01.2008 eða á meðan birgðir endast.

x10

Toppasett 200 stykki í hjólatösku

Toppar 1/4" 4-14 mm, toppar 1/2" 15-32 mm, fastir lykjar, sexkantar, tangir og bitar í góðri áltösku á hjólum. Samtals 200 stykki. Sniðug jólagjöf.

9.900 kr.

Safnkortshafar borga aðeins auk 1.000 punkta

Punktur gilda tífalt

Vr. 88013933 Fullt verð: 19.900 kr. Tilboðið gildir til 31.01.2008 eða á meðan birgðir endast.

x4

Remington BMW herrarakvél

Remington þriggja hausa rakvél með stálblöðum sem skila góðum rakstri. Sjálfstæð fjöðrun á hausum. Má skola undir vatni. Rafhlaða dugar í 45 mín. Bartskeri. Vélinni fylgir sérstakur snyrtir með batterí fyrir nef- og eyrnahár.

4.900 kr.

Safnkortshafar borga aðeins auk 1.000 punkta

Punktur gilda fjórfalt

Vr. 85060625 Fullt verð: 8.900 kr. Tilboðið gildir til 31.01.2008 eða á meðan birgðir endast.

x4

Remington hárbláasari

Kraftmikill 2000W Remington hárbláasari. 3 hitastillingar og 2 hraðastillingar. Upphengilykkja. Frábær hárbláasari í jólapakkann.

1.900 kr.

Safnkortshafar borga aðeins auk 1.000 punkta

Punktur gilda fjórfalt

Vr. 85060626 Fullt verð: 5.900 kr. Tilboðið gildir til 31.01.2008 eða á meðan birgðir endast.

x6

Stafrænn myndarammi Aiptek Picasso

Frábær myndarammi þar sem hægt er að skoða myndirnar úr tölvunni. Hægt er að láta myndirnar rúlla í gegn við tónlist. Ramminn er með USB/SD/MMC/MS PRO. Frábær jólagjöf.

13.900 kr.

Safnkortshafar borga aðeins auk 1.000 punkta

Punktur gilda sexfalt

Vr. 85060600 Fullt verð: 19.900 kr. Tilboðið gildir til 31.01.2008 eða á meðan birgðir endast.

Flairi frábær desembertilboð fást á þjónustustöðvum N1 og í verslun N1 Bíldshöfða 9. Allar nánari upplýsingar á www.n1.is

Safnkort

N1

BT

JÓLAGLEÐI Í BT SMÁRALIND

**ASTRÓPÍA
BÍÓMYNDIN**

**ASTRÓPÍA
FJÖLSKYLDUSPIL**

**BARA
Í BT**

Astrópía fjallar um samkvæmisstúlkuna Hildi, sem fer af illri nauðsyn að vinna í búð sem sérhæfir sig í hlutverkaleikjum og hasarblöðum. Fyrr en varir heillast hún af ævintýraheimi hlutverkaleikja, skilin milli hans og raunveruleikans verða óskýrari og ofurhetjan vaknar.

DVD

1.999

**Setjið ykkur
í stellingar!!**

5.999

HETJURNAR ÚR ASTRÓPÍU ÁRITA KL 15
Í BT SMÁRALIND Í DAG SUNNUDAG.
HÖFUNDUR SPILSINS KENNIR Á ÞAÐ.

**HARA SYSTUR
FLOTTAR Í BT**

HARA SYSTUR
SKEMMTA OG ÁRITA
Í BT SMÁRALIND
KL 16 Í DAG
SUNNUDAG.

1.499

Myndaðu eins og fagmaður. Borgaðu eins og leikmaður.

39.990 kr

INTERFIT EX150
HEIMASTÚÐIÓ



Taktu hágæða ljósmyndir heima í stofu, leiktu þér að ljósmyndun. Tilvalið fyrir eigendur SLR véla.

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

STUÐ MILLI STRÍÐA Stelpukraftur

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR RIFJÆÐI UPP GÖMUL KYNNI



Á árunum 1996 til 1998 hefði ég gert nánast hvað sem er til þess að sjá Spice Girls á tónleikum. Þær komu fram á tíma þar sem vinsælustu tónlistarmennirnir voru nánast allir karlmenn og þó ég hafi reynt að vera töffari og fílað Nirvana, Oasis og Blur voru Kryddpiurnar kærkomin tilbreyting.

Þetta voru töftratímar. Það skipti ekki máli hvort það væri tónlistin, bímyndin, bolir eða borðbúnaður - allt sem tengdist þeim var flott. Þær voru yfir alla gagnrýni hafnar og ég neitaði að trúa því að þær væru tímabundin tískubóla.

Svo kom sjokkið. Eins og aðrir

muna eftir því hvar þeir voru þegar Kennedy var skotinn, man ég hvar ég var þegar Geri hætti í Spice Girls. Þrátt fyrir að áfallið væri gífurlegt jafnaði maður sig fljótlega. Svo leið tíminn og tónlistarsmekkurinn þróaðist. Spice Girls féllu í gleymsku, fyrir utan að þær voru spilaðar í stelpupartíum með reglulegu millibili, með tilheyrandi nostalgíuköstum.

Í dag sé ég margt sem er gagnrýnivert við þær. Sumir textanna áttu kannski ekki erindi við ungar stelpur, ekki frekar en klæðnaðurinn á sumum þeirra. Ég stend þó í þeirri meiningu að þær hafi verið skömminni skárri en þær fyrirmyndir sem ungir krakkar hafa í tónlistarbransanum í dag. Aldrei

man ég eftir fréttum þar sem greint var frá fylleríum eða eiturfjallnotkun þeirra. Ég man heldur ekki til þess að einhver þeirra hafi nokkurn tímann „gleymt“ að fara í nærbuxur og það hafi náðst á mynd. Það sem situr eftir í mér er skilaboðin um stelpukraftinn, girl power. Og textarnir um vináttu, og að það skipti ekki máli hvernig þú lítur út heldur hvernig þér líður. Það eru skilaboð sem öllum börnum, stelpum og strákum, er hollt að fá.

Í vikunni hófu þær tónleikaferðalag á nýjan leik, allar fimm. Þegar ég sá myndbrot frá tónleikunum helltist þetta yfir mig aftur. Eftir næstum því tíu ára pásu er ég aftur komin í sömu spor. Mig langar á Spice Girls-tónleika.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




PEPSI
MAX



PEPSI MAX **SKÍFAN LIVE** UM **HELGINA**

Kringlan í dag



Kl. 14.00 Hjálmar
Ein vinsælasta hljómsveit landsins
leikur lög af nýútkominni plötu.



Kl. 16.00 Síðan Skein Sól
Flytur vel valda smelli af 20 ára
frábærum ferli. Áttu óskalag?

Lifandi tónlist og fjör í Skífunni alla helgina!

Allir gestir fá **Quality Street** konfekt og **Pepsi Max**.

Pú getur látið taka mynd af þér með tónlistarmönnum og fengið myndina prentaða og áritaða.

Pepsi Max og Skífan Live
allar helgar fram að jólum





ÁRBÆJARSAFN - ÍSLENSKIR JÓLASÍÐIR Á AÐVENTU

OPIÐ SUNNUDAGINN 2. DESEMBER OG
SUNNUDAGINN 9. DESEMBER FRÁ KL. 13 TIL 17.

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is




Minjasafn
Reykjavíkur



ÁRBÆJARSAFN

Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is



STEINAR BERG Með bókina sína sem spratt af örnefnum og andliti í kletti við Grímsá í Borgarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tröllamynd skapar nýja sögu

Steinar Berg Ísleifsson var í áratugi einn helsti hljómplótuútgefandi á Íslandi og hóf feril sinn með útgáfu Sumars á Sýrlandi. Fyrir fáum árum vatt hann sínu kvæði í kross og gerðist ferðabóndi í Borgarfirðinum. Þau hjónin, hann og Ingibjörg, keyptu bæinn Fossatún og settust þar að og hafa síðan gert umfangsmiklar breytingar á landi á bókum Grímsár. Áin og umhverfi hennar ollu því að Steinar settist niður og skrifaði litla sögu fyrir börn og fulloröna, Tröllasögu, sem hefur fengið góða dóma og er fánaleg bæði á ensku og íslensku með fallegum myndum eftir Brian Pilkington, sem Steinar kallar annan höfund verksins.

Hvað olli því að þú söðlaðir um og sóttir inn á vettvang sem þú hafðir aldrei verið orðaður við?

Það átti sér smá aðdraganda. „Ég hafði gælt við þá hugmynd að setja eitthvað niður á blað. Ég hafði alltaf haft gaman af að skrifa, en það varð aldrei nein alvara úr því, maður var að vasast í svo mörgu. Áður en þessi saga varð til hafði ég tekið smá tilhlaup og skrifað smávegis í formi sagna, en þessi saga kviknaði bara út frá umhverfinu þar sem ég var. Ég bý við fossa sem heita Tröllafossar og það skagar þar út í ána klettur sem er með tröllkonumynd og það kveikti hugmyndina að segja sögu þessarar tröllkonu sem er þar orðin að steini og er sáttt við það því hún brosir.“
Var þetta andlit sem enginn hafði tekið eftir?

„Nei, enginn veit hvernig nafngiftin að Tröllafossur er komin til. Þeir eru allt annað en tröllslegir, þetta eru fallegir smáfossar. Áin breiðir þarna úr sér og er mjög fal-

leg á stórum kafla. Ég leitaði að heimildum um nafnið og fann ekkert. Það eru hins vegar ofan við fossana Sýslumannsbrot og fylgir þeim sú saga að þar hafi tröllkona elt sýslumann og farið þarna yfir ána. Ég fór að velta fyrir mér hvort ekki væri hægt að búa til rými þarna fyrir sögu, sérstaklega vegna þess að hún er svo greinileg þessi tröllkona.“

Þú hefur ekkert veigrað þér við að sækja inn á ritvöllinn?

„Ég kem úr tónlistarbransanum og var þar innanbúðarmaður og veit að það er rammi utan um bókmenntirnar líka. Ég vogaði að banka upp á og taldi mig hafa erindi. Ég átti ekki von á að mér yrði boðið til stofu í fyrsta gang. Ég vona bar að mér verði þokkalega tekið en að sjálfsgöðu hafa menn fyrirvara á nýjum höfundum á þessum vettvangi. Ég er kominn á miðjan aldur og tek upp á að gera eitthvað sem ég hef ekki áður gert opinberlega.“

Nú er mikil vakning í Borgarfirði að veikja upp hinn forna söguheim héraðsins?

„Já, ég hafði tekið þátt í fjölda funda þar sem það var mikið rætt að nýta söguarfinn; efla menn til dáða til að lifga upp á svæðið til að draga að fleiri ferðamenn. Ég hef tekið þátt í því sem áheyrandi fyrst og fremst. Það hafði engin áhrif á að ég vildi skrifa þessa sögu. Ég gerði mér grein fyrir þegar ég var búinn að setja hana á blað að hún fellur alveg að þessari hugsun. Hún var í vinnu kölluð Tröllafossar og ég ákvað að setja inn í hana staðarheiti, örnefni úr nágrenni þeirra. Gunnuklauf við Varmalæk sem enginn veit hvers vegna heitir því nafni, hylurinn Viðbjóður í Grímsá tengist lauslegri sögu um að einhver hafi dáði þar. Þessum örnefnum flétta ég inn í söguna. Þekktari staðir koma líka við sögu.“

Ég ákvað að skrifa söguna í stíl þjóðsagna og leitaði þangað, notaði þaðan orðtök og reyndi að smíða ný orðtök í þessum stíl. Ég vildi nota orðfæri úr nútímanum en byggði samt sem áður á þessum stíl. Hvort þessi saga er barnabók eða ekki er seinni tíma markaðspæling sem er mjög skiljanleg, ég gerði mér grein fyrir að þetta væri ekki smábarnabók. En rétt eins og þjóðsögur fyrri tíma voru bæði fyrir börn og fulloröna gerði ég mér vonir um að fullorðnir hefðu gaman af að lesa þessa sögu fyrir börn. Jafnvel að sá lestur vekti spurningar hjá fullorðnum sem þeir þyrftu að svara börnunum.

Hvernig líður ykkur í Borgarfirðinum?

